


Starfsskýrsla 2017



| | |
|--|----|
| I MATVÆLASTOFNUN | 4 |
| 1. Um Matvælastofnun | 4 |
| 2. Rekstur og fjármál | 6 |
| 3. Starfsmenn | 7 |
| 4. Fræðsla | 8 |
| 5. Gæðastjórnun | 10 |
| 6. Löggjöf | 14 |
| 7. Alþjóðamál | 15 |
| II NEYTENDAVERND | 16 |
| 1. Um neytendavernd | 16 |
| 2. Skipulag eftirlits | 16 |
| 3. Leyfisveitingar | 17 |
| 4. Opinbert eftirlit með matvælum | 19 |
| 5. Sérstök eftirlitsverkefni | 26 |
| 6. Matarbornir sjúkdómar | 27 |
| III DÝRAHEILSA | 28 |
| 1. Um dýraheilsu | 28 |
| 2. Skipulag eftirlits | 28 |
| 3. Smitsjúkdómar | 30 |
| 4. Dýravelferð | 32 |
| 5. Opinbert eftirlit eftir dýrategundum | 34 |
| 6. Fóður | 48 |
| 7. Yfirkjötmát | 49 |
| 8. Lyfjamál | 50 |
| 9. Aukaafurðir dýra | 51 |
| IV INN- OG ÚTFLUTNINGUR | 52 |
| 1. Um inn- og útflutning | 52 |
| 2. Innflutningur matvæla | 53 |
| 3. Innflutningur dýra | 57 |
| 4. Innflutningur áburðar, fódurs og plantna | 60 |
| 5. Útflutningur matvæla | 62 |
| 6. Útflutningur dýra | 64 |
| 7. Útflutningur plantna | 65 |
| V SÚNUR | 66 |
| 1. Um súnur og súnivalda | 66 |
| 2. Salmonella | 66 |
| 3. Kampýlóbakter | 71 |
| 4. E. coli | 74 |
| 5. Listeria | 74 |
| 6. Q-hitasótt | 75 |
| 7. Eftirlit með súnuvöldum við innflutning | 75 |
| 8. Faraldsfræðilegar greiningar | 75 |
| 9. Sýklalyfjaónæmi | 75 |
| VI BÚNAÐARMÁL | 76 |
| 1. Um búnaðarmál | 76 |
| 2. Sauðfjárrækt | 77 |
| 3. Nautgriparrækt | 79 |
| 4. Garðyrkja | 81 |
| 5. Samningur um almenn starfsskilyrði í landbúnaði | 81 |
| 6. Hagtölur landbúnaðarins og annað efni | 82 |
| VII VIÐAUKI | 86 |
| 1. Starfsmannalisti | 86 |
| 2. Lagabreytingar | 87 |
| 3. Vöktun efnaleifa | 91 |
| 4. Niðurstöður kjötmats | 92 |
| 5. Fræinnsflutningur | 97 |

Áratugur breytinga og þróunar málaflokka

Matvælastofnun fagnar tíu ára starfsafmæli á árinu 2018. Stofnunin hóf störf 1. janúar 2008 með sameiningu Landbúnaðarstofnunar og matvælasviða Umhverfisstofnunar og Fiskistofu. Frá stofnun hafa orðið miklar og tíðar breytingar á starfseminni, ný verkefni komið til og löggjöf og verklag í eftirliti og stjórnsýslu þróast hratt. Umfangsmestu breytingarnar tengjast innleiðingu nýrrar matvælalöggjafar sem tók gildi 2010 og innleiðingu nýrrar löggjafar um dýravelferð sem tók gildi 2014. Aðrir málaflokkar hafa bæst við á síðustu árum og má þar nefna stjórnsýslu og eftirlit vegna fiskeldis og framkvæmd búvörusamninga. Þá hefur verið ráðist í breytingar á skipan eftirlits og aðgreiningu þess og almennrar dýralæknþjónustu.

Matvælaöryggi



Með breyttum matvælalögum tók Matvælastofnun yfir eftirlit með framleiðslu búfjárafurða, sem áður var hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Þetta á sem dæmi við um kjötvinnslur og mjólkurbú. Ári síðar eða 2011 tók stofnunin síðan yfir eftirlit með framleiðslu sjávarafurða, sem hafði um árabil verið í höndum sjálfstætt starfandi skoðunarstofa. Þar með fór Matvælastofnun með allt eftirlit með framleiðslu dýraafurða hér á landi, allt frá frumframleiðslu og þar til vörur eru settar á markað. Stofnunin fer einnig með eftirlit með inn- og útflutningi dýraafurða og vinnur að opnun markaða fyrir þessar vörur í öðrum ríkjum. Með nýrri skipan og breyttri löggjöf eru íslenskar búfjárafurðir nú í frjálsu flæði á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), eins og átt hafði við um sjávarafurðir til margra ára. Það auðveldar alla markaðssetningu og viðskipti með matvæli innan EES. Með störfum sínum á Matvælastofnun því þátt í þeirri verðmætasköpun sem felst í framleiðslu íslenskra matvæla með gæði og öryggi þeirra að leiðarljósi.

Dýraheilsa

Viðhorf almennings til velferðar dýra hefur þróast hratt með aukinni umræðu í samfélaginu og bættum úrræðum og meiri virkni stjórnvalda á grundvelli nýrrar löggjafar. Matvælastofnun tók yfir ábyrgð á löggjöf um dýravæmd árið 2013, en áður hafði Umhverfisstofnun farið með þau mál. Ári síðar tóku gildi ný lög um velferð dýra og búfjareftirlit var flutt frá sveitarfélögum til Matvælastofnunar. Opinbert eftirlit með dýrahaldi var þar með sameinað á einum stað. Samhliða fór fram heildarendurskoðun á reglum um dýravelferð og skipan eftirlits, bæði með búfé í frumframleiðslu og gæludýrum. Það er skoðun Matvælastofnunar, að á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því breytingar voru gerðar á löggjöf og eftirliti með velferð dýra og ný úrræði komu til, þá hafi orðið almenn viðhorfsbreyting í samfélaginu, sem bæði nær til dýraeigenda og annarra sem vilja að velferð dýra sé tryggð eins og best er á kosið. Þessu þarf að fylgja eftir og styrkja enn frekar bæði opinbert eftirlit og fræðslu um góðan aðbúnað og velferð dýra og gildir þá einu hvort um er að ræða gæludýr eða dýr sem ræktuð eru til framleiðslu matvæla eða annarra afurða.

Fiskeldi og búvörur

Mikilvægt er að ná fram sátt í íslensku samfélagi um fiskeldi, en mikið hefur verið deilt um sjókvíaldri við strendur landsins. Matvælastofnun tók árið 2015 yfir útgáfu rekstrarleyfa í fiskeldi og eftirlit með þeim, en Fiskistofa hafði áður sinnt þessum verkefnum. Samhliða þessu hefur Matvælastofnun einnig annast eftirlitsverkefni fyrir Umhverfisstofnun vegna fiskeldis og annast eftirlit með fisksjúkdómum til margra ára. Stjórnvöld vinna nú að stefnumótun og endurskoðun löggjafar og eftirlits á þessu sviði og hefur Matvælastofnun væntingar um að bæði stjórnsýsla og opinbert eftirlit með fiskeldi verði styrkt. Árið 2016 tók Matvælastofnun síðan yfir verkefni Búnaðarstofu Bændasamtaka Íslands, sem vinnur við framkvæmd búvörusamninga og önnur verkefni. Þar er um að ræða starfsemi sem fellur vel að öðrum verkefnum stofnunarinnar við eftirlit með heilbrigði og velferð búfjár, skráningu þess, merkingu, rekjanleika, gæðastjórnun og góðum búskaparháttum í landbúnaði á Íslandi.

Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar

Útgefandi

Matvælastofnun

Efni

Starfsfólk Matvælastofnunar

Ritstjórn, hönnun og umbrot

Hjalte Andrasen

Prentun

Samskipti ehf.

1. Um Matvælastofnun

Matvælastofnun starfar undir yfirstjórn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem sett hefur reglugerð nr. 1/2008 um skipulag og starfsemi MAST. Aðalskrifstofa er á Selfossi, en stofnunin rekur einnig umdæmisstofur víðs vegar um landið og Markaðsstofu vegna inn- og útflutningsmála í Reykjavík, auk landamærastöðva vegna innflutnings dýraafurða frá ríkjum utan EES. Þá er Búnaðarstofa staðsett í Reykjavík og annast m.a. verkefni tengd búvörusamningum.

1.1. Hlutverk og framtíðarsýn

Við verndum heilsu manna, dýra og plantna og aukum þannig velferð og verðmætasköpun í þágu þjóðarinnar.

1.2. Verkefni

Matvælastofnun vinnur að matvælalöggjöf í samvinnu við ráðuneytið og á þetta við um löggjöf í öllu framleiðsluferli matvæla, þ.e. frá frumframleiðslu og heilbrigði og velferð dýra, til heilnæmis búfjár- og sjávarafurða, plöntuheilbrigðis, fódurs og vinnslu og dreifingar þar til matur er borinn á borð neytenda. Stofnunin fer með eftirlit með frumframleiðslu búfjárafurða, sláturhúsum, kjötvinnslum, mjólkurbúum og eggjaframleiðslu, eftirlit með sjávarafurðum og allt inn- og útflutningseftirlit með matvælum. Matvælastofnun fer einnig með yfirumsjón með matvælaeftirliti á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlit með störfum dýralækna sem veita almenna dýralæknaþjónustu og öðrum sem sinna heilbrigðisþjónustu við dýr. Einnig fer stofnunin með fódureftirlit og önnur verkefni eins og sjá má á eftirfarandi lista yfir helstu verkefni MAST:



Aðalskrifstofa MAST er á Selfossi

- Matvælalöggjöf og matvælaeftirlit
- Neytendavernd og fræðslumál
- Heilbrigði og velferð dýra
- Plöntuheilbrigði og sáðvara
- Fóður og áburður
- Sóttvarnir og viðbragðsáætlanir
- Kjötmat og fiskeldi
- Inn- og útflutningseftirlit, rekstur landamærastöðva
- Búnaðarmál: Stuðningsgreiðslur, gæðastýring og hagtölur landbúnaðarins
- Yfirumsjón og eftirlit: Heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisþjónusta við dýr
- Stjórnsýsluverkefni: Lögfræði, alþjóðamál, samræming og úttektir

1.3. Gildi


Matvælastofnun hefur sett sér eftirfarandi gildi sem starfsmönnum stofnunarinnar ber að hafa að leiðarljósi í störfum sínum:

- **Fagmennska:** Við vinnum sem ein liðsheild, nýtum bestu þekkingu starfsmanna og störfum með faglegum og samræmdum hætti
- **Gagnsæi:** Við stundum opna stjórnsýslu, virka upplýsingagjöf og veitum almenningi og viðskiptavinum aðgang að gögnum með rétt þeirra að leiðarljósi
- **Traust:** Við sýnum viðskiptavinum og samstarfsfólki virðingu, gætum hlutleysis í störfum og rökstyðjum ákvarðanir okkar

1.5. Stjórnskipulag og störf

Í innra skipulagi er verkefnum skipt milli tveggja meginfagsviða, sem eru annars vegar *Dýraheilsa* og hins vegar *Neytendavernd*. Síðan eru stoðsvið fyrir *Samhæfingu* og *Rekstur*. Gæðamál heyra undir *Samhæfingu* og þá rekur stofnunin *Markaðsstofu* sem annast m.a. inn- og útflutningsmál, *Búnaðarstofu* sem annast stuðningsgreiðslur til bænda, hagtölur og önnur búnaðarmál og sex *Umdæmisstofur*. Starfsmenn eru um 90 en ársverk heldur fleiri vegna tímabundinna ráðninga og þar sem stofnunin er einnig með verksamninga við aðra aðila. Afla má frekari upplýsinga eða koma með fyrirspurnir á netfangið mast@mast.is.

Mynd 1.1.1: Skipulag Matvælastofnunar



SVIÐ: Dýraheilsa, Neytendavernd, Rekstur og Samhæfing
STOFUR: Sex Umdæmisstofur, auk Búnaðar- og Markaðsstofu

Starfsfólk Matvælastofnunar hefur menntun á ýmsum sérsviðum. Við umdæmisstofur starfa héraðsdýralæknar, eftirlitsdýralæknar og dýraeftirlitsmenn og á aðalskrifstofu starfa sérgreinadýralæknar að verkefnum sem tengjast heilbrigði og velferð dýra. Matvælafræðingar og næringarfræðingar starfa við matvælaöryggi og neytendamál og einnig stjórnsýslu í samvinnu við lögfræðinga stofnunarinnar. Þá hefur Matvælastofnun starfsfólk með sérmenntun á sviði plöntuheilbrigðis, sáðvara, fódurmála, lyfjamála, fiskeldis, kjötmats og áburðareftirlits. Á komandi árum má síðan gera ráð fyrir að stofnunin hafi aukna þörf fyrir sérmenntað starfsfólk á framangreindum sviðum því að verkefnum Matvælastofnunar fjölgar í takt við auknar kröfur sem gerðar eru á sviði dýra- og plöntuheilbrigðis og sívaxandi áherslu sem lögð er á dýravelferð, fiskeldi, matvælaöryggi og neytendavernd.

1.6. Frá heilbrigði til hollustu

Vígörð Matvælastofnunar er „Frá heilbrigði til hollustu“. Vísar það til þess að stofnunin fer með löggjöf og eftirlit sem varðar heilbrigði plantna, heilbrigði og velferð dýra og síðan matvælaöryggi, ýmist með eigin starfsemi eða með eftirliti með heilbrigðisþjónustu við dýr eða samstarfi og samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlitið fer með víðtækt eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla undir yfirumsjón Matvælastofnunar. Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru tíu og um allt land og þar eru samtals um 20 ársverk í matvælaeftirliti.

2. Rekstur og fjármál


Rekstur MAST gekk vel á árinu þrátt fyrir aukinn launakostnað og áframhaldandi hagræðingu. Hagnaður ársins var 70,9 mkr og er það viðsnúningur frá fyrra ári þegar tap af starfsemi nam um 9,9 mkr. Munar þar mest um hagræðingu í rekstri undanfarið auk lægri útgjalda á tímabilinu en áætlað hafði verið, t.d. í erlendar ferðir, hugbúnaðargerð, rannsóknarkostnað o.fl. Uppsafnaður höfuðstóll stofnunarinnar er 105,9 mkr eftir árið en stofnunin mun þurfa að ganga á hann á næstu árum þegar t.d. fjárfrek hugbúnaðarverkefni komast á betra skrið. Framlag ríkisins jókst úr 1.118,8 mkr árið 2016 í 1.256 mkr árið 2017 auk þess sem tekjur jukust lítillega en þar munaði mestu um sértekjur vegna fjármögnunar verkefna sem ekki náðust inn á fjárlög.

2.1. Rekstrarreikningur

Tafla I.2.1: Rekstrarreikningur árið 2017

| Matvælastofnun | 2017 | 2016 |
|--------------------------------|----------------------|----------------------|
| Tekjur | | |
| Sértekjur | 54.802.138 | 34.648.738 |
| Aðrar rekstrartekjur | 372.088.782 | 368.740.047 |
| Framlög ríkisins | 1.256.036.455 | 1.118.800.000 |
| | <u>1.682.927.375</u> | <u>1.522.188.785</u> |
| Gjöld | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.130.784.199 | 1.039.151.887 |
| Ferðir og fundir | 59.864.715 | 71.897.787 |
| Rekstrarvörur | 23.965.234 | 26.529.126 |
| Aðkeypt þjónusta | 242.951.461 | 261.426.724 |
| Húsnæði | 110.640.924 | 107.895.760 |
| Bifreiðar og vélar | 16.273.058 | 16.575.523 |
| Rekstrarkostnaður | 1.859.857 | 3.159.780 |
| Tilfærslur | 125.036 | 140.820 |
| Afskriftir | 28.572.999 | 7.241.833 |
| | <u>1.615.037.483</u> | <u>1.534.019.240</u> |
| Afkoma/tap fyrir fjármagnsliði | 67.889.892 | -11.830.455 |
| Fjármagnsliðir | | |
| Vaxtatekjur | 3.397.131 | 2.519.766 |
| Vaxtagjöld | -364.071 | -581.588 |
| | <u>3.033.060</u> | <u>1.938.178</u> |
| Afkoma ársins | <u>70.922.952</u> | <u>-9.892.277</u> |
| Höfuðstóll í lok árs | 105.905.314 | 34.982.362 |

Mynd I.2.1: Skipting kostnaðar árið 2017



Af gjöldum stofnunarinnar er það launakostnaður sem vegur þyngst eða 70% og jókst hlutfallið úr 68% árið 2016. Þar á eftir kemur aðkeypt þjónusta með 15% en þar undir falla m.a. þjónustusamningar vegna dýralæknaþjónustu í dreifðari byggðum, rannsóknir, hugbúnaðarvinna o.fl. Húsnæðiskostnaður var þriðji stærsti liðurinn með tæplega 7% af heildar útgjöldum.

Þess má geta að flokkun tekna og gjalda í rekstrarreikningnum hér að ofan er örlítið frábrugðin flokkun í birtum ársreikningi stofnunarinnar en þrátt fyrir það er niðurstaða ársins sú sama enda aðeins breyting á milli innri flokka.

Tafla I.2.2: Stuðningur við bændur 2017

| Stuðningur við bændur | mkr |
|--------------------------------------|--------------|
| Dýralæknar - Bakvaktir | 151,6 |
| Dýralæknaþjónusta í dreifðum byggðum | 81,9 |
| Akstursjöfnunargjald | 17,2 |
| Samtals | 250,7 |

Matvælastofnun sinnir greiðsluþjónustu til sjálfstætt starfandi dýralækna vegna þjónustu við bændur og námu greiðslur árið 2017 alls 250,7 mkr og hækkuðu þær um 20,7 mkr frá fyrra ári. Er þessi greiðsluþjónusta rúmlega 20% af framlagi ríkisins til Matvælastofnunar og skiptist þetta í þrennt; dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum til að tryggja bændum aðgang að dýralækni, bakvaktarþjónustu dýralækna og akstursjöfnunargjald vegna ferða dýralækna. Sjá má skiptingu milli þessara þátta í meðfylgjandi töflu.

Með reglugerð nr. 846/2011 um dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum er ætlað að tryggja dýraeigendum nauðsynlega almenna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu við dýr á landsvæðum þar sem fjöldi dýra er takmarkaður og/eða verkefni dýralækna eru af skornum skammti. Stuðningur þessi nær til alls tíu þjónustusvæða og var heildarkostnaður tæplega 82 mkr árið 2017.

Bakvaktir sjálfstætt starfandi dýralækna skiptast í 13 vaktsvæði og eru skipulagðar af héraðsdýralæknum skv. lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Greitt var fyrir 84.489 kist árið 2017 og nam upphæðin tæplega 152 mkr.


Markmiðið með greiðslum á ferða- og aksturskostnaði vegna vitjana dýralækna er að jafna kostnað bænda vegna sjúkraitjana dýralækna og er miðað við að greiðslur dekki kostnað umfram 80 km í hverri vitjun. Námu þessar greiðslur rúmlega 17 mkr árið 2017.

3. Starfsmenn


Á árinu 2017 var nokkur hreyfing á starfsfólki Matvælastofnunar og nokkuð um nýráðningar. Um flestar stöður sem auglýstar hafa verið hjá stofnuninni hefur fjöldi hæfra einstaklinga sótt, en erfðast hefur reynst að manna stöður eftirlitsdýralækna. Fastir liðir á hverju ári eru ráðningar dýralækna til starfa við eftirlit og kjötskoðun við haustslátrun sauðfjár. Erlendu dýralæknarnir voru að þessu sinni af ýmsu þjóðerni, flestir komu frá Spáni, eða fimm talsins, fjórir komu frá Póllandi, Slóvakíu og Tékklandi, einn frá Serbíu, Portúgal og Slóveníu.

Aukin áhersla var lögð á símenntun á árinu. Fjöldi stuttra fræðsluerinda af margvíslegu tagi hefur verið haldinn vikulega og má þar nefna erindi tengd tölvu- og tæknimálum, nýjum úttektum, kerfum og öðrum verkefnum er varða innra starf Matvælastofnunar. Allir stjórnendur sátu námskeið um stjórnun og teymisvinnu í september og október og í kjölfarið var ákveðið að öllum starfsmönnum yrði boðið að taka þátt í námskeiði um teymisvinnu o.fl. Markmiðið er að bæta starfsaðstæður, tryggja að þekking haldist stöðug innan stofnunarinnar, nýta vinnutímamann betur og auka þekkingu starfsmanna. Nokkur fjöldi starfsmanna hefur að venju setið BTSF námskeið sem haldin eru á vegum ESB og snúast um aukið matvælaöryggi, auk þess sem einstaka starfsmenn hafa sótt önnur námskeið sem tengjast sérstaklega þeirra störfum. Nýliðafræðsla er orðin vel mótuð innan stofnunarinnar, en sífellt er unnið að umbótum á henni til að tryggja auðvelda innkomu nýrra starfsmanna í störf hjá stofnuninni.

Mynd I.3.2: Aldursdreifing starfsmanna




Mynd I.3.1: Kynjahlutfall starfsmanna



Í upphafi árs voru starfsmenn 93 talsins í 89,1 stöðugildum og í árslok 92 talsins í 89,3 stöðugildum. Í heild voru unnin 90,79 ársverk hjá stofnuninni samanborið við 87,6 árið áður. Starfsmannavelta var tæp 11%. Háskólamenntuðum starfsmönnum fækkar aðeins milli ára. Þeir voru í árslok 2017 87% af heildarstarfsmannafjölda en voru 90% árið áður. Kynjahlutföll voru í árslok þannig að konur eru nú 54,3% starfsmanna og karlar 45,7%. Meðalaldur starfsmanna er 48,6 ár og er nánast óbreyttur frá síðasta ári.

Mynd I.3.3: Dreifing starfsmanna milli sviða og skrifstofa*



* Forstjóri er hér flokkaður undir rekstrarsviði

4. Fræðsla


Matvælastofnun leggur kapp á að upplýsa neytendur um rétt þeirra til upplýsinga um þau matvæli sem þeir neyta, rétta meðhöndlun matvæla og þær hættur sem af þeim kunna að stafa. Stofnunin veitir jafnframt dýraræktendum og -eigendum upplýsingar um dýrasjúkdóma og dýravelferð. Þá veitir Matvælastofnun jafnframt framleiðendum matvæla, fódurs, áburðar og plantna leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti og öflugt innra eftirlit með það að markmiði að tryggja heilnæmi afurða. Hjá Matvælastofnun geta einnig innflytjendur, útflytjendur og dreifingaraðilar matvæla, dýra, dýraafurða, fódurs, áburðar, plantna og landbúnaðartækja fengið upplýsingar um þær reglur sem gilda um flutninginn.

Upplýsingum er miðlað til markhópa með ýmsum leiðum, t.a.m. með fréttaflutningi og fræðslupistlum á vefsíðu stofnunarinnar, útgáfu á bæklingum, límmiðum og veggspjöldum, námskeiðum, greinaskrifum í prentmiðlum og fræðsluviðburðum.

4.1. Vefsíða

Fjöldi vikulegra heimsóknar einstakra notenda (GA „Users“) á vef Matvælastofnunar jókst úr 2.085 árið 2016 í 2.586 árið 2017 eða um 24%. Meðalfjöldi flettinga (GA „Pageviews“) á vef Matvælastofnunar á mánuði jókst úr 36.936 í 41.482 milli ára eða um 12%. Aðsókn í vefinn hefur aukist með hverju ári frá því að Matvælastofnun hóf starfsemi 1. janúar 2008 að undanskildu árinu 2014 þegar hún stóð í stað. Fréttaflutningur jókst úr 143 í 178 fréttir á ári milli ára (atvinnuauklýsingar ekki taldar með).

Mynd I.4.1: Aðsókn í vef Matvælastofnunar og fjöldi birtra fréttar á ári á mast.is



* Þá Landbúnaðarstofnun ** Atvinnuauklýsingar ekki teknar með

Tafla I.4.1: Mest skoðuðu síður á forsiðu mast.is og mest skoðuðu fréttir á vef MAST á árinu 2017 (GA „Pageviews“)

| Sæti | Vefsíða | Fjöldi flettinga (%) | Sæti | Frétt | Fjöldi flettinga (%) |
|------|------------------------|----------------------|------|--|----------------------|
| 1. | Matvælastofnun | 14.116 (2,8%) | 1. | Notum Sous vide á ábyrgan hátt* | 6.501 (1,31%) |
| 2. | Starfsfólk | 12.263 (2,5%) | 2. | Leiðréttingar v. umfjöllunar um aflifun hrossa | 1.916 (0,38%) |
| 3. | Leit | 11.769 (2,36%) | 3. | Dreifing mjólkur stöðvuð | 1.436 (0,29%) |
| 4. | Matvæli | 10.740 (2,16%) | 4. | Nýtt tilfelli af brúna hundamítlinum | 1.165 (0,23%) |
| 5. | English | 9.765 (1,96%) | 5. | Bakteríusýking olli faraldri smitandi hósta í... | 891 (0,18%) |
| 6. | Eyðublöð* | 9.257 (1,86%) | 6. | Hnerrapest í hundum og köttum | 874 (0,18%) |
| 7. | Import of live animals | 8.825 (1,77%) | 7. | Velferð í göngum og réttum | 819 (0,16%) |
| 8. | Inn- og útflutningur | 8.296 (1,67%) | 8. | Listeria í sveppum | 770 (0,15%) |
| 9. | Lög og reglur | 7.815 (1,57%) | 9. | Vörslusvipting á hundi vegna vanhírðu | 766 (0,15%) |
| 10. | Dýraheilbrigði | 6.901 (1,39%) | 10. | Nautgripir teknir úr vörslu eiganda | 683 (0,14%) |

*Mínar síður voru ekki með í vefmælingum 2017 og er hér eingöngu átt við eyðublöð utan rafrænnar þjónustugáttar MAST

**Með 6.501 flettingu varð Notum Sous vide á ábyrgan hátt langmest lesna frétt á vef Matvælastofnunar frá upphafi

4.2. Samfélagsmiðlar

Matvælastofnun tók í notkun tvær fésbókarsíður á árinu:

- **Neytendavakt Matvælastofnunar** fór í loftið 31. maí. Tilgangur síðunnar er að miðla hagnýtum upplýsingum um öryggi matvæla, hættur og innkallanir, meðferð matvæla, vörusvik, merkingar og rétt neytenda til upplýsinga. Á síðunni geta neytendur einnig lagt sitt af mörkum í þágu matvælaöryggis með því að tilkynna um vanmerkt eða varasöm matvæli á markaði til Matvælastofnunar í gegnum ábendingakerfi stofnunarinnar. www.facebook.com/neytendavakt/
- **Dýravakt Matvælastofnunar** fór í loftið 24. ágúst. Tilgangur síðunnar er að skapa gagnvirkan vettvang til að miðla upplýsingum um heilbrigði og velferð dýra milli Matvælastofnunar, dýraeigenda og almennings, annars vegar með upplýsingagjöf frá stofnuninni til dýraeigenda um dýravelferðarmál og hins vegar með upplýsingagjöf frá almenningi til Matvælastofnunar þegar grunur leikur á illri meðferð á dýrum. www.facebook.com/dyravakt/

4.3. Útgáfa

Matvælastofnun gaf út bæklinginn, Fræðsluefni um EUROP-nautakjötsmat, á árinu vegna upptöku nýs kjötmats 1. júlí 2017. Í bæklingnum er farið yfir helstu þætti kjötmatsins og sýndar myndir af helstu holdfyllingar- og fituflokkum.

4.4. Fjölmiðlar

Matvælastofnun var í 61. sæti á lista CreditInfo yfir algengustu fyrirtækin í umfjöllun fjölmiðla með 1.183 fréttir í fjölmiðlum árið 2017. Innan atvinnugreinarinnar var Matvælastofnun í 3. sæti á eftir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Vegagerðinni. Mest var fjallað um Matvælastofnun á mbl.is og ruv.is með 20% hlutdeild umfjöllunar hvor miðillinn fyrir sig. Þar næst kom visir.is með 16% og bbl.is með 14%.

Fiskeldi og dýravelferð fengu mestu umfjöllun í fjölmiðlum á árinu. Helstu fjölmiðlamál voru kærur til lögreglu í janúar vegna útburðar hvolpa og gruns um kynferðislega misnotkun á hrossum í hesthúsi á höfuðborgarsvæðinu, sláturbann og förgun nautgripa vegna aðgangs að kjötmjöli, slyaslepping regnbogasilungs á Vestfjörðum og fiskeldi almennt, gjaldprot Brúneggja, aukið viðbúnaðarstig vegna fuglflensu, vörslusviptingar búfjár og gæludýra, misþyrming ferðamanna á lambi í Breiðdal, skjalafals matvælafyrirtækis, dreifingarbann á mjólkurbyli eftir að eftirlitsmanni var meinaður aðgangur, matarsýkingar í Háaleitisskóla í Reykjavík og Hörðuvallaskóla í Kópavogi, útbreidd matarsýking ungmenna í skátabúðum við Úlfjótssvatn, nýjar veirusýkingar í gúrku- og tómatarækt, bíslsly þegar flutningabíll valt með sláturgrisum innanborðs, hnerrapest í hundum og köttum og sýklalyfjaónæmi.

Mikil umræða átti sér stað á Fésbók í ágúst 2017 vegna aflifunar graðhesta í Hörgársveit og jókst umræðan enn frekar eftir forsiðubirtingu í Fréttablaðinu. Fréttaflutningurinn byggði á rangtúlkun á ljósmyndum af ummerkjum á staðnum eftir aflifunina og tók við mikil vinna við að koma réttum upplýsingum á framfæri um framkvæmdina.

Vinna við afgreiðslu fyrirspurna fjölmiðla og umsókna um aðgang að gögnum hefur aukist verulega á undanförunum árum.

Matvælastofnun hélt áfram samstarfi við Bændablaðið um regluleg greinaskrif í blaðinu með það að markmiði að bæta upplýsingagjöf um málefni stofnunarinnar til bænda. Birtar voru 7 greinar í blaðinu á árinu og eru þær aðgengilegar á vef stofnunarinnar undir *Útgáfa*.

4.5. Fundir og ráðstefnur

Í janúar var haldinn fræðslufundur með búfjáreigendum í Vestmannaeyjum og málþing um riðuveiki í sauðfé í Varmahlíð.

Matvælastofnun hélt opna fundi um eftirlitskerfi stofnunarinnar í Reykjavík á Akureyri í mars. Fundirnir voru ætlaðir matvælaframleiðendum sem stofnunin hefur eftirlit með, bændum sem og fyrirtækjum, til að fara yfir framkvæmd eftirlits, eftirfylgni og birtingu niðurstaðna úr eftirliti.

Matvælastofnun og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) boðuðu til ráðstefnu um baráttuna gegn sýklalyfjaónæmi 15. maí 2017 í fyrirlestrarsal Íslenskrar erfðagreiningar að Sturlugötu 8 í Reykjavík. Tilfnið var fyrsta heimsókn Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) til Íslands með forstjórnann, Bernhard Url, í broddi fylkingar.

5. Gæðastjórnun

5.1. Gæðahandbók

Auk margvíslegra laga, reglna og annarra stjórnvaldsákvæðana vinnur Matvælastofnun eftir innra gæðakerfi sem byggir á alþjóðlega gæðastjórnunarkerfinu ISO 9001. Gæðahandbók er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar og vinna við hana er viðvarandi. Alls eru 265 skjöl útgefin í gæðahandbókinni en almennur gildistími þeirra er 36 mánuðir.

5.2. Innri úttektir

Á árinu 2016 staðfesti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið tillögu Matvælastofnunar að innra úttektarkerfi á opinberu eftirliti með matvælum, fóðri, heilbrigði og velferð dýra. Fyrstu innri úttektir á grundvelli nýja kerfisins voru framkvæmdar haustið 2016 eða 5 talsins. Árið 2017 voru 9 úttektir áætlaðar. Af þeim voru 7 framkvæmdar á árinu, ein framkvæmd í byrjun janúar 2018 og hætt var við eina úttekt á grundvelli áhættumiðaðs mats.

Tafla 1.5.1: Innri úttektir samkvæmt úttektaáætlun 2017

| Úttektarefni | Úttektarþegi | Framkvæmd úttekta |
|--|--|-------------------------|
| Sýnatökur og rannsóknir – Eftirlit með salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla | Matvælastofnun | Október 2017 |
| Sýnatökur og rannsóknir – Eftirlit með salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla | Matis ohf. | Nóvember 2017 |
| Sýnatökur og rannsóknir – Eftirlit með salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla | Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra | Nóvember 2017 |
| Sýnatökur og rannsóknir – Eftirlit með salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla | Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis | Janúar 2018 |
| Verklag við dýraeftirlit – Sauðfé í frumframleiðslu | Matvælastofnun | Maí 2017 |
| Verklag við fóðureftirlit – Skráning á fóðri | Matvælastofnun | Júní 2017 |
| Reglubundið eftirlit með eggjapökkun og dreifingu eggja | Matvælastofnun | Október - nóvember 2017 |
| Reglubundið eftirlit með eggjapökkun og dreifingu eggja | Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur | Desember 2017 |
| Verklag við ABP eftirlit - Fiskimjöl | Matvælastofnun | Hætt við úttekt |

Úttektir á árinu 2016 og 2017 eru hluti af tilraunafasa sem nauðsynlegt er til að móta rétt vinnubrögð og verklag. Úttektarkerfið tekur til alls opinbers eftirlits með matvælum, fóðri, dýraheilbrigði og dýravelferð sem framkvæmt er í landinu og nær til allra þeirra sem hafa lögbundnu hlutverki að gegna samkvæmt eftirlitslöggjöfinni, svo sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Matvælastofnunar, heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, opinberra rannsóknarstofa o.fl.

5.3. Norrænt samstarf um hlutlausa athugun á innra úttektarkerfi

Í samræmi við reglugerð nr. 106/2010, um innleiðingu ESB-gerðar (EB) 882/2004, er gert ráð fyrir reglulegri hlutlausri athugun á innra úttektarkerfi matvælaeftirlisstofnana hjá sérhverju ríki innan evrópusamstarfsins. Á árinu 2016 var formlega komið á samstarfi meðal allra Norðurlandanna um gagnkvæma athugun milli landanna sem uppfyllir framangreind ákvæði.

Fyrsta hlutlausa athugunin héraðs á grundvelli samstarfsins fór fram í desember 2017 með athugun á innra úttektarkerfi Matvælastofnunar. Fulltrúar Finnlands og Noregs framkvæmdu athugunina en með í för sem áhorfandi (observer) var fulltrúi stofnunar Evrópusambandsins, Directorate General For Health and Food Safety.

- Teymisstjóri (team leader): Anna Huttunen, Evira, Finnlandi
- Meðlimur teymis (team member): Susanne Oyen, Mattilsynet, Noregi
- Áhorfandi, observer: Jennifer Egan, European Commission, DG Sante 7

Niðurstöður athugunarinnar voru jákvæðar fyrir hið nýja innra úttektarkerfi Matvælastofnunar. Á 9 sviðum, af þeim 11 sem athuguð voru, er úttektarkerfið talið uppfylla lögbundnar kröfur að öllu leyti en á tveimur þeirra er talið að kerfið uppfylli lögbundnar kröfur að hluta til.

Tafla 1.5.2: Niðurstöður athugunar á innra úttektarkerfi Matvælastofnunar


| Criteria | Findings |
|--|---------------------|
| Audit program (5 year plan) | Compliant |
| Audit program (risk based planning) | Partially compliant |
| Audit -objective, -scope and -criteria | Compliant |
| Audit plan | Compliant |
| Independence of the audit-units and the auditors | Compliant |
| Audit documentation (including reporting) | Compliant |
| Competence requirements | Compliant |
| Transparency | Compliant |
| Follow-up activities (assure improvement) | Compliant |
| Resources | Compliant |
| Is the audit process implemented | Partially compliant |

5.4. Fyrirspurnir, ábendingar og kvartanir

Matvælastofnun skráir og heldur utan um allar kvartanir, ábendingar og fyrirspurnir sem henni berast. Á vefsíðu stofnunarinnar hefur í nokkurn tíma verið sérstakur ábendingahnappur til að auðvelda fólki að senda ábendingar, fyrirspurnir, kvartanir eða hrós. Notkun hnappsins hefur almennt aukist. Þannig hefur ábendingum fjölgað úr 80 árið 2012 í 591 árið 2017. Fyrirspurnir hafa aukist úr 618 árið 2012 í 1.056 árið 2015 en þeim fækkaði hinsvegar talsvert árið 2016 í 261 en fjölgaði lítillega árið 2017 en þá voru skráðar fyrirspurnir 287. Kvartanir voru 14 árið 2012 en árið 2016 voru þær 7 talsins og árið 2017 bárust 3 kvartanir.


Stofnuninni bárust 591 ábending árið 2017 eða nokkru færri en árið 2016 sem þá voru 702 talsins. Efnisleg skipting þeirra er sýnd á *Mynd 1.5.1* en þar sést m.a. að flestar ábendingar ársins 2017 snerta velferð dýra, þó einkum hunda og hrossa.

Mynd 1.5.1: Ábendingar eftir efni og fjölda



Fjöl margar fyrirspurnir berast árlega til stofnunarinnar en fjöldi þeirra árið 2017 nam 287. Efnisleg skipting fyrirspurna er sýnd á [Mynd 1.5.2](#).

Mynd 1.5.2: Fyrirspurnir eftir efni og fjölda



6. Löggjöf

6.1. Lagasetning

Engar lagabreytingar áttu sér stað á árinu.

6.2. Stjórnslufyrirmæli

Setning reglugerða og upptaka í íslenskan rétt er í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Á árinu voru gefin út 118 stjórnvaldsfyrirmæli sem varða starfsemi Matvælastofnunar og er stærsti hluti þeirra innleiðingar vegna gerða sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn, sjá nánar í *Viðauka VII.2*.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á nokkrum reglugerðum sem gefnar voru út á síðastliðnu ári.

Fyrst er að nefna reglugerðir er tengjast lögum nr. 40/2016, en þær eru nr. 1181/2017 um stuðning í nautgriparækt, nr. 1182/2017 um stuðning við garðyrkju, nr. 1180/2017 um almennan stuðning við landbúnað og nr. 1166/2017 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

Reglugerð nr. 933/2017 um aðgerðir til að varna útbreiðslu plöntusjúkdóma sem nær til ræktunar- og framleiðslustöðva garðyrkjuafurða og var sett vegna plöntuveirusmita sem greinst hafa undanfarin ár í ræktunarstöðvum hérlendis.

Reglugerð um nýfæði nr. 735/2017 sem innleiðir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2283/2015. Með nýfæði er átt við hvers kyns matvæli sem ekki voru notuð á EES-svæðinu til manneldis að verulegu leyti fyrir 15. maí 1997 og falla undir tilgreinda flokka.


Reglugerðir er tengjast framleiðslu, merkingu og innflutningi á lifrænum vörum, nr. 477/2017 og 481/2017.

Reglugerð nr. 482/2017 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1337/2013 að því er varðar tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað fyrir nýtt, kælt eða fryst kjöt af svínunum, sauðfé, geitum og alifuglum. Reglugerðinni er ætlað að tryggja að upplýsingar framleiðsluland og stað kjötafurða skili sér til neytenda.



Þá var gefin út reglugerð nr. 460/2017 um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni, en tilgangur hennar er að stuðla að takmörkun á notkun dýra í vísinda- og menntunarskyni, stuðla að velferð og virðingu fyrir dýrum sem notuð eru í slíkum tilgangi, og að tryggja að dýr sem notuð eru í slíkum tilgangi séu ekki látin sæta óþarfa álagi. Jafnframt kom út reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi, en henni er ætlað að tryggja velferð og aðbúnað dýra við flutninga og koma í veg fyrir útbreiðslu dýrasjúkdóma við flutninga á dýrum.

Einnig er rétt að vekja athygli á tveimur reglugerðum sem velferðarráðuneytið gaf út og ná til ávísunar dýralækna á lyfjum, annars vegar varðandi gerð lyfseðla og ávísun lyfja nr. 421/2017 og hinsvegar um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja nr. 422/2017.




7. Alþjóðamál

7.1. Upptaka gerða Evrópusambandsins (ESB) í EES-samninginn

Á hverju ári fær stofnunin fjölda svokallaðra staðalskjala (e. Standard sheet) til umsagnar vegna upptöku EB-gerða í Samninginn um evrópska efnahagssvæðið (EES). Slíkar umsagnir eru sendar til EFTA-skrifstofunnar og fyrir þær gerðir sem teknar eru upp í samninginn fara einnig sérstök upplýsingablöð til utanríkisráðuneytisins. Eitt staðalskjal berst fyrir hverja gerð sem gefin er út hjá EB og taka skal til skoðunar. Sérfræðingar á fagsviðum MAST meta þær EB-gerðir sem heyra undir þeirra svið með tilliti til þess hvort þær skuli teknar upp í EES-samninginn (eru EES-tækar) og ef svo er hvort aðlögunar eða undanþágu er þörf af Íslands hálfu. Heildarfjöldi staðalskjala sem metinn var á árinu 2017 var tæplega 200. Stærstur hluti gerða er yfirleitt talinn EES-tækur en á árinu voru 15 gerðir metnar þannig að þær ættu ekki við um Ísland og voru þær allar á sviði dýraheilbrigðis.

Mynd I.7.1: Skipting innleiddra gerða milli málaflökka



Árið 2014 tók EFTA skrifstofan upp nýtt vinnulag við upptöku gerða í EES samninginn en það felst m.a. í því að EFTA greinir EB gerðir fyrir í ferlinu og sendir til sérfræðinga Íslands og Noregs fyrir en áður tíðkaðist. Þetta vinnulag, ásamt því að gerðir í tilteknum málaflökum fara í svokallað flýttferli (fast track) þar sem ekki þarf að bíða eftir svörum sérfræðinga á staðalskjölum, hefur skilað góðum árangri og tölfraði varðandi innleiðingu gerða í EES samning stórbatnað.

7.2. Ytri úttektir

Á hverju ári koma til landsins aðilar í þeim tilgangi að taka út starfsemi Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Sveitarfélaga eða til að gera úttekt á þeim framleiðslufyrirtækjum sem hafa leyfi til útflutnings til tiltekinnna ríkja utan EES. Nokkur aukning hefur verið á fjölda slíkra úttekta á síðustu árum og skipar undirbúningur þeirra, framkvæmd og verkefnastjórnun sífellt meiri sess í starfsemi Matvælastofnunar enda koma alla jafna fjölmargir starfsmenn að hverri heimsókn. Mikilvægt er vel takist til í slíkum úttektum þar sem útkoma þeirra getur haft áhrif á útflutningshagsmuni Íslands og möguleika fyrirtækja á aðgangi að erlendum mörkuðum með vörur sínar sem og á gagnkvæma viðurkenningu erlendra systurstofnana MAST á opinberu eftirliti sem stofnunin sinnir.

7.2.1. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

ESA hefur eftirlit með því að skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum séu efndar og framkvæmd eftirlits hér á landi sé í samræmi við löggjöf þar að lútandi. Af því tilefni kemur stofnunin í árlegar eftirlitsheimsóknir til landsins og tekur út eftirlit á afmörkuðu sviði í hvert sinn. Árið 2017 var nokkuð óvenjulegt því ESA framkvæmdi aðeins tvær úttektir hér á landi og voru þær á sviði innflutningseftirlits og notkunar á gagnagrunninum TRACES og á sviði fódureftirlits. Báðar úttektir voru hefðbundnar og lokaskýrslur birtar á vef ESA og á heimasíðu Matvælastofnunar.

Lokaskýrslur ESA má finna á vefslóðinni:

<http://www.eftasurv.int/internal-market-affairs/areas-of-competence/food-safety/veterinary-inspections/>

Eftirlitsferðir ESA árið 2017:

- Opinbert eftirlit með öryggi fódurs 8. – 17. maí
- Innflutningseftirlit og notkun TRACES 12. – 16. júní

1. Um neytendavernd

Markmiðið með starfsemi Neytendaverndar er að stuðla að öryggi matvæla og vinna að því að matvælafyrirtæki axli ábyrgð á starfsemi sinni með neytendavernd að leiðarljósi. Meginþunginn í starfsemi sviðsins er eftirlit með matvælafyrirtækjum sem framleiða matvæli úr dýrafurðum, eftirlit með búnaði og rekstri fiskeldis, eftirlit með ræktunarsvæðum skeldýra og fræðsla til neytenda um örugga meðhöndlun matvæla og upplýsingagjöf til matvælafyrirtækja um kröfur löggjafar. Einnig leiðbeina sérfræðingar sviðsins eftirlitsfólki um kröfur reglugerða og túlkun þeirra.

Vinna við mál tengd fiskeldi þ.m.t. leyfisveitingar og eftirlit hefur verið fyrirferðarmikil á árinu.

Matvælastofnun innleiddi árið 2012 áhættuflokkunarkerfi til ákvörðunar á tíðni eftirlits. Tilgangurinn með áhættuflokkun er að meta eftirlitsþörf matvælafyrirtækja og beina þunga eftirlitsins þangað sem áhættan er mest, með tilliti til matvælaöryggis. Þau fyrirtæki sem eru með virkt innra eftirlit og sinna úrbótum jafn óðum og fá fáar athugasemdir við skoðanir njóta góðs af því og fá því minna eftirlit. Hins vegar er eftirlit aukið hjá fyrirtækjum, sem ekki eru með virkt innra eftirlit.

Um áramót voru 53 % matvælafyrirtækjanna í frammistöðuflokki A, og fá þau 50 % færri tíma í eftirlit en ef þau væru í frammistöðuflokki B. Í frammistöðuflokki C voru 8 % fyrirtækjanna og fá þau 50% fleiri tíma en fyrirtæki í frammistöðuflokki B. Breyting milli ára 2017 og 2016 er lítil.

Árið 2017 var aukin áhersla lögð á eftirlitsheimsóknir, sem ekki voru boðaðar fyrirfram og er það e.t.v. ástæða þess að ekki varð fjölgun á fyrirtækjum í frammistöðuflokki A, eins og undanfarin ár og að fyrirtækjum í frammistöðuflokki C fjölgaði.

Umræða hefur verið um birtingu á frammistöðuflokkun fyrirtækja og með breytingu á matvælalögum sem samþykkt var á Alþingi vorið 2018 skal birta upplýsingar um frammistöðu fyrirtækja frá og með 1. janúar 2021. Gera má ráð fyrir að fyrirtæki leggi metnað sinn í virkt innra eftirlit og skjót viðbrögð við athugasemdum eftirlitsfólks, svo þau komist fljótt í frammistöðuflokk A.

Vegna aukinnar tíðni sýkinga af völdum *Listeria monocytogenes* hefur Matvælastofnun beint sjónum sínum sérstaklega að innra eftirliti fyrirtækja, sem framleiða matvæli tilbúin til neyslu. Lögð var áhersla á skoða fyrirbyggjandi aðgerðir og sannpröfun fyrirtækjanna á öryggi matvæla, með sýnatökum til greininga á *Listeria monocytogenes*. Ákveðið var að beina sjónum enn frekar að þessu verkefni á árinu 2018 og hefur þjálfun eftirlitsfólks verið skipulögð og hafinn er undirbúningur að sérstökum eftirlitsverkefnum.

Á árinu 2017 bárust fyrstu umsóknirnar um leyfi til markaðssetningar á drykkjum sem innihalda mikið magn af koffíni (s.k. orkudrykkir) og veitti stofnunin leyfi með ákveðnum skilyrðum til markaðssetningar á nokkrum tegundum slíkra drykkja. Markmið skilyrðanna er að stuðla að öruggri neyslu þessara drykkja meðal fullorðinna og koma í veg fyrir neyslu barna og unglinga á þeim.

Tekin voru 226 sýni af ávöxtum, grænmeti og kornvörum til greininga á varnarefnaleifum. Varnarefni greindust yfir leyfilegum mörkum í tveimur sýnum, jarðarberjum frá Bandaríkjunum og hrísgrjónum með óþekktan uppruna. Tekin voru 20 sýni af íslensku grænmeti og reyndist magn varnarefnaleifa innan leyfilegra marka.

Fræðsla um matvæli og upplýsingar um örugg matvæli og innkallanir af markaði, eru mikilvægur þáttur í að tryggja öryggi neytenda. Til viðbótar við birtingu upplýsinga á heimasíðu var leitað nýrra leiða til að ná til neytenda með því að birta upplýsingar á fésbókarsíðu, *Neytendavakt Matvælastofnunar*, sem fór í loftið á árinu.

2. Skipulag eftirlits

Markmið opinbers eftirlits með matvælum er að staðfesta að farið sé að lögum og reglum um matvæli svo að öryggi þeirra sé tryggt.

Neytendavernd ber faglega ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd eftirlits með matvælum úr dýraríkinu. Sviðið sér einnig um eftirlit með fiskeldi, ræktun skelfisks og samræmingu krafna, sem gerðar eru til matvælafyrirtækja á landinu öllu.

Reglubundið eftirlit skal vera áhættumiðað. Matvælastofnun metur eftirlitsþörf fyrirtækja út frá þeirri áhættu sem fylgir framleiðslunni, magni þess hráefnis sem unnið er með og svo frammistöðu fyrirtækjanna, við að uppfylla skilyrði löggjafarinnar og tryggja öryggi afurða.

Nánar má lesa um forsendur áhættu- og frammistöðuflokkunar fyrirtækja á heimasíðu Matvælastofnunar:

<http://mast.is/library/Bodberar/BodberiAhaettuFrammistoduflokkun161208.pdf>

Auk reglubundins eftirlits framkvæmir Matvælastofnun úttektir vegna umsókna um starfsleyfi og rekstrarleyfi. Þá getur einnig komið til viðbótareftirlits vegna ábendinga, sérstakra atvika eða brota sem uppvíst hefur orðið um eða vegna sérefnirlits t.d. vegna merkinga neytendaumbúða eða sérstakra eftirlitsverkefna.

Eftirliti með matvælum er sinnt skv. verklagi sem birt er í Gæðahandbók Matvælastofnunar, sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar.

2.1. Samræmi og samstarf

Stöðugt er unnið að því að tryggja að eftirlit sé framkvæmt á samræmdan hátt. Skýrt verklag um framkvæmd eftirlits, skoðunarhandbækur og samræmd skráning á niðurstöðum eftirlits er mikilvægt til samræmingar. Einnig er sameiginlegur skilningur á þeim kröfum sem gerðar eru til matvælafyrirtækja mikilvægur til að tryggja samræmi. Teymistjórar eftirlits og starfsmenn, sem sinna eftirliti, koma reglulega saman og ræða túlkun á kröfum og ýmis vafatriði. Unnið er að þróun eftirlitsgagnagrunnsins með það að markmiði að auka möguleika á samantekt og rýni á niðurstöðum eftirlits.

Liður í samræmingu eftirlits er breytt verklag þar sem tryggt er að fleiri en einn eftirlitsmaður sinni eftirliti í hverju fyrirtæki, þ.e. fyrirtækið er ekki ætíð heimsótt af sama eftirlitsmanni.

Innlent og erlent samstarf er einnig veigamikill þáttur í starfi Matvælastofnunar. Í slíku samstarfi taka starfsmenn sviðsins þátt í að móta stefnu s.s. túlkun á löggjöf er varðar matvælaöryggis- og neytendamál. Slíkt samstarf hefur mikla þýðingu fyrir símenntun starfsmanna og samræmi í útfærslum við innleiðingu löggjafar.


3. Leyfisveitingar

Matvælastofnun veitir leyfi til vinnslu matvæla úr dýraríkinu í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli. Leyfi til skelræktenda samkvæmt lögum nr. 90/2011 og rekstarleyfi vegna fiskeldis í samræmi við lög nr. 71/2008. Þá annast stofnunin leyfisveitingar vegna matvæla sem innihalda íblandað koffín umfram almenn hámarksgildi skv. reglugerð nr. 327/2010.


3.1. Leyfi til vinnslu matvæla úr dýraríkinu og fódurs

Í lok árs 2017 voru samtals 397 starfsstöðvar með leyfi til vinnslu matvæla úr dýraríkinu. Á *Mynd II.3.1* má sjá fjölda starfsstöðva með leyfi eftir greinum og breytingar á fjölda leyfa milli ára. Til lagarafurða telst framleiðsla á fisk og skeldýrum og til búvara telst framleiðsla á kjöti, mjólk og eggjum. Fjöldi starfsstöðva helst nokkuð jafn milli ára 2016 og 2017. Á *Mynd II.3.2* má sjá hlutfallslega skiptingu leyfisskyldra starfsstöðva milli greina.

Mynd II.3.1: Fjöldi starfsstöðva með gild leyfi frá Matvælastofnun 2014 – 2017 eftir greinum



Mynd II.3.2: Hlutfallslegur fjöldi starfsstöðva með leyfi frá Matvælastofnun eftir greinum í lok árs 2017



3.2. Leyfi til skelfiskræktunar

Matvælastofnun annast leyfisveitingar til skelræktenda samkvæmt lögum nr. 90/2011. Leyfisveitingar til skelræktenda eru tvíþættar, annars vegar eru veitt tilraunaleyfi til 3 ára og hins vegar ræktunarleyfi sem eru veitt til 10 ára. Tilraunaleyfi eru veitt í þeim tilgangi að kanna aðstæður til skelræktar og til könnunar á heilnæmi ræktunarsvæðis, en ræktunarleyfi veita fulla heimild til framleiðslu afurða. Matvælastofnun veitir jafnframt leyfi fyrir starfsemi afgreiðslustöðva vegna framleiðslu á lifandi skelfiski.

Alls eru í gildi 18 leyfi til skelræktar, en aðeins 3 ræktendur settu afurðir sínar á markað á árinu 2017.

3.2.1. Flokkun og heilnæmiskönnun framleiðslusvæða

Á gildistíma tilraunaleyfis skal flokka og heilnæmiskanna framleiðslusvæði, en eingöngu er heimilt að uppskera skelfisk af flokkuðum framleiðslusvæðum. Framleiðslusvæði eru flokkuð samkvæmt fjölda *E.coli* í skelkjöti í A, B, C og eingöngu er heimilt að markaðssetja uppskeru beint af A-svæði, en skelfisk af B og C svæðum þarf að setja í hreinan sjó fyrir markaðssetningu. Magn þungmálma og annarra mengunarefna er jafnframt kannað í heilnæmiskönnun auk þess sem skrá þarf og gera grein fyrir mengunarpöllum. Öll framleiðslusvæði sem flokkuð hafa verið eru í A flokki, sem heimil að setja uppskeru beint á neytendamarkað (sjá *Töflu II.3.1.*).

Tafla II.3.1: Flokkun framleiðslusvæða á lifandi skeldýrum 2017

| Virk framleiðslusvæði | Flokkun svæðis | Tegund | Athugasemdir |
|-----------------------|----------------|-------------|------------------|
| Breiðafjörður | A | Bláskel | Ræktun og veiðar |
| " | A | Hörpuskel | Veiðar |
| " | A | Ígulker | Veiðar |
| " | A | Beitukóngur | Veiðar |
| " | A | Kúfiskel | Veiðar |
| Austfirðir | A | Sæbjúgu | Veiðar |
| Faxaflói | A | Sæbjúgu | Veiðar |
| Hvalfjörður | A | Bláskel | Veiðar |
| Króksfjörður | A | Bláskel | Ræktun |
| Steingrímsfjörður | A | Bláskel | Ræktun |

3.3. Leyfi vegna koffíns sem bætt er í matvæli

Árið 2014 voru sett hámarksgildi fyrir koffín í matvælum, sem innihalda viðbætt koffín, með reglugerð nr. 453/2014. Samkvæmt reglugerðinni þurfa framleiðendur, innflytjendur eða dreifingaraðilar að sækja um leyfi hjá Matvælastofnun fyrir matvæli sem innihalda meira koffín en reglugerðin segir til um (320 mg/L í drykkjavörum). Í febrúar 2017 barst stofnuninni fyrsta leyfisumsóknin fyrir drykkjarvöru en sá drykkur inniheldur 560 mg koffín í hverjum lítra eða 56 mg/100 ml. Þetta er 75% meira koffín en almennt þekktist á markaði hérlendis.

Á árinu 2017 bárust samtals 7 umsóknir um leyfi til markaðssetningar á drykkjum með mjög hátt koffíninnihald. Sótt var um fyrir vörur sem innihalda koffín á bilinu 400 - 560 mg í lítra eða 180 – 200 mg í hverri dósi. Tveir umsækjendur drógu umsókn sína til baka.

Umsóknarferlið er umfangsmikið enda þarf að skoða hverja vöru fyrir sig m.t.t. magns koffíns, merkinga og framsetningar vöru. Til að áhættumeta vörurnar hefur Matvælastofnun fengið Rannsóknarstofu í Næringarfræði sem umsagnaraðila.

Matvælastofnun hefur veitt leyfi til markaðssetningar á slíkum drykkjum með miklum takmörkunum, skilyrðum og kröfum um aukamerkingar. Til dæmis hefur verið gerð sú krafa að varúðarmerkingin „**Mjög hátt koffíninnihald**“ og „**Ekki selt börnum undir 18 ára**“ sé framan á vörunni. Magnið af koffíni í hverri einingu og í 100 mL þarf einnig að koma fram framan á vörunni. Sala á þessum vörum er bönnuð til einstaklinga yngri en 18 ára en þannig er talið að hægt sé tryggja öryggi barna. Þá eru einnig settar kröfur um aðrar varúðarmerkingar, sem eiga að gefa fullorðnu fólki upplýsingar um

eiginleika drykkjanna og koffínmagn í þeim. Þessar varúðarmerkingar geta verið mismunandi eftir magni koffíns og skammtastærð vara.

Fjöldi umsókna á árinu var töluverður miðað við íslenskan markað. Í kjölfarið er mikilvægt að fylgjast með markaðssetningu varanna og áhrifa neyslu þeirra á heilsu barna og annarra. Reglugerðin heimil Matvælastofnun að endurskoða leyfi ef þörf krefur.

4. Opinbert eftirlit með matvælum

4.1. Framkvæmd eftirlits í matvælafyrirtækjum

Tíðni eftirlits með matvælafyrirtækjum ræðst af grunneftirlitsþörf fyrirtækja, sem er ákvörðuð með áhættuflokkun. Gagnagrunnur eftirlits gefur hverju sinni yfirlit yfir þau fyrirtæki sem sinna þarf eftirliti með. Fyrirtæki með 12 tíma í grunneftirlitsþörf er heimsótt 2-3 á ári. Hluti heimsókna á að vera óvæntur þ.e. eftirlitsmaður gerir ekki boð á undan sér og markmiðið er að 2 heimsóknir af 3 séu þannig óboðaðar. Ef leggja á áherslu á HACCP kerfi í skoðun er eftirlitsheimsókn tilkynnt fyrir fram til að tryggja að aðilar sem þekkja uppbyggingu HACCP kerfisins séu til staðar. Það er einnig gert þegar gerðar eru úttektir vegna merkinga vara í neytendaumbúðum. Á árinu 2017 voru að meðaltali 33 % eftirlitsheimsókna í matvælafyrirtæki óboðaðar.

Í eftirlitsheimsókn er m.a. farið yfir byggingar, búnað, meðhöndlun matvæla, umgengni starfsfólks, þjálfun, þrif, rekjanleika og skráningar á mikilvægum stýristöðum í innra eftirliti. Taka þarf afstöðu til allra skoðunatriða í skoðunarhandbók sem eiga við starfsemi á 12 mánaða tímabili. Gerðar eru athugasemdir ef kröfur eru ekki uppfylltar. Kröfur í löggjöf eru m.a. settar fram til að fyrirbyggja að matvæli mengist og að meðhöndlun þeirra leiði ekki til þess að þau verði heilsuspillandi. Einnig þarf að tryggja að upplýsingar sem gefnar eru um matvæli séu réttar. Eðli athugasemda getur verið frávik eða alvarlegt frávik. Frávik er metið alvarlegt ef bein hætta getur skapast vegna ófullnægjandi aðstæðna, meðferðar eða ofnæmisvaldar eru ekki tilgreindir á umbúðum. Frávik þarf að lagfæra sem fyrst eða fyrir næstu skoðun, sem getur verið sérstök eftirfylgniskoðun eða næsta reglubundna skoðun. Sé frávik alvarlegt verður framleiðandi að grípa strax til aðgerða og því er fylgt eftir með skoðun innan sjö daga, hvort brugðist hafi verið við. Frestur getur verið styttri ef lagfæring þolir enga bið. Ávallt þarf að hafa stjórnábylgju í huga og veita viðkomandi rétt til andmæla, en frestur til að veita andmæli getur verið mjög stuttur. Frávik sem ekki er hægt að lagfæra strax er hægt að setja á úrbótaáætlun. Það getur átt við ef húsnæði þarfnast viðhalds og viðgerðir eru ráðgerðar í sumarfríslokun eða páskafríi. Sé hins vegar hundsáð að lagfæra frávik og það ekki heldur sett á úrbótaáætlun fær fyrirtækið dóminn Alvarlegt frávik.

4.1.1. Frammistöðuflokkun

Í upphafi er öllum fyrirtækjum skipað í frammistöðuflokk B. Fyrirtæki sem er með vel þjálfað starfsfólk og gott innra eftirlit með öllum þáttum starfseminnar kemst fljótt upp í frammistöðuflokk A og á að geta haldið sér þar, sé skilningur á kröfum, réttir meðhöndlun matvæla og mikilvægi innra eftirlits almennur meðal starfsfólks. Fyrirtæki sem eru með vottun frá þriðja aðila eru með öflugt innra eftirlit með starfsemi og komast því mjög fljótt í frammistöðuflokk A.

Fyrirtæki með 12 tíma í grunneftirlitsþörf, sem er í frammistöðuflokk B, kemst upp í frammistöðuflokk A ef ekki er gerð athugasemd við 90 % af skoðunatriðum á tímabili sem er oftast eitt ár. Eftirlitsþörf fer þá úr 12 tímum niður í 6 og þá má gera ráð fyrir 2 heimsóknum á ári og að önnur verði óboðuð.

Fái fyrirtæki dóminn Alvarlegt frávik getur það haft þær afleiðingar að fyrirtæki í frammistöðuflokk A fari niður í C.

4.2. Niðurstöður reglubundins eftirlits í matvælafyrirtækjum

Neytendavernd sér um framkvæmd eftirlits í sjávarútvegi ásamt eftirliti með vinnslu búvara. Árið 2017 var 2.324,5 klst. varið í eftirliti í matvælafyrirtækjum, en þar af voru 1.915,5 klst. sem fóru í reglubundið eftirlit samkvæmt áhættu- og frammistöðuflokkun, sem er 82% af heildareftirlitstímanum. Þessir tímar taka ekki til undirbúnings, frágangs né ferðatíma heldur aðeins þess tíma sem varið er í virku eftirliti í starfsstöðvum. Auk reglubundins eftirlits var farið í leyfisúttektir, eftirfylgni eftirlit og annað eftirlit s.s. sýnatökur og eftirlit í kjölfar ábendinga. *Tafla II.4.1* sýnir fjölda klukkustunda, sem varið var í eftirliti eftir því um hvers konar eftirlit var að ræða.

Tafla II.4.1: Tímafjöldi eftirlits í klst eftir tegund opinbers eftirlits 2017

| Starfsgrein | Reglubundið | Leyfi | Eftirfylgni | Annað | Samtals |
|----------------|----------------|------------|-------------|-----------|----------------|
| Lagarafurðir | 1.479 | 282 | 32 | 78 | 1.871 |
| Búvörur | 436,5 | 3 | 13 | 1 | 453,5 |
| Samtals | 1.915,5 | 285 | 45 | 79 | 2.324,5 |

Eins og sjá má í töflu **Tafla II.4.2** var farið í 794 eftirlitsheimsóknir í 358 starfsstöðvar á árinu 2017, en skýrsla er skrifuð að lokinni hverri heimsókn. Í u.þ.b. 66% tilfella voru kröfur uppfylltar. Í u.þ.b. 34% tilfella voru því skráð frávik sem kröfðust einhverra úrbóta.

Tafla II.4.2: Fjöldi skoðunarskýrsla og starfsstöðva í reglubundnu eftirliti 2017 og hlutfall skoðunaratriða í lagi

| Starfsgrein | Fjöldi starfsstöðva | Fjöldi skoðunarskýrsla | Hlutfall skoðunaratriða í lagi |
|----------------|---------------------|------------------------|--------------------------------|
| Lagarafurðir | 304 | 650 | 67% |
| Búvörur | 54 | 144 | 65% |
| Samtals | 358 | 794 | 66% |



Eftirfylgni er með öllum frávikum sem upp koma í eftirliti, ýmist með sérstökum eftirfylgniskoðunum eða í næstu reglubundnu eftirlitsheimsókn. Ef upp koma alvarleg frávik frá ákvæðum laga og reglugerða skal úrbótum lokið innan 7 virkra daga, að öðrum kosti er gripið til þvingunarúrræða. Gefi fráviknið tilefni til getur einnig verið gripið til þvingunarúrræða þegar í stað.

Tafla II.4.3: Alvarleg frávik 2017


| Starfsgrein | Fjöldi starfsstöðva | Alvarleg frávik | Fjöldi eftirlitsheimsókna með alvarleg frávik | Fjöldi starfsstöðva með alvarleg frávik |
|----------------|---------------------|-----------------|---|---|
| Lagarafurðir | 304 | 53 | 35 | 29 |
| Búvörur | 54 | 11 | 10 | 9 |
| Samtals | 358 | 64 | 45 | 38 |

Tafla II.4.3 sýnir alvarleg frávik sem upp komu í eftirliti á árinu. Flest alvarleg frávik voru gefin við úrbótaáætlanir fyrirtækja, en athugasemd er metin alvarleg þegar starfsstöðvar fylgja ekki eigin úrbótaáætlunum og bregðast ekki við kröfum um úrbætur. Á þetta einnig við þó frávik, sem sett hafi verið á úrbótaáætlun séu ekki alvarleg, enda hafa fyrirtæki þá haft gott svigrúm til þess að sinna úrbótum. Á árinu fengu 10% starfsstöðva eða 38 starfsstöðvar, í 45 eftirlitsheimsóknum, dóminn Alvarlegt frávik.

Fjöldi klukkustunda, sem áætlað er að verja í reglubundið eftirlit í matvælafyrirtækjum ár hvert samkvæmt áhættuflokkunarkerfi, hefur minnkað, frá því að frammistöðuflokkunarkerfið tók gildi 2013. Síðustu ár hefur þó heldur hægt á þessari fækkun. **Mynd II.4.1** og **Mynd II.4.2** sýna þróunina. Meðaltími í starfsstöð sem vinnur lagarafurðir er skv. áætlun 6,4 í byrjun árs 2018 en var 9 klt 2013. Meðaltími í starfsstöð er vinnur búvörur er 9,8 klt í byrjun árs 2018 en var 21,3 klt 2013.

Mynd II.4.1: Áætlun um reglubundið eftirlit með lagarafurðum 2013-2018

Mynd II.4.2: Áætlun um reglubundið eftirlit með búvörum 2013-2018

4.2.1. Frammistöðuflokkun

Niðurstöður frammistöðuflokkunar (sjá **Töflu II.4.4.**) benda til þess að staða fyrirtækja sem framleiða matvæli úr dýraríkinu sé almennt nokkuð góð, en um 53% þeirra eru í frammistöðuflokki A. Starfsstöðvum sem uppfylla skilyrði til þess að vera í frammistöðuflokki A hefur þó fækkað úr 58% í 53% á árinu 2017 og þeim sem færst hafa í frammistöðuflokk C hefur fjölgað úr 5% í 8% (sjá **Mynd II.4.4.**).

Mynd II.4.4: Hlutfallslegur fjöldi fyrirtækja í hverjum frammistöðuflokki í lok árs 2017

Tafla II.4.4: Frammistöðuflokkun fyrirtækja eftir greinum 2017

| Flokkun | Lagarafurðir | | | Búvörur | | |
|----------------|------------------------|------------------------|------------------------------------|------------------------|------------------------|---------------------------------|
| | Fjöldi fyrirtækja 2016 | Fjöldi fyrirtækja 2017 | Hlutfallslegur fj. fyrirtækja 2017 | Fjöldi fyrirtækja 2016 | Fjöldi fyrirtækja 2016 | Hlutfallsf. fj. fyrirtækja 2017 |
| A | 187 | 172 | 55% | 30 | 28 | 44% |
| B | 108 | 116 | 37% | 32 | 30 | 48% |
| C | 15 | 23 | 7% | 3 | 5 | 8% |
| Samtals | 310 | 311 | 100% | 65 | 63 | 100% |

4.3. Lagarafurðir

Fimm eftirlitsmenn sinna eftirliti og leyfisveitingum hjá þeim u.þ.b. 324 starfsstöðvum sem framleiða matvæli úr lagarafurðum, eða í um 80% fyrirtækja sem eru með leyfi til matvælavinnslu frá Matvælastofnun. Fagsviðsstjóri annast leyfisveitingar og ber ábyrgð á framkvæmd og skipulagi eftirlitsins. Farið var í 650 eftirlitsheimsóknir á árinu hjá 304 fyrirtækjum (**Tafla II.4.2**). Um 44% fyrirtækjanna voru í frammistöðuflokki A (**Tafla II.4.4**) í lok árs, sem er fækkun frá árinu 2016 (60%). Þá hefur fyrirtækjum í frammistöðuflokki C fjölgað úr 4,8% í 7%.

Landinu er skipt upp í eftirlitssvæði og hver eftirlitsmaður hefur umsjón með tilteknum svæðum. Heildartímafjöldi við eftirlit á vettvangi var 1.871 tímar í fiskvinnslum, vinnslu- og heilfrystiskipum sem er um 80% af öllu því eftirliti sem framkvæmt var hjá matvælafyrirtækjum á árinu 2017. Þar af var farið í reglubundið eftirlit í 1479 tíma sem er um 64% alls eftirlits sem fram fór hjá stofnuninni í matvælafyrirtækjum (**Tafla II.4.1**).

4.4. Búfjárafurðir

Á árinu 2017 var 436,5 tímum varið í reglubundið opinbert eftirlit með hollustuháttum í kjötvinnslum, mjólkurstöðvum og sláturhúsum, en farið var í 144 eftirlitsheimsóknir hjá 54 starfsstöðvum (**Tafla II.4.1** og **Tafla II.4.2**). Eftirliti með búfjárafurðum er stýrt af Skoðunarteymi búfjárafurða undir handleiðslu, fagsviðsstjóra og sérfræðinga Neytendaverndarsviðs. Starfi teymisins sinna 5 aðilar í tæplega 3 stöðugildum. Til viðbótar sinna eftirlitsdýralæknar og aðstoðarmenn þeirra einnig daglegu eftirliti með slátrun búfjár og heilbrigðisskoðun sláturafurða.

Ástand fyrirtækja á þessu sviði er almennt gott en í lok árs voru um 44% þeirra flokkuð í frammistöðuflokk A (**Tafla II.4.4**) sem er lítil breyting frá fyrra ári. Fyrirtækjum sem færst hafa í frammistöðuflokk C hefur þó fjölgað úr 4,6% í 8%.

4.5. Skelfiskur

Skelfiskeftirlit tekur til veiða, ræktunar og framleiðslu lifandi samloka, skrápdyra, möttuldýra og sæsnigla eða kræklinga, kúfiskelja, ígulker, beitukóns og sæbjúgna. Eftirlitið nær til veiði- og ræktunarsvæða með könnun á hugsanlegum mengunarsvæðum með heilnæmiskönnun og til reglubundins eftirlits á eitruðum þörungum í sjó og örverum og þörungaeitri í skelfiski á svæðum sem hafa verið opnuð til uppskeru.

Eftirlit með framleiðslu skelfisks fellst einkum í vöktun á eitruþörungum og þörungaeitri á framleiðslusvæðum hans. Einnig er eftirlit með flokkun svæða í A, B, og C með tilliti til fjölda *E. coli* / 100 g skelkjöts og fylgst er með magni þungmálma í skelkjöti.

Árið 2017 var eftirlit með 6 svæðum (*Tafla II.4.5*) við landið, eitt svæði bættist við frá 2016 sem er Þistilfjörður. Eftirlit með eitruþörungum var samvinnuverkefni Matvælastofnunar, framleiðenda og Hafrannsóknarstofnunar, sem annast greiningar á þörungum.

Eitruþörungar fundust á öllum eftirlitsvæðum yfir sumarmánuðina nema Faxaflóa og Þistilfirði, en um fá sýni var að ræða í báðum tilvikum. Þörungaeitur greindist yfir viðmiðunarmörkum á þremur svæðum árið 2017 (*Tafla II.4.5*).

Eftirlitsniðurstöður eru birtar á heimasíðu Matvælastofnunar á slóðinni:


<http://mast.is/matvaelastofnun/eftirlitsnidurstodur/skelfiskur/>

Tafla II.4.5: Eftirlitsniðurstöður vegna skelfisks 2017

| Svæði | Greiningar á eitruþörungum og þörungaeitri | Lokað v. | | |
|---------------------|--|-----------------|-------------|-----------------------|
| | | Heildarfj. sýna | Jákvæð sýni | Yfir viðmiðunarmörkum |
| Breiðafjörður | Eitruþörungar | 24 | 18 | 6 |
| | Þörungaeitur | 8 | 3 | 5 |
| Faxaflói | Eitruþörungar | 3 | 3 | 0 |
| | Þörungaeitur | 1 | 1 | 0 |
| Þistilfjörður | Eitruþörungar | 3 | 3 | 0 |
| | Þörungaeitur | 3 | 3 | 0 |
| Hvalfjörður | Eitruþörungar | 9 | 3 | 6 |
| | Þörungaeitur | 3 | 3 | 0 |
| Steingrímsfjörður | Eitruþörungar | 21 | 11 | 10 |
| | Þörungaeitur | 14 | 7 | 7 |
| Króksfjörður | Eitruþörungar | 24 | 23 | 1 |
| | Þörungaeitur | 20 | 20 | 0 |
| Fjöldi sýna: | | 133 | 98 | 35 |

Þróun í veiðum skeldýra má sjá á *Mynd II.4.6*. Helstu breytingar milli ára eru að veiðar á hörpuðiski hafa aukist og veiðar á ígulkerjum færast áfram lítillega í vöxt.

Mynd II.4.6: Þróun veiða á skeldýrum 2013-2017 (kg)



4.6. Fiskeldi

Reglubundið eftirlit var með rekstrar- og fiskeldispáttum í 24 fiskeldisstöðum á landinu árið 2017. Til viðbótar var farið í umhverfiseftirlit hjá 39 fiskeldisstöðum samkvæmt þjónustusamningi við Umhverfisstofnun. Til viðbótar reglubundnu eftirliti var farið í eftirlit vegna úttekta og sérstakra atvika.

4.7. Matjurtir

Ræktendum matjurta er, skv. lögum um matvæli nr. 93/1995, skylt að skrá sig hjá viðeigandi heilbrigðiseftirlitssvæði. Þeir sem einnig pakka framleiðslu sinni í neytendaumbúðir skulu þar að auki hafa starfsleyfi hjá viðeigandi heilbrigðiseftirlitssvæði.

Frumframleiðsla matjurta er alfarið undir eftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga síðan árið 2016. Eftir sem áður hefur Matvælastofnun yfirumsjón með eftirlitinu og skipuleggur sýnatökur vegna varnarefnaleifa, bæði í innfluttum matjurtum og innlendri ræktun.

4.5.1. Skipulag sýnatöku

Eftirlitið er í samræmi við reglugerð nr. 672/2008 um varnarefnaleifar í matvælum og fóðri en í viðaukum við hana er hámarksgildi fyrir varnarefni að finna. Skipulag sýnatöku tekur mið af reglugerð EB/2016/662 um samræmda eftirlitsáætlun fyrir árin 2017, 2018 og 2019 sem setur fram áherslu í eftirlitinu á hverju ári á Evrópska efnahagssvæðinu.

Árið 2017 átti skv. reglugerðinni um samræmda eftirlitsáætlun að leggja sérstaka áherslu á að tekin yrðu sýni af eftirfarandi flokkum: Appelsínur, perur, kivi, blómkál, laukar, gulrætur, kartöflur, baunir (þurrkaðar), rúgur, hrísgrjón, kjúklingafita og lambafita. Hér á landi voru þó ekki tekin sýni af kjúklinga- og lambafitu þar sem Matís ohf. sem sá um greiningar sýnanna, var ekki í aðstöðu til að framkvæma þær mælingar. Sýni af öðrum tegundum matjurta voru valin í samræmi við tölur um innlenda framleiðslu og innflutningstölur.

Eins og fyrri ár, sá Matís ohf. um mælingar á sýnunum en fjöldi efna sem skimað er fyrir hefur aukist og voru orðin 187 talsins um miðjan febrúar. Á árinu 2017 lauk vinnu við að fá faggildingu fyrir greiningu á nýjum efnum og eftir úttekt SWEDAC, sem var fyrri hluta árs, eru greiningaraðferðir fyrir öll efni sem skimað er fyrir orðnar faggildar.

4.5.2. Niðurstöður úr sýnatökum

Sýnatökurnar dreifðust nokkuð jafnt yfir árið. Heilbrigðisfulltrúar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tóku flest sýni en sýni af innlendri ræktun voru tekin á flestum heilbrigðiseftirlitssvæðum að undanskildum Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Flest sýni voru tekin hjá innflutningsaðilum á höfuðborgarsvæðinu.

Árið 2017 voru í heild tekin 226 opinber sýni í reglubundnum sýnatökum. Til frekari eftirfylgni voru tekin 5 sýni til viðbótar þegar leifar efna greindust yfir hámarksgildum. Alls voru tekin 10 sýni af rúgi og rúgmjöli, 15 af hrísgrjónum og 7 sýni af þurrkuðum baunum til viðbótar við ávexti og grænmeti. Tekin voru 116 sýni af grænmeti, þar af voru 18 sýni af innlendri ræktun. Þá voru tekin 83 sýni af ávöxtum og berjum, þar af voru 2 sýni af innlendum berjum.

Uppruni sýnanna skiptist þannig að 20 voru af innlendri ræktun, 142 frá löndum innan EES og 53 frá þriðju ríkjum, þ.e. ríkjum utan EES. Upplýsingar vantaði um upprunaland 16 sýna (*Tafla II.4.6*). Það voru helst sýni af kornvörum og þurrkuðum ávöxtum.

Tafla II.4.6: Fjöldi sýna fyrir varnarefna mælingar eftir uppruna 2016

| Heimsálf | Fjöldi landa | Fjöldi sýna | Hlutfall (%) |
|----------------|--------------|-------------|--------------|
| Evrópa | 12 | 142 | 61,5 |
| Ísland | 1 | 20 | 8,7 |
| Suður Ameríka | 6 | 17 | 7,4 |
| Afríka | 2 | 8 | 3,5 |
| Ameríka | 2 | 10 | 4,3 |
| Asía | 7 | 17 | 7,4 |
| Eyjaálfa | 1 | 1 | 0,4 |
| Óþekkt | - | 16 | 6,9 |
| Samtals | 29 | 231 | 100 |

Af þeim 226 sýnum sem tekin voru í reglubundnum sýnatökum reyndust 2 innihalda leifar varnarefna yfir hámarksgildi. (*Tafla II.4.7*). Það voru jarðarber frá Bandaríkjunum og hrísgrjón sem ekki tókst að fá staðfestan uppruna á. Í báðum tilfellum var málinu fylgt eftir með stöðvun á dreifinu og var framleiðanda, eða innflutningsaðila gefinn kostur á að staðfesta niðurstöðu með nýju sýni. Þegar um innflutta vöru er að ræða er fylgst með næstu sendingum frá sama framleiðanda.

Í eftirfylgni voru tekin 3 sýni af hrísgrjónum frá sama framleiðanda. Það fyrsta innihélt líka leifar varnarefna yfir hámarksgildi, en næstu 2 sýni innihéldu ekki leifar yfir hámarksgildum. Einnig voru tekin 2 sýni af jarðarberjum til eftirfylgni og reyndust bæði innihalda leifar varnarefna yfir hámarksgildi. Dreifingarbanni var þá viðhaldið og birgðum fargað. Innflytjandi jarðarberjanna hætti starfsemi stuttu seinna og ekki varð af frekari sýnatökum.

Tafla II.4.7: Sýni með leifar varnarefna yfir hámarksgildum 2016

| Upprunaland | Tegund | Varnarefni | Magn | Hámarksgildi |
|-------------|-----------|--------------|--------------|--------------|
| Óþekkt | Hrísgrjón | Triasófos | 0,054 mg/kg | 0,02 mg/kg |
| | | Trísýklasól | 0,041 mg/kg | 0,01 mg/kg |
| Bandaríkin | Jarðarber | Flóníkamíð | 0,159 mg/kg | 0,03 mg/kg |
| | | Própíkonasól | 0,0162 mg/kg | 0,01 mg/kg |

Ástæður þess að varnarefnaleifar eru yfir hámarksgildi geta verið mjög mismunandi. Í flestum tilfellum erlendrar vara hefur ástæðan verið sú að stífar reglur eru um notkun varnarefna innan EES en í Bandaríkjunum, Asíu eða Afríku. Því er hér verið að stöðva dreifingu á vörum sem hefðu jafnvel talist innihalda löglegt magn efna í upprunalandinu.

Þetta ár greindust óvenju fá sýni með leifar yfir hámarksgildi. Þetta er þrátt fyrir að þeim efnem sem skimað er fyrir hjá rannsóknastofu Matís ohf. hefur fjölgað mikið frá 2014. Það á sér sennilega þá skýringu að hér er í raun mjög lítil markaður og því viðbúið að sjá miklar sveiflur milli ára.

4.8. Eftirlit heilbrigðisnefnda

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa opinbert eftirlit með matvælum á markaði, smásölu, framleiðslu samsettra matvæla og framleiðslu matvæla, sem ekki eru unnin úr dýrafurðum, skv. lögum um matvæli nr. 93/1995. Á vegum heilbrigðisnefnda starfar heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) og er landinu skipt upp í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði.

Mynd II.4.7: Heilbrigðiseftirlitssvæði á Íslandi



Tafla II.4.8: Heilbrigðiseftirlitssvæði

| Skammstöfun | Svæði |
|-------------|--|
| HHK | Heilbrigðiseftirlit Hafnarfj.- og Kópavogssvæðis |
| HER | Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar |
| HKJ | Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis |
| HVL | Heilbrigðiseftirlit Vesturlands |
| HVF | Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða |
| HNV | Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra |
| HNE | Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra |
| HAUST | Heilbrigðiseftirlit Austurlands |
| HSL | Heilbrigðiseftirlit Suðurlands |
| HES | Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja |

HHK annast einnig eftirlit í Garðabæ og Álftanesi.
HKJ annast eftirlit í Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi og í Kjós.

Matvælaeftirlit heilbrigðiseftirlitssvæða er undir yfirumsjón Matvælastofnunar en í því felst m.a. samræming matvælaeftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu, og að vinna í nánu samstarfi við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi matvælafyrirtækja.

4.8.1. Neysluvatn

Neysluvatn er skilgreint sem matvæli og eru vatnsveitur því matvælafyrirtæki. Heilbrigðiseftirlit sveitafélaganna hefur reglubundið eftirlit með vatnsveitum, séu íbúar í það minnsta 50 eða heimili / sumarbústaðir 20 eða fleiri. Vatnsveitur sem þjóna matvælafyrirtækjum, þar með taldar einkaveitur mjólkurframleiðenda, eru undir reglubundnu eftirliti en í því felst eftirlit með vatnsbólum, verndarsvæðum, dreifikerfum og öllu því sem gæti haft áhrif á gæði neysluvatnsins, auk þess sem tekin eru sýni af vatninu til rannsóknar.

Vatnsveitur undir reglubundnu eftirliti eru um 800 og um 94% þeirra eru litlar einkaveitur til sveita eða veitur sem þjóna byggðakjörnum með færri en 500 íbúa. Að jafnaði eru tekin um 800 sýni á ári í reglubundnu eftirliti og er helmingur þeirra tekin hjá stærri veitum, þ.e. þeim sem þjóna sveitafélögum með 500 íbúa eða fleiri.

4.8.2. Matvælahópur

Í Matvælahópnum eru fulltrúar frá öllum heilbrigðiseftirlitssvæðum, sem vinna við matvælaeftirlit, ásamt fulltrúum frá Matvælastofnun. Markmið með starfsemi hópsins er að stuðla að samráði og samræmingu matvælaeftirlits og tryggja upplýsingaflæði milli þessara aðila. Hópurinn skal vinna að því að samræma framkvæmd eftirlits m.a. með því að skipuleggja samræmd eftirlitsverkefni, vera umræðuvettvangur þar sem ýmis álitamál eru tekin fyrir, taka þátt í skipulagi þjálfunar þeirra, sem starfa við opinbert matvælaeftirlit og vera vettvangur upplýsingamiðlunar um matvælaöryggis- og eftirlitsmál.

Matvælahópur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar hélt fimm fundi á árinu. Í hópnum var framkvæmd eftirlitsverkefna og sýnatöku heilbrigðiseftirlitssvæða til umræðu. Heilbrigðiseftirlit sá um að taka sýni af svína- og nautakjöti á markaði til greiningar á ESBL/AmpC myndandi *E. coli* (sjá kafla V.9) og grænmeti til greininga á varnarefnum (sjá kafla II.4.7).

Þörf á leiðbeiningum og viðmiðunarreglum var rædd. Á árinu voru gefnar út leiðbeiningar um eftirlit með neysluvatni og ís úr vél og unnið að leiðbeiningum um eftirlit með matvælasnertiefnum. Námskeið um framkvæmd eftirlits með matjurtum var haldið í mars. Farið var yfir framkvæmd eftirlits með orkudrykkjum á markaði sem innihalda koffín og þann frest, sem hægt er að gefa innflytjendum, til að uppfylla kröfur um að varúðarmerkingar séu á íslensku. Einnig var rætt um það sem var efst á baugi s.s. sýnatökur af matjurtum vegna greininga á varnarefnum, aukin tíðni listeríu og salmonellu í fólki, eftirlit með rekjanleika og gerð langtímaeftirlitsáætlunar.

Nánari umfjöllun um eftirlitsverkefni má finna í kafla II.5.

4.9. Innkallanir

Markaðseftirlit er á höndum heilbrigðiseftirlitssvæða en Matvælastofnun samræmir aðgerðir þegar grípa þarf til innkallana. Matvælastofnun birti 25 tilkynningar á árinu 2017 um innkallanir á innlendum og erlendum matvælum. Flestar innkallanirnar voru vegna aðskotahluta í matvælum eða örverumengunar.

Innkallanir vegna aðskotahluta voru sjö talsins, þar af þrjár vegna innlendar framleiðslu. Í flestum tilvikum var um plastbút að ræða. Tvær voru þó vegna glerbrots, í síldarkrukku og í pastasósu. Ein var vegna málmflísa í súkkulaðiköku og ein vegna tilkynningar um mús sem barst með spænsku spínati.

Alls voru sex innkallanir vegna örverumengunar eða hættu á henni, þar af tvær vegna innlendar framleiðslu. Af varúðarráðstöfunum innkallaði íslenskur framleiðandi ístertur vegna hugsanlegrar kólígerlamengunar en misvísandi niðurstöður höfðu fengist á örverumælingu. Þá vaknaði grunur um salmonellumengun í innlendum kjúklingi, sem var innkallaður í kjölfarið.

Vegna innfluttra matvæla voru tvær innkallanir vegna grunsemda um *Listeria monocytogenes*, í sveppum annars vegar og prótinstöngum hinsvegar. Þá fengust upplýsingar frá dönsku matvælastofnuninni um ofvöxt á mjólkursýrubakteríum og gerjun í tómatasósu. Verslunarkeðja sem flutt hafði vöruna inn landsins, sendi út varúðartilkynningu og innkallaði vöruna úr verslunum sínum.

Matvælastofnun barst tilkynning frá hraðviðvörðunarkerfi Evrópu um matvæli og fóður (RASFF) um nóróveirumengun í frosnum jarðarberjum. Í samráði við heilbrigðiseftirlitið innkallaði innflutningsaðili vöruna af markaði og sendi út fréttatilkyningu þar sem varað var við neyslu hennar. Í gegnum viðvörðunarkerfið barst einnig tilkynning um ólöglegt litarefni í páлмаolíu frá Ghana og varan var innkölluð í samráði við innflutningsaðilann.

Innköllum vegna vanmerkinga á ofnæmis- og ópolsvöldum fjölgaði um eina frá árinu 2016, úr sex innköllum í sjö, en fimm þeirra voru vegna innlendar framleiðslu. Ekki var greint frá hveiti á umbúðum sælgætiskúlna frá íslenskum framleiðanda og teknar voru úr sölu fiskibollur vegna vanmerkinga ofnæmis- og ópolsvalda, en eggjahvíta var ekki talin upp í innihaldslýsingu á merkimiða vörunnar.

Í reglubundnu eftirliti Matvælastofnunar uppgötvaðist að ekki var getið um hveiti og mjólkursykur í innihaldslýsingu á fiskibollum og fiski í raspi. Vörunar voru innkallaðar og send út viðvörðun þar sem viðkvæmum einstaklingum var bent á að neyta þeirra ekki.

Í einhverjum tilvikum var greint frá ofnæmisvaldandi innihaldsefnum á umbúðum (hnetusmjör og ostrur) en heiti ofnæmisvaldana voru ekki rétt tilgreind og vörunar því innkallaðar með neytendavernd í huga.

5. Sérstök eftirlitsverkefni

Á hverju ári standa Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitafélaga fyrir sameiginlegum eftirlitsverkefnum. Verkefni standa yfir í afmarkaðan tíma og er þá lögð áhersla á ákveðið mállefni, sem gjarnan er tengt gerð fræðsluefnis og/eða breytingum á lögum eða reglugerðum.

Á árinu 2017 var sjónum beint að upplýsingagjöf til neytenda um ofnæmis- og ópolsvalda í óforpökkuðum matvælum. Alls voru 159 verslanir, sem selja matvæli og veitingahús víðsvegar um landið heimsótt og ástand upplýsingagjafar um ofnæmis- og ópolsvalda athugað. Niðurstöður verkefnisins sýndu að talsvert vantar uppá að upplýsingaskylda sé að öllu leyti uppfyllt. Aðeins 57% fyrirtækja uppfylltu alla þætti upplýsingaskyldunnar. Frávikin voru misalvarleg. Í flestum tilvikum var vandamálið að ekki voru sýnilegar upplýsingar (t.d. skilti eða á matseðli) sem gáfu til kynna að starfsfólk veitti munnlegar upplýsingar um ofnæmisvalda. Alvarlegast var þegar gefin voru þau svör að ekki væru ofnæmisvaldar í tilteknum matvælum en ekki var hægt að staðfesta það með neinum hætti (uppskrift eða innihaldslisti ekki til staðar).

6. Matarbornir sjúkdómar

Matarborinn sjúkdómur er samheiti yfir matareitranir og matarsýkingar. Þegar upp koma matarbornir sjúkdómar vinna Matvælastofnum, sóttvarnalæknir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sameiginlega að því að greina sem fyrst orsök sjúkdómsins svo unnt sé að grípa til aðgerða og stöðva útbreiðslu hans.

Matvælastofnun fékk í október tilkynningu frá sóttvarnalækni um aukin fjölda tilfella af sýkingum af völdum *Listeria monocytogenes*. Fjölda tilfella má sjá í kafla V.5.1. Einnig sást aukin tíðni sýkinga af völdum *Salmonella* Typhimurium í ágúst – september. Salmonellustofnarnir voru greindir og bornir saman við stofna sem höfðu greinst í dýrum. Fjallað er um niðurstöðurnar í kafla V.8. Ekki tókst að finna uppruna sýkinganna.

Matvælastofnun fékk tilkynningu um þrjár hrinur matarborinna sjúkdóma. Í tveimur tilfellum mátti rekja sýkinguna til matvæla. Ekki tókst að rekja orsök nóróveiru sýkingar, sem kom upp í sumar meðal skáta á Úlfjótavatni.

58 einstaklingar veiktust á Suðurnesjum eftir að hafa borðað hádegismat frá veitingaþjónustu. Rannsókn heilbrigðiseftirlits á uppruna sýkingarinnar leiddi í ljós að röng meðhöndlun við meðferð, hitun og kælingu nautakjöts hafi valdið því að *Clostridium perfringens* náði að fjölga sér í kjötinu og valda matareitrun hjá hluta þeirra sem borðuðu kjötið.

Við upphaf skólaársins bárust tilkynningar um að starfsfólk tveggja skóla á höfuðborgarsvæðinu hefðu veikt af magakveisu. Samtals veiktust 128 einstaklingar. Rannsókn heilbrigðiseftirlits og sóttvarnarlæknis fór fram með samtölum við skólastjórnendur og hluta þeirra sem veiktust auk þess sem sýni voru tekin af matvælum til örverugreininga. Grunur beindist fljótt að innfluttu salati frá Ítalíu og greining á salatinu staðfesti að það var orsakavaldurinn. *Aeromonas hydrophila* greindist í salatinu en einkenni sýkingarinnar líktust einkennum sem eru einkennandi fyrir sýkingu af völdum þessarar bakteríu. Salatið hafði ekki verið þvegið áður en það var borið fram, en á merkingum umbúða var tilgreint að það væri óþvegið. Í kjölfarið fór fram umræða í fjölmiðlum um mikilvægi þess að þvo salat og kryddjurtir fyrir neyslu.

1. Um dýraheilsu

Sviðið fer með stjórnábylgju og yfirumsjón allra mála sem tengjast velferð og heilbrigði dýra og afurða í frumframleiðslu, áburði, fóðri og lyfjamálum s.s. stjórnábylgjuleg ráðgjöf til ráðuneytis og annarra stofnana, túlkun laga og reglugerða, samskipti við erlendar stofnarnir, vöktun dýrasjúkdóma og skipulag eftirlits.

Á árinu var birt skýrsla Alþjóðlegu dýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE), en stofnunin framkvæmdi mat á fyrirkomulagi og virkni dýralæknaþjónustu á Íslandi haustið 2015. Staða dýralæknaþjónustu hér á landi er um flest góð að mati OIE. Meðal helstu styrkleika kerfisins að mati OIE má nefna góða löggjöf og að reglulegt eftirlit sé byggt á áhættumati. Er til þess tekið að tilfelli matarsýkinga eru mjög fá og að auki þóttu öll matvælaframtækni sem skoðuð voru vera af mjög háum gæðaflokki. Þegar á heildina er lítið var niðurstaðan um flest allgóð, þótt enn sé rými til úrbóta. Vinna stendur yfir við ýmsa þá þætti sem ábendingar voru um. Þar má nefna vinnu starfshóps að tillögum um breytingar á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum um innflutning dýra og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Starfshópurinn skilaði af sér til ráðherra landbúnaðarmála á haustdögum. Vonir standa til að sú vinna skili sér í endurbættri löggjöf í málaflokknum á komandi misserum. Matvælastofnun er einn helsti vinnustaður dýralækna hér á landi og vísa ábendingar og ráðleggingar í skýrslunni til mikilvægi þess að styrkja starfsemi stofnunarinnar vegna umfangsmikilla verkefna á sviði dýraheilbrigðis og dýravelferðar.

Heilbrigði dýra er almennt gott, en á árinu var þó hefðbundin riða staðfest í sauðfé á Norðurlandi, brúni hundamítillinn greindist á ný á árinu, hnerrapest kom upp í hundum og köttum víða um land og hjartaormur fannst í fyrsta sinn hér á landi í innfluttum hundi sem var í einangrun. Óvenjumikil laxalús greindist í eldislaxi á Vestfjörðum og var þá í fyrsta sinn meðhöndlað við henni hér á landi. Gripið var til viðamikilla aðgerða í byrjun árs vegna nautgripahjarðar á Suðurlandi sem hafði komist í kjótmjöl, en með öllu er bannað að fóðra dýr sem ætluð eru til manneldis með dýrapróteini. Gerð eru nánari skil á þessu í köflum undir viðkomandi dýrategund. Þess má geta að á árinu kom upp sérstakt tilvik er varðar viðkvæma stöðu landsins m.t.t. dýrasjúkdóma, þegar fótur af dádýri fannst í innfluttum spæni og af því tilefni var gripið til viðamikilla varúðarráðstafana. Matvælastofnunin leggur áherslu á fræðslu um heilbrigði og velferð dýra og hélt stofnunin ýmis erindi í því samhengi, s.s. á málþingi í Reykjavík um gæludýr, um riðu í Skagafirði, um búfjárhald í Vestmannaeyjum ofl.

Á árinu opnaði Matvælastofnun sérstaka Fésbókarsíðu undir heitinu „Dýravakt MAST“. Með aukinni meðvitund almennings um velferð dýra hér á landi berast stofnuninni fjölmargar ábendingar um illa meðferð á dýrum og/eða umhirðuleysi, auk þess sem stofnunin uppgötvar slíkt í reglubundnu eftirliti sínu. Á árinu hafði stofnunin afskipti af fjölda tilvika og þurfti tíðum að grípa til þvingana, s.s. dagsekta en einnig vörslusviptinga sem er harðasta úrræðið sem stofnunin getur beitt. Vörslusviptingar fóru fram víða um land og náðu til nær allra dýrategunda, sumar mjög viðamiklar sem tóku til tuga dýra. Á árinu var í fyrsta sinn vörslusvipt vegna umhirðuleysis í formi hreyfingarleysis og ofþyngdar.

Mikilvægi heilstæðrar nálgunar á mati á heilbrigði manna og dýra verður mönnum stöðugt ljósara og er alþjóðleg herferð hafin í þessu samhengi undir yfirskriftinni „One health“, sem útleggja mætti „Dýraheilsa er okkar heilsa“. Matvælastofnun lætur til sín taka í þessum málum, sérstaklega er varðar sýklalyfjaónæmi og ábyrga notkun sýklalyfja. Yfirdýralæknir sat í starfshópi um varnir gegn sýklalyfjaónæmi, ásamt Sóttvarnalækni og fulltrúa Keldna, sem skilaði af sér á vormánuðum tillögum um úrbætur til ráðherra velferðarmála og ráðherra landbúnaðarmála. Af því tilefni og þess að forstjóri Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) kom í opinbera heimsókn hingað til lands var haldið málþing um lyfjaónæmi í maí.

2. Skipulag eftirlits


2.1. Hlutverk/verkefni sérgreinadýralækna/sérfræðinga

Sérgreinadýralæknar og sérfræðingar hafa starfsaðstöðu á aðalskrifstofu stofnunarinnar nema sérgreinadýralæknir hrossasjúkdóma sem er með skrifstofu á Hólum í Hjaltadal og sérgreinadýralæknir loðdýrasjúkdóma er staðsettur á Ísafirði. Þeir vinna við stjórnábylgju, skipulag og úrvinnslu vöktunar dýrasjúkdóma og súna, samræmingu og úrvinnslu eftirlits í frumframleiðslu auk eftirlitsstarfa og sýnatöku. Síðast en ekki síst beita þeir sér fyrir bættu heilbrigði dýra og sinna almennri fræðslu. Þessu eru gerð skil í köflum hvar dýrategundar, dýrasjúkdóma, dýravelferðar, lyfja, aukaafurða dýra og súna.

2.2. Hlutverk/verkefni umdæmisstofa

Landinu er skipt í sex umdæmi. Í hverju þeirra starfar héraðsdýralæknir ásamt eftirlitsdýralæknum og dýraeftirlitsmönnum, en í Austurumdæmi er þó enginn eftirlitsdýralæknir. Umdæmin eru misjöfn að stærð, bæði landfræðilega og með tilliti til fjölda dýra og annarrar starfsemi sem fellur undir starfssvið stofnunarinnar. Á *Mynd III.2.1* má sjá landfræðilega skiptingu umdæmanna.

Mynd III.2.1: Umdæmi Matvælastofnunar



Verkefni umdæmisstofa eru fjölbætt, megin þungi starfa dýraeftirlitsmanna, héraðs- og eftirlitsdýralækna er framkvæmd eftirlits með öllu sem við kemur „frá haga til maga“. Það tekur til skoðunar starfsemi og sýnatökur er varða dýraheilbrigði, dýravelferð og framleiðslu afurða úr dýraríkinu. Umdæmisstofnunar annast varnir vegna smitsjúkdóma, viðbrögð við grun um alvarlega dýrasjúkdóma, afgreiðslu tilkynninga um illa meðferð á dýrum ofl.

2.3. Dýralæknaþjónusta

Í því skyni að tryggja velferð dýra og dreifðum byggðum reglubundna dýralæknaþjónustu svo og bráðaþjónustu hefur ráðherra sett reglugerð um hvernig tryggja skal starfsaðstöðu og greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralækna sem tekur að sér að veita slíka þjónustu. Þjónustusvæðin eru skilgreind í reglugerð nr. 846/2011 um dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum og eru tíu þjónustusvæði á landinu sem styrkt eru af opinberu fé.

Landinu öllu er skipt í 13 vaktsvæði skv. lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Héraðsdýralæknar hafa samskipti við starfandi dýralækna hver í sínu umdæmi og annast skipulagningu bakvakta dýralækna, þ.e. vakta utan hefðbundins dagvinnutíma. Í *Töflu III.2.1* má sjá hvernig þjónustu- og vaktsvæði skiptast niður eftir umdæmum og áætlaðan fjölda starfandi dýralækna í hverju umdæmi.


Tafla III.2.1: Skipting þjónustu- og vaktsvæða og fjöldi dýralækna eftir umdæmum

| Umdæmi | Þjónustusvæði | Vaktsvæði | Fjöldi starfandi dýralækna* |
|----------------------------|---------------|-----------|-----------------------------|
| Suðvesturumdæmi | 0 | 1 | 34 |
| Vesturumdæmi | 3 | 4 | 8 |
| Norðvesturumdæmi | 1 | 1 | 7 |
| Norðausturumdæmi | 2 | 2 | 9 |
| Austurumdæmi | 3 | 3 | 7 |
| Suðurumdæmi | 1 | 2 | 15 |
| Samtals á landsvísi | 10 | 13 | 80 |

* Fjöldi starfandi dýralækna sem stunda dýralækningar að miklu eða öllu leyti

Matvælastofnun heldur skrá yfir alla dýralækna sem hafa leyfi til að starfa hér á landi sem dýralæknar, en atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gefur út leyfin. Á árinu voru gefin út 4 dýralæknisleyfi (2 konur og 2 karlar) og hafa þá um síðustu áramót 219 íslensk dýralæknaleyfi verið gefin út frá upphafi. Á *Mynd III.2.2* má sjá fjölda útgefinna dýralæknisleyfa á hvert skipt eftir kynjum.

Mynd III.2.2: Fjöldi útgefinna dýralæknaleyfa á ári eftir kynjum



3. Smitsjúkdómar

3.1. Varnir

Einnliður í vörnum gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins er að fylgjast með stöðu varðandi smitsjúkdóma í heiminum. Þegar upp koma alvarlegir smitsjúkdómar í öðrum löndum fær Matvælastofnun tilkynningu um þá á margvíslegan hátt, m.a. í gegnum tengslanet yfirdýralækna, frá Evrópusambandinu og Alþjóða dýraheilbrigðisstofnuninni (OIE). Þegar slíkar tilkynningar berast er fylgst betur með innflutningi og hann jafnvel stöðvaður ef þurfa þykir. Upplýsingar um sjúkdómastöðu í öllum aðildarlöndum OIE má nálgast á vefslóðinni:

<http://www.oie.int/en/animal-health-in-the-world/wahis-portal-animal-health-data/>

3.2. Vöktun

3.2.1. Smitsjúkdómar

Smitsjúkdómar eru flokkaðir í þrjá flokka samkvæmt reglugerð um tilkynningar- og skráningarskylda dýrasjúkdóma nr. 52/2014, sem sett er með stöð lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993. Flokkunin byggir á alvarleika sjúkdómanna. Eftirliti með sjúkdómunum má skipta í tvær gerðir. Annars vegar er um að ræða vakandi augu dýraeigenda, dýralækna og annarra sem umgangast dýr, hins vegar eru reglubundnar sýnatökur. Samkvæmt lögum ber hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lögin ná yfir, eða áður óþekktum sjúkdómi, að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Þessi gerð vöktunar byggir á því að sjúkdómseinkenni komi fram. Það er þó ekki alltaf raunin og þá reynir á hina gerðina, þ.e. skimun með sýnatökum. Við ákvörðun um hvaða sjúkdóma þarf að vakta með reglubundnum sýnatökum er meðal annars tekið mið af reglum Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar, kröfum viðskiptalanda, mögulegum smitleiðum og sjúkdómastöðu í nágretta- og viðskiptalöndum.

Í **Töflu III.3.1** má sjá fjölda sýna sem tekin voru til vöktunar dýrasjúkdóma á árinu 2017. Um er að ræða bæði sýni sem tekin eru samkvæmt skimunaráætlun og sýni sem tekin eru til staðfestingar eða nánari rannsóknar ef sýni hafa reynst jákvæð við skimun. Nánari upplýsingar um sjúkdómssgreiningar eru í köflum um hverja dýrategund. Yfirlit yfir sýnatökur og niðurstöður rannsókna undanfarinna ára er að finna á vef Matvælastofnunar undir yfirskriftinni *Eftirlitsniðurstöður*.

Tafla III.3.1: Yfirlit yfir skimun vegna smitsjúkdóma í búfé og fiskum 2017

| Dýrategund | Sjúkdómur | Gerð sýna | Fjöldi sýna | | | |
|------------------|--|--|--------------------|---------------|------------------|---|
| | | | í heild | neikvæð | jákvæð | |
| Nautgripir | Smitandi hvítblæði (EBL) | Mjólk | 70 (70 bú) | 70 | 0 | |
| | Smitandi barkabólga/smitandi fósturlát (IBR/IPV) | Mjólk | 70 (70 bú) | 70 | 0 | |
| | Smitandi slímhúðarpest (BVD) | Mjólk | 70 (70 bú) | 70 | 0 | |
| | Salmonella Dublin | Mjólk | 70 (70 bú) | 70 | 0 | |
| | Huldusótt (Q-fever) | Mjólk | 70 (70 bú) | 70 | 0 | |
| | Smitandi fósturlát (Bovine Brucellosis) | Blóð | 83 (17 bú) | 83 | 0 | |
| Kúariða (BSE) | Heili | 897 (266 bú) | 897 | 0 | | |
| | Garnaveiki (Paratuberculosis) | Blóð | 0 | 0 | 0 | |
| | Garnaveiki (Paratuberculosis) | Garnir | 5 (3 bú) | 5 | 0 | |
| Sauðfé | Riða (Scrapie) | Heili | 3.678*1 (217 bú) | 3.669 | 9 (1 bú) | |
| | Garnaveiki (Paratuberculosis) | Garnir | 10 (10 bú) | 7 | 3 (3 bú) | |
| | Smitandi fósturlát (Ovine Brucellosis) | Blóð | 50 (10 bú) | 50 | 0 | |
| Geitur | Mæðiveiki (Maedi-Visna) | Blóð | 78 (10 bú) | 78 | 0 | |
| | Riða (Scrapie) | Heili | 16 (6 bú) | 16 | 0 | |
| Svín | PRRS-veiki | Blóð | 242 (8 bú) | 242 | 0 | |
| | Hross | Hestainflúensa (EI) | Blóð | 50 (50 bú) | 50 | 0 |
| | | Smitandi háls og lungnakvef /fósturlát (EHV-1) | Blóð | 50 (50 bú) | 50 | 0 |
| Alifuglar | Smitandi slagæðabólga (EAV) | Blóð | 50 (50 bú) | 50 | 0 | |
| | Newcastle veiki (ND) | Blóð | 70 (10 bú) | 70 | 0 | |
| | Fuglaflensa (AI) | Blóð | 70 (10 bú) | 70*2 | 0 | |
| Villtir fuglar | Fuglaflensa (AI) | Strok | 3*3 (2 bú) | 3*2 | 0 | |
| | Fuglaflensa (AI) | Strok | 214*4 | 214*2 | 0 | |
| | Minkar | Plasmacytósa | Blóð | 3.346 (22 bú) | 3.346 | 0 |
| Hundar | Sullaveiki (<i>Echinococcus granulosus</i>) | Saur | 44 | _*5 | _*5 | |
| | Sullaveikifár (<i>Echinococcus multilocularis</i>) | Saur | 44 | _*5 | _*5 | |
| Refir | Sullaveiki (<i>Echinococcus granulosus</i>) | Saur | 43 | _*5 | _*5 | |
| | Sullaveikifár (<i>Echinococcus multilocularis</i>) | Saur | 43 | _*5 | _*5 | |
| Hreindýr | Hreindýrariða (Chronic wasting disease) | Líffæri | 54 | 54 | 0 | |
| Fiskar | Veirublæði (VHS) | Líffæri | 1.127 (13 stöðvar) | 1.127 | 0 | |
| | Iðradrep (IHN) | Líffæri | 1.127 (13 stöðvar) | 1.127 | 0 | |
| | Brisdrep (IPN) | Líffæri | 1.127 (13 stöðvar) | 1.127 | 0 | |
| | Brisdrep (IPN) – PCR greining | Líffæri | 2.030 (2 stöðvar) | 2.030 | 0 | |
| | Blóðþorri (ISA) | Líffæri | 13.296 (8 stöðvar) | 13.265 | 31*6 (2 stöðvar) | |
| | Brisveiki (PD) | Líffæri | 5.074 (4 stöðvar) | 5.074 | 0 | |
| | Hjartarof (CMS/PMCV) | Líffæri | 3.094 (5 stöðvar) | 3.094 | 0 | |
| Nýrnaveiki (BKD) | Líffæri | 3.800 (23 stöðvar) | 21 stöð | 2 stöðvar | | |
| Villtur lax | Nýrnaveiki (BKD) | Líffæri | 863 (14 ár) | 16 | 4 ár | |

*1 Að meðtöldum 103 sýnum frá bæ sem riða greindist á og tekin voru við niðurskurð í janúar 2018

*2 Neikvætt fyrir H5 og H7

*3 Sýni úr frístundahænum sem drápust

*4 Þar af 196 úr lifandi fuglum (121 álf og 75 heiðargæsurnar) og 14 úr fuglum sem fundust dauðir

*5 Niðurstöður hafa ekki borist

*6 Stofn ISA veirunnar með litla/enga meinvirkni (HPR0)

3.2.2. Skordýr

Lúsmý (*Culicoides*) getur borið veirus milli dýra, m.a. blátunguveiru og Schmallenbergveiru sem valda sjúkdómum í sauðfé, geitum og nautgripum. Á árinu 2016 voru settar upp flugnagildir á tveimur stöðum á landinu til vöktunar á lúsmý.

Gildirnar voru tæmdar samtals níu sinnum. Greining á flugunum var gerð af sérfræðingum við Dýralæknaháskólann í Lissabon í Portúgal. Engar flugur af tegundinni *Culicoides* fundust.

3.3. Viðbrögð

Matvælastofnun vinnur eftir sérstakri viðbragðsáætlun þegar alvarlegir smitsjúkdómar koma upp. Í áætluninni er að finna skilgreiningu á boðleiðum, gátlista fyrir þá sem stjórna aðgerðum, ýmis eyðublöð, leiðbeiningar, upplýsingar um nokkra sjúkdóma, almennt yfirlit yfir viðbrögðin o.fl. Viðbragðsáætlunin er hluti af gæðahandbók, sem er aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar.

4. Dýravelferð

4.1. Stjórnsýsla vegna nýrra laga og reglugerða


Vorið 2017 tóku gildi tvær nýjar reglugerðir er varða velferð dýra. Önnur þeirra er reglugerð nr. 460/2017 um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni, sem fellir úr gildi eldri reglugerð nr. 279/2002 um dýratilraunir. Nýja reglugerðin herðir nokkuð skilyrði varðandi leyfisveitingar m.a. kröfur til ábyrgðaraðila rannsókna þar sem notuð eru dýr. Þá er aðgangur almennings til upplýsinga um m.a. hvaða rannsóknir eru leyfðar, hvert markmið þeirra er, hugsanlegar afleiðingar sem rannsókn getur haft á dýr, samfélagslegan og vísindalegan ávinning o.s.frv. aukinn. Fundargerðir fagráðs eru t.a.m. birtar á heimasíðu Matvælastofnunar eftir gildistöku reglugerðarinnar.

Hin er reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi sem fellir úr gildi reglugerð um meðferð búfjár við rekstur og flutning með vögnum, skipum og flugvélum frá 1958. Nýja reglugerðin um flutning dýra tekur mið af sambærilegri reglugerð sem tók gildi í Evrópusambandinu árið 2005. Meðal nýmæla í reglugerðinni er krafa um þjálfun þeirra sem stunda flutning á dýrum í atvinnuskyni og hæfisskráningu sem Matvælastofnun gefur út eftir að viðkomandi hefur sýnt fram á þekkingu sína varðandi velferð dýra í flutningi og smitvarnir. Aukin ábyrgð er lögð á flutningsaðila við að meta ástand dýra og hæfi þeirra til flutnings og skráningu dagbókar, þar sem m.a. skal koma fram skipulag og tímalengd flutnings. Þá skulu flutningstæki á landi, gámar og annað rými í loftföllum og skipum sem ætluð eru til að flytja dýr vera samþykkt af Matvælastofnun að undangenginni skoðun til að tryggja að skilyrði um gerð og útbúnað séu uppfyllt.

4.2. Ábendingar um grun um illa meðferð á dýrum

Sú mikla aukning undanfarin ár á ábendingum frá almenningi er varða velferð dýra virðist nú hafa náð jafnvægi. Ábendingarhappurinn á heimasíðu Matvælastofnunar, sem settur var upp haustið 2013 virðist vel þekktur og gerir almenningi trúlega auðveldara fyrir að tilkynna grun um illa meðferð á dýrum. Hér að neðan er yfirlit yfir fjölda ábendinga eftir árum. Í upphafi varð mest aukning á ábendingum sem varðaði gæludýr, en fjöldi ábendinga fækkaði í fyrsta skipti árið 2017 síðan ábendingahappurinn var settur upp. Ábendingum sem vörðuðu búfé fækkaði mikið og munaði þar mestu um töluverða fækkun á ábendingum um hross. Rétt er að hafa í huga að stundum berast fleiri en ein ábending frá ólíkum aðilum um sama tilfallið. Unnið er úr öllum ábendingum, sumar varða mál sem þegar er kunnugt um en aðrar þarf að kanna nánar, en ekki eru allar ábendingar á rökum reistar. Tölurnar endurspeglar því ekki raunveruleg tilfalli illrar meðferðar á dýrum. Ljóst er að eftir því sem dýrahaldið er minna sýnilegt almenningi, því færri ábendingar berast stofnunni um viðkomandi dýrahald. Þar vegur á móti tíðara reglubundið eftirlit stofnunarinnar, en því eru gerð nánari skil undir hverri dýrategund aftar í skýrslunni. Skiptingu ábendinga eftir dýrategundum má sjá í [Töflu III.4.1.](#)

Mynd III.4.1: Fjöldi ábendinga sem hafa borist frá almenningi í ábendingakerfi Matvælastofnunar um grun um illa meðferð á dýrum



Tafla III.4.1: Fjöldi ábendinga um illa meðferð á dýrum árið 2017

| Dýr | Dýrategund | Fjöldi |
|---|---------------|------------|
| Búfé | | |
| | Nautgripir | 22 |
| | Sauðfé | 56 |
| | Hross | 98 |
| | Svín | 2 |
| | Loðdýr | 4 |
| | Alifuglar | 20* |
| | Búfé annað | 23 |
| Búfé samtals: | | 225 |
| * Inniheldur tölur úr vöktun dauðra villtra fugla vegna fuglaflensu. 3 tilfalli vörðuðu mar í kjúklingakjöti | | |
| Gæludýr | | |
| | Hundar | 196 |
| | Kettir | 35 |
| | Önnur gæludýr | 35 |
| Gæludýr samtals: | | 266 |
| Ábendingar alls: | | 491 |

Algengast var að alvarleg frávík væru gerð vegna skorts á úrbótum innan tilgreinds frests við kröfum um úrbætur vegna fyrri frávika, þetta á við í öllum búgreinum (meðaltal allra búgreina 39%). Alvarleg frávík af öðrum toga vörðuðu helst hjá hrossum holdafar (20%), fóðrun/beit og brynning (12%) og hófhirða (11%); hjá nautgripum hreinleika dýra og legusvæði (9%), gólf (8%), eftirliti umráðamanna sé ábótavant (7%) og rými/þéttleiki í stíum og legurými (7%); hjá sauðfé eftirliti umráðamanna sé ábótavant (14%), hreinleiki dýra og legusvæði (7%) og fóðrun og brynning (7%); hjá alifuglum var meira en helmingur alvarlegra frávika vegna skorts á úrbótum en í nokkrum tilfellum vegna athugasemda við daglegt eftirlit (6/20 skoðunaratriðum eða 30%) og loftræstingu (2/20 eða 10%); hjá svínunum var einnig meira en helmingur alvarlegra frávika vegna skorts á úrbótum en vegna athugasemda við holdafar (3/11 eða 27%) en í einu tilfalli vegna athugasemda við rými/þéttleika/legurými og í einu tilfalli vegna athugasemda við eigið eftirlit umráðamanns. Nánari umfjöllun er í köflum um hverja búgrein aftar í skýrslunni.

4.4. Fagræð um velferð dýra

Fagræðið um velferð dýra hélt 11 fundi á árinu. Fagræðinu ber að veita Matvælastofnun umsögn um allar umsóknir sem berast stofnuninni vegna tilrauna á dýrum. Alls bárust 22 umsóknir á árinu. Einni umsókn var hafnað og ein umsókn var ekki metin sem tilraun. Gefin voru út 20 leyfi til dýratilrauna að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Að auki tekur fagræðið til umfjöllunar önnur mál er varða dýravelferð.

4.5. Fræðsla og nefndarstörf

Almenn fræðsla er lykilatriði til að auka velferð dýra. Fjöldi fræðslufunda og fyrirlestrar hafa verið haldnir að tilstuðlan Matvælastofnunar eða með þátttöku stofnunarinnar s.s. í háskólum og menntastofnunum landsins fyrir almenning, fólk sem vinnur að rannsóknum, búvísindanema, sæðingamenn og meindýraeyða svo eitthvað sé nefnt, en einnig fyrir áhugamannasamtök um dýravelferð.

Matvælastofnun tekur þátt í norrænu, evrópsku og alþjóðlegu samstarfi á sviði dýravelferðar og nýtir sér þekkingu og reynslu annarra þjóða en miðlar einnig eigin reynslu til annarra. Dýralæknir dýravelferðar á m.a. sæti í samnorrænum vinnuhópum á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Annarsvegar ABWI, sem hefur þróað matskerfi til að meta dýravelferð við mat á dýrunum sjálfum („Animal based welfare indicators“) og hinsvegar samtökum um dýravelferð NordCAW („Nordic network for Communicating Animal Welfare“). NordCAW heldur ráðstefnu á hverju ári um einhver valin atriði er varða dýravelferð. Haustið 2017 var sameiginleg ráðstefna haldin í Kaupmannahöfn með Danish center

for animal welfare (DCAW) þar sem þema ráðstefnunnar var áhrif neytenda á dýravelferð og mat á velferðarþáttum við mat á dýrunum sjálfum „Consumer-driven animal welfare and animal based welfare indicators“.

5. Opinbert eftirlit eftir dýrategundum

5.1. Alifuglar

Kjúklingaframleiðsla hefur haldist stöðug frá fyrra ári. Eggjaframleiðsla á einu varphænsnabúi lauk í byrjun árs. Eigendaskipti varð á tveimur starfsstöðvum í eggjaframleiðslu, en starfsemi á annarri þeirra lauk þegar leið á árið. Stæðum fyrir varphænur hefur þó fjölgað frá fyrra ári, úr 238.000 í 244.000 stæði, því eggjabú hafa stækkað með byggingu nýrra húsa. Í öllum nýjum varphúsum sem tekin voru í notkun 2017 eru varphænur haldnar í pallakerfum. Ekki hafa verið tekin í notkun innréttuð búr, en þessi tegund innréttinga fyrir varphænur er ekki til hérlendis. Með þessum breytingum á árinu hefur hlutfall hæna sem haldnar eru í lausagönguhúsum fjölgað um 2%. Í lok árs voru 29% varphæna haldnar í lausagönguhúsum, 6% varphæna (eitt bú) hefur aðgang að útisvæði í lífrænni eggjaframleiðslu. 65% varphæna eru haldnar í hefðbundnum búrum, en það er heimilt skv. reglugerð til ársloka 2021.

Tafla III.5.1: Yfirlit yfir fjölda fuglastæða (leyfilegur hámarksfjöldi) á alifuglabúum 2017 (stofnfugl, varphænur = fullorðinir fuglar)

| Umdæmi | Kalkúnar | | Holdahænsni | | Varphænsni | |
|--------------------------|---------------|--------------|-------------------|---------------|----------------|--------------|
| | Eldi | Stofnfugl | Eldi ¹ | Stofnfugl | Varphænur | Stofnfugl |
| Suðurumdæmi | 14.000 | 0 | 273.000 | 45.000 | 38.000 | 0 |
| Vesturumdæmi | 0 | 0 | 165.000 | 0 | 1.000 | 0 |
| Suðvesturumdæmi | 1.000 | 1.000 | 239.000 | 8.000 | 189.000 | 4.000 |
| Norðvesturumdæmi | 0 | 0 | 28.000 | 0 | 3.000 | 0 |
| Norðausturumdæmi | 0 | 0 | 48.000 | 6.000 | 10.000 | 0 |
| Austurumdæmi | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.000 | 0 |
| Samtals á landinu | 15.000 | 1.000 | 754.000 | 59.000 | 244.000 | 4.000 |

¹ miðað við 35 daga aldur og 2,15kg líffþyngd

5.1.1. Sjúkdómavarnir

Reglugæga eru flutt inn frjóegg til endurnýjunar á stofnfuglum í alifuglarækt. Sjö sinnum voru flutt inn frjóegg holdahæna frá Svíþjóð af Aviagen Ross 308 stofni, og tvisvar sinnum frjóegg af nýja B.U.T. kalkúnastofninum Premium frá Bretlandi. Vegna vandamála hjá stofnræktanda í Noregi þurfti einu sinni að flytja inn frjóegg af varphænsnastofni Lohmann LSL frá Danmörku. Annar innflutningur á varphænsnastofni Lohmann LB kom frá Noregi eins og vanalega.

Allur innflutningur gekk vel. Ekki fundust tilkynningaskyldir smitsjúkdómar í innfluttum hópum í einangrun, sem stendur yfir í a.m.k 6 vikur, en í einum hópi kom upp sýking af völdum *E. coli*. Sjúkdómurinn er þekktur hérlendis og var ekki gripið til frekari aðgerða, sjúkdómurinn gekk yfir. Meðan á einangrun stendur, er leitað mótefna gegn fuglaflensu (AI), Newcastle veiki (ND), smitandi berkjubólgu (IB), smitandi kverka- og barkabólgu (ILT), nef- og barkabólgu (ART/SHS), Gumboroveiki (IBD), *Mycoplasma gallisepticum* (MG), *Mycoplasma synoviae* (MS) og *Mycoplasma meleagridis* sem eingöngu er leitað að í kalkúnum. Mótefnamælingar gegn varþröskun (EDS 76) var lögð af á árinu þar sem ekki finnast mótefni í ungfuglum þó svo þeir séu smitaðir. Af þeirri ástæðu þarf að tryggja að sjúkdómurinn sé ekki til í upprunalandi frjóeggja eða á því búi sem frjóegginn koma frá. Í öllum innflutningshópum er leitað að *Salmonella* spp., en öll sýnin reyndust neikvæð.

Veturinn 2016/2017 var alvarlegt afbrigði fuglaflensu af tegundinni H5N8 víða útbreidd í Evrópu. Fyrsta tilfelli H5N8 kom upp í Ungverjalandi í villtum fuglum í október 2016. Fljótlega fannst H5N8 einnig í alifuglum, fyrst í Ungverjalandi, og síðan í mörgum öðrum löndum Evrópu. Þetta afbrigði er bráðsmitandi og hefur valdið miklum afföllum í alifuglum, en einnig í öðrum fuglum í haldi manna og í villtum fuglum, sem er óvenjulegt. Þegar faraldurinn náði hámarki veturinn 2016/2017 hafði veiran dreift sér til 22 landa, en einnig til Asíu. Vegna hættu á að fuglaflensa H5N8 gæti hæglega borist með farfuglum til landsins frá smituðu svæði í Bretlandi og Vaðlahafinu, birti Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið tímabundna auglýsingu um varnir gegn fuglaflensu. Krafist var aukinna smitvarna á öllum búum þar sem alifuglar og aðrir fuglar voru haldnir, óheimilt var að halda fuglana utandyra nema undir þaki. Vöktun á fuglaflensu í villtum fuglum

var aukið með því að taka sýni úr öllum sjálfdaudum eða grunsamlegum fuglum, nema fuglinn hafi drepist augljóslega vegna slyss. Fyrri hluta ársins bárust 29 tilkynningar frá almenningi um dauða fugla, sýni voru tekin úr 18 fuglum; sex álfum, fjórum æðarfuglum, þremur gæsnum, tveimur toppskörfum, einum skógarþresti, einum sílamávi og einum hrossagauki. Ekki fundust fuglaflensuveirur í þessum sýnum. Tilkynning um óeðlileg dauðsföll í alifuglum bárust vegna tveggja alifuglahópum, báðir hópar voru svokallaðar „bakgarðshænur“. Ekki greindist fuglaflensa í þeim. Í maí 2017 var varúðarráðstöfunum vegna fuglaflensu aflétt.

5.1.2. Sjúkdómar

Ekki greindust tilkynningaskyldir sjúkdómar í alifuglum á árinu. Starfsemi á einu varphænsnabúi sem var með viðvarandi smit fuglakóleru lagðist af í byrjun árs 2017.

Við rannsókn á auknum dauðsföllum í varphænum á einu eggjabúi greindist rauðsýki (*Erysipelothrix rhusiopathiae*). Sjúkdómurinn er skráningaskyldur í svínnum, en ekki í öðrum dýrategundum. Þekkt er að sjúkdómurinn getur komið upp í alifuglum ef þeir eru haldnir nálægt svínnum, en í þessu tilfelli var fyrrum svínahúsi breytt í varphænsnahús, svínahald lagðist af í húsinu fyrir um 6 árum. Ekki er þó staðfest að sjúkdómurinn hafi komið upp vegna smits úr nærumhverfinu, þó grunur sé um það.

Blávængjaveiki af völdum Chicken anemia virus CAV greindist í einum kjúklingahópi á árinu. Sjúkdómurinn er hvorki tilkynninga- né skráningaskyldur. Þekkt er að tilfelli geta komið upp ef í bólusetning foreldrafugla misferst, en bólusetning veitir afkvæmum vörn.

Rauði hænsnamítillinn (*Dermyssus gallinae*) fannst í „bakgarðshænum“ á höfuðborgarsvæðinu. Varpið í hópnum hafði minnkað óeðlilega, ein hæna drapst. Greining mítólsins er ekki tilkynningaskyld, en mítillinn veldur miklu tjóni erlendis í varphænum vegna mikils kláða og blóðtaps, því mítlarnir sjúga blóð. Í smituum hænsnahópum minnkar varp og hænur geta jafnvel drepist. Ekki er þekkt hérlendis að rauði hænsnamítillinn valdi tjóni í alifuglum sem haldnir eru í atvinnuskyni, smithætta eykst þó með auknu hænsnahaldi með aðgangi að útisvæði. Mítillinn getur einnig lagst á spendýr, s.s. húsdýr og fólk og orsakar þá kláða og útbrot.

Á einu búi voru staðfest salmonellusmit í þremur kjúklingaeldishópum á árinu og var fuglahópunum fargað á búinu, alls 28.000 fuglar. Ekki greindist Salmonella í annarri frumframleiðslu alifugla. Innkalla þurfti afurðir úr einni kjúklingasláturlotu vegna greiningar á salmonellu í henni. Markmið landsáætlunar Matvælastofnunar um að halda smiti í kjúklingum í eldi ætíð undir 1% náðist á árinu.

Eins og undanfarin ár, þá eru greiningar á kampýlóbakttersmiti í kjúklingum sjaldgæfar og þurfti einungis að frysta afurðir úr 23 eldishópum á árinu, eða 3,1% hópa. Í 2,5% sláturhópa greindist kampýlóbakttersmit, en heimilt að dreifa afurðum slíkra hópa ófrystum á markað.

5.1.3. Forvarnir í dýravelferð

Vænlegasta leiðin til að tryggja velferð alifugla, sem og allra dýra, er að sjá til þess að mikilvægir fyrirbyggjandi þættir eins og húsakostur og umhirða séu í lagi. Þessir þættir eru meðal annars teknir út í eftirliti stofnunarinnar á búum. Ekki er síður mikilvægt að fylgjast með rannsóknum erlendis, sérstaklega rannsóknum í flóknu tæknivæddu dýrahaldi sem alifuglahald getur verið. Streita í dýrum kemur beint fram í aukinni árásargirni. Erlendar rannsóknir sýna að bringubeinsskaði í varphænum sé mjög algengur. Því var sett á laggirnar evrópskt samstarfsverkefni árið 2016, svokölluð COST Action (www.keelbonedamage.eu), um rannsóknir á orsök bringubeinsskaða og mögulegar fyrirbyggjandi aðgerðir. Matvælastofnun er þátttakandi í verkefninu, en því mun ljúka 2019.


5.1.4. Meðferð alifugla

Í ljósi þess að eldistími kjúklinga er mjög stuttur (30-35 dagar) og kjúklingum er slátrað daglega og reglulega yfir allt árið nær Matvælastofnun góðri yfirsýn yfir velferð og heilbrigði þeirra með daglegu eftirliti í sláturhúsum. Lykilþættir sem endurspeglar velferð kjúklinga í eldi eru núna skráðir rafrænt, s.s. uppsöfnuð dauðatíðni í eldi og dritbruni á gangþófi kjúklinga. Á árinu var 947 hópum slátrað úr 751 eldishópi.

Uppsöfnuð dauðatíðni í eldi kjúklinga var 2,26% yfir landið að meðaltali skv. upplýsingum sem fylgdu til slátrunar. Samkvæmt reglugerð skal uppsöfnuð dauðatíðni vera undir tilteknu marki, allt eftir aldri kjúklingahóp við slátrun. Uppsöfnuð dauðatíðni má að hámarki vera 3,04% við 34 daga aldur, sem er meðalsláturaldur kjúklinga á landinu og því er dauðatíðni í eldi á árinu vel undir þeim mörkum. Þess má geta að þessi mælipáttur er hluti af kröfum fyrir undanþágu til aukins þéttleika.

Dritbruni (fótabruni) á gangþófum kjúklinga er metinn á skalanum frá 0-200 og flokkaður eftir alvarleika. Hópar með allt að 40 stig eru metnir án athugasemda, en hópar með 41-80 stig eru metnir með vægan dritbruna. Um alvarlegan dritbruna er að ræða ef hópur er með yfir 80 stig. Hlutfall hópa með vægan og alvarlegan dritbruna breyttist nánast ekki frá fyrra ári, en það voru 9% allra hópa samanborið við 8% árið 2016. Á árinu kom einungis upp alvarlegur dritbruni á vetrarmánuðum, en þá eykst hættu á rakasöfnun í eldishúsum með tilheyrandi hættu á dritbruna. Á árinu voru 894 slátruhópar metnir, eða 751 eldishópar.

Mynd III.5.1: Dritbruni í kjúklingaslátruhópum 2017



Í reglubundnu eftirliti voru 48 starfsstöðvar heimsóttar. Á sex starfsstöðvum voru skráð alvarleg frávík, en þriðjungur þeirra var vegna þess að úrbætur höfðu ekki verið gerðar, sem er alltaf metið sem alvarlegt frávík. Alvarleg frávík vegna dýravelferðar komu upp vegna ófullnægjandi daglegs eftirlits, vegna loftræstingar og vegna skorts á slysavörnum. Alvarleg frávík vegna hollustuhátta í frumframleiðslu voru skráð vegna ástands starfsstöðva og meindýravarna.

5.2. Fiskar

Fiskeldisárið 2017 var að mörgu leyti keimlíkt forvera sínum, en þó settu ákveðnir þættir mark sitt á árið. Heilt yfir má segja að flóra eldisfyrirtækja samanstandi af fáum en fremur stórum og framsæknum félögum sem leita leiða til að auka framleiðsluna, en flestar stöðvarnar eru smáar og með stöðuga framleiðslu frá ári til árs. Af þeim 53 eldisstöðvum sem voru starfandi á liðnu ári voru fjórar með lax í sjókvíum, fimm með regnbogasilung í sjó og ein með bleikju í sjávarlóni. Önnur eldisfyrirtæki voru með starfsemi sína á landi.

Í aðdraganda liðins árs skipaði ráðherra starfshóp um stefnumótun í fiskeldi þar sem að borðinu komu bæði embættismenn, sérfræðingar stofnana og hagsmunaaðilar. Tilfnið var fyrst og fremst að setja skilyrði og umgjörð um laxeldi í sjó þannig að sem mest sátt náist við umhverfi, eldisfyrirtæki og veiðiréttarhafa. Starfshópurinn lagði strax í upphafi áherslu á framkvæmd áhættumats með það að markmiði að meta mögulega áhættu af óafturkræfum skaða á villtum laxastofnum vegna sjókvíaldis og var starfshópurinn innan Hafró fenginn til starfans. Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar á milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna var gefið út í júlí og í ágúst skilaði framtíðarnefndin af sér lokaskýrslu. Tillögur framtíðarnefndar voru fjölþættar, en þær helstu snúa að breyttri aðferðafræði við útgáfu rekstrarleyfa, úthlutun svæða, auðlindagjaldi, niðurfellingu á hámarki framleiðslumagns, auknum vistfræðilegum rannsóknum, takmörkunum á framleiðslu frjórna laxa eftir svæðum og innbyggðum hvata til þróunar eldis á ófrjóum laxi. Þá er einnig lagt til að

sett verði reglugerð sem m.a. kveður nánar á um vöktun á viðkomu laxalúsar og aðgerðir gegn henni ásamt því að niðurstöður eftirlits verði aðgengilegar með opinberri birtingu. Þess má geta að síðast talda tillagan er í anda þess sem sérgreinadýralæknar fisksjúkdóma hafa talað fyrir og í takt við leiðbeiningar sem MAST gaf út strax vorið 2014.

Eins og áður segir voru 53 eldisstöðvar í fullum rekstri á liðnu ári og fóru dýralæknar fisksjúkdóma í alls 148 eftirlits- og sýnatökuheimsóknir á árinu. Auk eins stöðugildis á Selfossi er 70% stöðugildi dýralæknis fisksjúkdóma á Vestfjörðum með aðsetur á Ísafirði. Á heildina litið voru heilbrigðismál í góðum farvegi, en þó fylgir nýrnaveikin eldisgreininni eins og grár skuggi. Tvö ný tilfelli komu upp í áframeldisstöðvum á liðnu ári, annað í sjókvíaldis og hitt í landeldi. Upptök smits var ekki mögulegt að rekja með óyggjandi hætti og í hvorugu tilfelli hefur smit fundist í upprunastöð þar sem klak og seiðaeldi fór fram. Yfirvofandi hættu er þó ávallt þar sem möguleg tengsl eru við villta náttúru, enda bakterían afar útbreidd í laxfiskum, bæði í sjó, ám og vötnum. Umhverfistengd afföll, s.s. staðbundnir vor- og haustþörungablómar, voru í lágmarki á liðnu ári.

Heildarframleiðsla slátrufisks jókst um 38% á milli ára. Meirihluti þessarar aukningar skýrist af mikilli slátrun regnbogasilungs. Þá varð einnig um 34% aukning í slátrun á laxi, ásamt um 10% aukningu bæði í bleikju og senegalflúru. Þorskelði er enn að dragast saman og heyrir væntanlega sögunni til innan fárra ára. Alls var slátrað 20.776 tonn af eldisfiski á árinu.

Tafla III.5.2: Heildarframleiðsla í eldi lagardýra, árin 2007 - 2017 (tonn af óslægðum fiski)

| Tegund | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
|----------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|---------------|---------------|
| Lax | 1.158 | 292 | 714 | 1.068 | 1.083 | 2.923 | 3.018 | 3.965 | 3.260 | 8.420 | 11.265 |
| Bleikja | 2.851 | 3.124 | 2.405 | 2.427 | 3.021 | 3.089 | 3.215 | 3.471 | 3.937 | 4.084 | 4.454 |
| Regnbogi | 11 | 6 | 75 | 88 | 226 | 422 | 113 | 603 | 728 | 2.138 | 4.628 |
| Hekluborri | 0 | 0 | 0 | 0 | 2,5 | 0,3 | 0,8 | 0,5 | 0,6 | 0 | 0 |
| Þorskur | 1.467 | 1.502 | 1.805 | 1.317 | 877 | 893 | 482 | 310 | 74 | 59 | 29 |
| Senegalflúra | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 290 | 360 | 400 |
| Lúða | 31 | 39 | 49 | 72 | 33 | 13 | 0,2 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Sandhverfa | 70 | 51 | 68 | 46 | 20 | 28 | 58 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Ýsa | 23 | 4,5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Sæeyra | 0,5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0,01 | 0,01 | 0,6 |
| Samtals | 5.611 | 5.019 | 5.116 | 5.018 | 5.263 | 7.368 | 6.887 | 8.350 | 8.290 | 15.061 | 20.776 |

Enn er heilbrigðisstaða íslenskra klakfiskastofna með þeim hætti að erfðafni er eftirsótt víða erlendis til áframeldis. Reglubundin skimun fyrir öllum helstu sjúkdómsvöldum hefur átt sér stað frá árinu 1985 svo gagnagrunnur er orðinn gott vitni um stöðu mála. Slík staða kynslóð fram af kynslóð í yfir 30 ár hefur tryggt innlendri kynbótastarfsemi afar sterka stöðu og á liðnum áratugum er landið það eina á heimsvísu sem þjóðir á borð við Bandaríkin, Chile og Kanada samþykkja sem útflutningsland erfðafnis laxfiska. Sjá nánar um inn- og útflutning á hrognum og lifandi fiskum í kafla IV.

Eftirspurn eftir bæði laxa- og bleikjuhrognum fer einnig vaxandi innanlands og hafa kynbótastöðvar heldur verið að spýta í lófana og styrkja framleiðsluna. Alls voru framleidd um 2.952 lítrar af laxahrognum til innanlandsdreifingar á liðnu ári (17,1 millj. hrogn) og um 955 lítrar af bleikjuhrognum (12,2 millj. hrogn).

Auk mikillar aukningar útflutnings á hrognkelsiseiðum til Færeyja, Skotlands og Írlands á liðnu ári hóf Stofnfiskur einnig dreifingu hrognkelsiseiða innanlands, en alls fóru 50.000 seiði (26 gr.) í sjókvíar hjá Arnarlaxi við Haganes í september.

5.2.1. Sjúkdómavarnir

Alls voru tekin 13.490 veirusýni til rannsókna á árinu í 15 eldisstöðvum við reglubundna sjúkdómaskimun. Engar tilkynningaskyldar veirur greindust í þessum sýnum, en þau eru send nokkuð jöfnum höndum til greiningar bæði á Keldum og í Færeyjum, en einnig í Noregi. Þá er lögð mikil áhersla á skimun fyrir hinni illræmdu nýrnaveikibakteríu, ekki síst í foreldrafiski. Árið 2017 voru tekin alls 4.659 sýni í 28 eldisstöðvum. Öll sýni úr eldisklakfiski voru neikvæð (2.332 úr laxi og 90 úr bleikju), en 16 villtar laxahrygnur úr fjórum ám (af alls 863) reyndust bera smit og var hrognum undan þeim umsvifalaust fargað.

5.2.2. Sjúkdómar

Sjúkdómastaða landsins er heilt yfir afar góð við lok árs 2017, ekki síst er varðar hvers kyns veirusjúkdóma. Engir alvarlegir smitsjúkdómar litu dagsins ljós á liðnu ári ef frá eru skilin tvö tilfelli nýrnaveiki í laxi, annars vegar í sjókvíaeldi og hins vegar í landeldi. Þeir smitsjúkdómar sem íslenskar fiskeldisstöðvar þurfa fyrst og fremst að kljást við eru af völdum baktería, en ytri sníkjudýr koma þó alltaf eitthvað við sögu.

Tafla III.5.3: Smitsjúkdómar af völdum baktería í íslenskum fiskeldisstöðvum árin 2006-2017

| Sjúkdómur | Ný sjúkdómatilfelli pr. ár / fjöldi fiskeldisstöðva | | | | | | | | | | | |
|-----------------|---|-----------------|-----------------|------------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
| Hitraveiki | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 [*] | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Kýlaveikibróðir | 8 ^{*#} | 9 ^{*#} | 7 ^{*#} | 7 ^{*#0} | 7 ^{*#} | 6 ^{*#} | 6 ^{*#} | 7 ^{*#} | 2 [*] | 3 [*] | 2 [*] | 5 ^{*0} |
| Nýrnaveiki | 4 ^{0**} | 1 ⁰ | 0 | 0 | 1 ⁰ | 2 ^{**} | 0 | 0 | 2 ^{**} | 0 | 3 ^{0*} | 2 [*] |
| Rauðmunnaveiki | 2 ^{0#} | 1 [*] | 2 [*] | 1 [*] | 3 ^{*0} | 1 [*] | 1 [*] | 1 [*] | 0 | 0 | 1 [*] | 4 ^{*0} |
| Roðsár/sporðáta | 1 [#] | 1 [#] | 1 [#] | 1 ⁰ | 1 ⁰ | 2 [#] | 5 ⁰ | 9 ⁰ | 9 ^{0**} | 9 ^{0**#} | 6 ^{0**#} | 5 ^{0**#} |
| Vetrarsár | 1 [*] | 0 | 0 | 0 | 1 [*] | 1 [*] | 3 ^{**} | 2 [*] | 3 [*] | 3 [#] | 3 ^{**} | 2 [*] |
| Vibríuveiki | 3 [#] | 2 [#] | 4 [#] | 3 [#] | 2 [#] | 1 [#] | 2 [#] | 1 [#] | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Þekjublaðra | 1 [#] | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 [#] | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |

* Strandeldisstöð (selta: 10 - 25%) ^{*} Sjókvíaeldi (full selta) ⁰ Klak- og seiðaeldisstöð (ferskvatn) [#] Eldi sjávarfiska (full selta)

5.2.3. Lyfjaleifar

Áhersla er lögð á forvarnir í víðu samhengi og allt gert til þess að lágmarka notkun lyfja í fiskeldi. Árangur hefur verið góður og árið 2017 var sjötta árið í röð sem engin sýklalyf eru notuð við eldi á laxi, bleikju og regnbogasilungi sem segja má að sé einsdæmi á heimsvísu. Það litla sem reyndist nauðsynlegt að nota árin 2012 og 2013 fór allt til eldis á þorski. Þá má bæta við að engin sýklalyf hafa verið notuð í sjókvíaeldi laxfiska á Vestfjörðum og Austfjörðum það sem af er þessarar aldar. Vorið 2017 reyndist í fyrsta sinn í tæp 30 ár nauðsynlegt að meðhöndla lax á einu sjókvíaeldissvæði á Vestfjörðum gegn laxalús og í nóvember einnig lax í öðrum firði gegn fiskilús. Árið 1999 hófst skipulagt og árlegt eftirlit með leifum sýklalyfja, hormóna og annarra aðskotaefna í eldisfiski. Árið 2017 voru tekin 130 sýni úr seiðum og sláturfiski í eldisstöðvum hringinn í kringum landið og voru þau notuð til 150 mismunandi greininga. Úrvinnsla sýna fer fram á viðurkenndri rannsóknarstofu í Danmörku og reyndust öll sýni laus við lyfjaleifar og án nokkurra aðskotaefna, líkt og öll árin þar á undan.

5.3. Gæludýr

Gæludýr er málaflokkur með mikinn fjölda dýrategunda, s.s. skrautfiska, búrfugla, nagdýr, kanínur, ketti og hunda. Ýmis starfsemi sem tengist gæludýrahaldi er oft á tíðum mjög umfangsmikil og fjölbreytileg. Þjónustustarfsemi við gæludýr og eigendur þeirra svo sem gæludýrabúðir, hundaskólar, snyrtistofur, dýralæknaþjónusta ofl. hefur fjölgað en einnig hefur notkun og þátttaka gæludýra innan skemmtanatengdrar starfsemi svo sem við auglýsingagerð, kvikmyndir og sýningar aukist mikið undanfarin ár.

5.3.1. Sjúkdómavarnir

Sjúkdómastaða í gæludýrum er almennt mun betri á Íslandi en í nágrennalöndum okkar og mun minna er um bæði ytri- og innri sníkjudýr. Innfluttir hundar og kettir eru haldnir í sértækri einangrunarstöð í 4 vikur. Þar eru dýrin heilsufarsskoðuð og tekin eru sýni til skimunar á sníkjudýrum, bæði við komu og fyrir útskrift. Önnur innflutt gæludýr eru hins vegar haldin í heimasóttkví undir eftirliti. Á árinu voru fluttir inn lítillega færri hundar en undanfarin ár eða 207 hundar meðan fjöldi innfluttra katta jókst miðað við síðustu ár og voru fluttir inn 67 kettir. Þá voru þrjár kanínur, þrjár naggrísir, þrjár búrfuglar og einn broddgöltur flutt inn sem gæludýr. Á árinu voru gefin út 37 leyfi fyrir innflutningi skrautfiska og annarra vatnadýra.

Fyrir utan reglubundna skimun eftir sullarbandormum (*E. granulosus*) í saursýnum úr hundum víðsvegar um landið er ekki skimað reglulega fyrir smitsjúkdómum eða sníkjudýrum í gæludýrum í landinu, að undanskildum gæludýrum í tengslum við innflutning. Við reglubundna skimun á saursýnum úr gæludýrum í einangrunarstöð fannst síðla árs hjartaormurinn *Angiostrongylus vasorum*. Hjartaormurinn hafði ekki áður greinst á Íslandi en finnst víða í Evrópu,

Ameríku og Afríku. Hjartaormurinn getur sýkt refi og hunda. Millihýslar ormsins eru ýmsar sniglategundir og hugsanlegt að íslenskar sniglategundir gætu hentað sem millihýslar. Meðhöndlun var strax sett í gang til að uppræta smitið og einangrun á tveimur hundum, sem komu frá sama erlenda ræktanda, var lengd þar til smithætta var talin hverfandi.

5.3.2. Sjúkdómar

Á árinu fannst í tvígang tilfelli af brúna hundamítlinum (*Rhipicephalus sanguineus*) á hundum á höfuðborgarsvæðinu. Ólíkt öðrum mítlum getur þessi mítlategund farið í gegnum öll þroskastig og alið allan aldur sinn innanhúss, en hann nærast helst á hundum þó hann geti lagst á önnur spendýr. Þessi tegund mítils hefur greinst hér á landi í örfá skipti en alltaf tekist að uppræta svo mítillinn er ekki talinn landlægur. Mítillinn getur borist með fólki og farangri þess, sér í lagi því sem hefur verið í snertingu við dýr eða nálægt dýrum og eru því smitvarnir mikilvægar til að hindra að ný sníkjudýr og smit berist til landsins. Óvíst var í báðum ofangreindum tilfellum hvernig smitið barst til landsins. Tilfellið virtust einangruð og svo virðist sem það hafi tekist að stöðva útbreiðsluna með einangrun smitaðra dýra og tilheyrandi meðhöndlun.

Með haustinu kom að því virtist upp smitandi hnerri sem barst hratt milli hunda en lagðist einnig á einstaka ketti. Einkenna varð fyrst vart hjá hundum á höfuðborgarsvæðinu en hnerrapestin breiddist hratt út meðal hunda og innan nokkurra vikna voru farnar að berast upplýsingar um smitaða hunda af Suður-, Norður- og Austurlandi. Einkennin sem voru fyrst og fremst hnerri og rennsli frá nefi og stundum augum, voru nokkuð ólík því sem kallast kennelhósti og eins og nafngiftin ber með sér, einkennist fyrst og fremst af hósta, þó smitefni geti verið af ólíkum toga. Einkenni hnerrapestarinnar voru þó oftast væg og flest dýr sem smituðust náðu sér fljótt. Einstaka dýr, helst þau yngstu og elstu, virtust þó fá alvarlegri öndunarfærasýkingu í kjölfarið. Þar sem einkennin voru ólík kennelhósta var ákveðið að fara í ítarlegri rannsókn og tekin voru bæði stroksýni og blóðsýni af hundum í mismunandi fasa af sjúkdómnum. Sýnin voru send til Tilraunastöðvar HÍ í meinafræði að Keldum til að leita að líklegum veirum og bakteríum. Leitin bar engan árangur og eftir að hafa breiðst hratt út virtist pestin hjaðna niður.

5.3.3. Forvarnir í dýravelferð

Nýrri reglugerð um velferð gæludýra (nr. 80/2016) sem gefin var út árið 2016 var ætlað að auka forvarnir í velferð gæludýra með markvissari og skýrari hætti. Miðað við niðurstöður eftirlits með gæludýrahaldi og búnaði er þó ljóst að áframhaldandi þörf er á að kynna gæludýraeigendum ýmis nýmæli reglugerðarinnar. Má þar nefna notkun, sölu og dreifingu á búnaði sem er andstæður velferð dýra og ekki er heimilt að nota svo sem hálsólar sem geta gefið rafstuð, gaddaólar og hálsólar sem geta herst ótakmarkað að hálsi. Nokkuð magn af rafmagnshálsólum og öðrum óheimilum ólum var gert upptækt af tollyfirvöldum.

5.3.4. Meðferð gæludýra

Reglubundið eftirlit er haft með gæludýraverslunum, hundabúum og þar sem sýningar gæludýra eru haldnar. Að öðru leyti byggir eftirlit með velferð gæludýra að mestu á ábendingum um grun um illa meðferð. Heldur fækkaði ábendingum er vörðuðu gæludýr og voru ábendingar vegna athugasemda við hundahald í miklum meirihluta líkt og undanfarin ár eða 196 af samtals 266 ábendingum um grun um illa meðferð gæludýra. Nokkrar ábendingar berast stundum um sömu tilfelli frá fleiri en einum aðila. Fjöldi ábendinga endurspeglar því ekki fjölda tilvika þar sem brotið er á velferð dýra. Alltaf er kannað hvort ábendingar sem berast stofnuninni séu á rökum reistar.



5.4. Hross

Gagnagrunnurinn WorldFengur (WF), upprunaættbók íslenska hestsins, er nú jafnframt opinber hjarðbók hrossa hér á landi. Eigendum og umráðamönnum hrossa ber að sjá til þess að hross þeirra séu rétt skráð í WF og senda Matvælastofnun haustskýrslu þar að lútandi fyrir 20. nóvember ár hvert.

Tafla III.5.4: Hrossafjöldi samkvæmt haustskýrslum sem borist höfðu í árslok 2017 (alls 2.254 starfsstöðvar)

| Umdæmi | Fjöldi búal/ eigenda | Hryssur, 4ra vetra og eldri | Stóðhestar, 4ra vetra og eldri | Hestar, geltir, 4ra vetra og eldri | Tryppi 1-3 vetra | Folöld | Samtals |
|------------------|-------------------------|--------------------------------|-----------------------------------|---------------------------------------|---------------------|--------------|---------------|
| Suðvesturumdæmi | 118 | 1.251 | 64 | 1.294 | 452 | 125 | 3.186 |
| Vesturumdæmi | 442 | 3.861 | 180 | 3.532 | 2.054 | 601 | 10.228 |
| Norðvesturumdæmi | 543 | 8.672 | 316 | 4.494 | 3.331 | 1.305 | 18.118 |
| Norðausturumdæmi | 242 | 2.313 | 113 | 2.004 | 1.053 | 326 | 5.809 |
| Austurumdæmi | 165 | 1.163 | 35 | 869 | 491 | 142 | 2.700 |
| Suðurumdæmi | 752 | 10.613 | 771 | 6.460 | 5.110 | 1.797 | 24.751 |
| Samtals | 2.262 | 27.873 | 1.479 | 18.653 | 12.491 | 4.296 | 64.792 |

Enn vantar nokkuð upp á að allir hrossaeigendur sendi inn haustskýrslur sem leiðir til vanmats á fjölda hrossa í landinu. Mikill árangur hefur náðst í skráningum og ömerkingum hrossa á seinni árum og er enn unnið að því að bæta skráningar í samvinnu við Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins. Helsti veikleiki WF er sá að eigendur vanrækja að afskrá dauð hross í gagnagrunninum. Skýrir það að verulegu leyti þann mun sem kemur fram í fjölda hrossa sem skráð eru á lífi í WF og koma fram á haustskýrslum, en þar munar um 30.000 hrossum. Skráning ásetningsfolalda í WF er einna öruggasti mælikvarðinn á breytingar í stofnstærðinni en þegar þetta er ritað hefur skráning ásetningsfolalda sem fædd eru árið 2017 ekki skilað sér að fullu. Samanburður á gögnum frá 2016 sýnir að um 300 fleiri lifandi folöld voru skráð í WF það ár (alls um 5.000) en komu fram í haustskýrslum. Munurinn er um 6% og gæti gefið vísbendingu um vanmat á heildarfjölda hrossa samkvæmt haustskýrslum. Ef leiðrétt er fyrir þessari skekkju má ætla að hrossastofninn telji amk 65.000 hross. Til slátrunar komu auk þess um 5.300 folöld (sem ekki eru skráð) sem bendir til þess að um 10.000 folöld fæðist árlega. Ríflega 3.500 fullorðin hross og trippi komu í slátruhús á árinu og um 1.500 voru flutt úr landi. Meira virðist því ganga úr hrossastofninum árlega en sem svarar nýliðun. Við samanburð á haustskýrslum milli 2016 og 2017 má greina fækkun ásetningsfolalda um nálægt 10% ef gengið er út frá því að sambærileg skekkja sé í gögnunum bæði árin.

Alls eru nú 160 starfsstöðvar á skrá yfir hestaleigur og/eða reiðskóla. Eftirlit með þessari starfsemi hefur verið í forgangi undanfarin ár og er úttektum að mestu lokið. Ábyrgðamönnum ber að halda dagbók þar sem skráð er tíðni og tímalengd notkunar á hverju hrossi. Dagbókin skal ávallt aðgengileg eftirlitsaðilum en þjónar einnig því hlutverki að auðvelda ábyrgðarmönnum og öðrum starfsmönnum að hafa yfirsýn yfir notkun á einstaka hrossum.

Hestahald þar sem framkvæmd er blóðtaka úr hrossum til framleiðslu afurða er einnig tilkynningarskyld starfsemi. Tilkynnt hefur verið um 72 starfsstöðvar í þeirri starfsemi. Eitt fyrirtæki hefur leyfi til blóðtöku úr hryssum til framleiðslu afurða á framangreindum starfsstöðvum. Eftirlit Matvælastofnunar felst í reglubundnu eftirliti með þeim bæjum sem hafa tilkynnt um þessa starfsemi en stofnunin tryggir að blóðtaka fari eingöngu fram þar sem ekki hafa komið fram alvarleg frávik í hestahaldinu. Þá hefur stofnunin eftirlit með sjálfri blóðtökunni með stikkprufum byggðu á áhættumati. Á árinu var áfram unnið að samræmingu eftirlits með þessari starfsemi.

Tamningastöðvar eru einnig tilkynningarskyldar sem og tæknivæddar þjálfunarstöðvar og endurhæfingarstöðvar en þær síðastnefndu þurfa að uppfylla sérstakar kröfur um innra eftirlit.

Matvælastofnun hefur nú tekið við eftirliti með skráningum og ömerkingum hrossa. Af því tilefni var birt samantekt um gildandi regluverk og tilgang þess í grein í Bændablaðinu í febrúar 2017 en greinina má finna á heimasíðu stofnunarinnar, www.mast.is undir flípanum hestamenn.

Matvælastofnun veitti í fyrsta sinn leyfi til örmerkinga á hrossum, á árinu 2017, eftir að 12 einstaklingar höfðu lokið námskeiði sem stofnunin viðurkennir. Tvö fyrirtæki selja örmerki í hross sem stofnunin viðurkennir. Lista yfir örmerkingamenn er að finna á www.worldfengur.com undir flípanum einstaklingar.

5.4.1. Sjúkdómavarnir

Sjúkdómavarnir felast í fyrirbyggjandi aðgerðum gegn sjúkdómum, vöktun þeirra, sýnatökum og fræðslu. Fyrirbyggjandi aðgerðir taka mið af áhættumati og beinast því umfram allt að þeim sem hafa atvinnu af hrossum bæði hér heima og erlendis, enda er hættast við að þeir beri hrossasjúkdóma til landsins. Mest ríður á að þessi hópur fylgi reglum um smitvarnir til hins ítrasta og sé þannig öðrum hestamönnum til fyrirmyndar. Þeim ber ennfremur að uppfæra erlenda viðskiptavinum sem koma til landsins, um lögbundnar smitvarnir, áður en lagt er í ferð til Íslands. Með því móti ætti að vera tryggt að viðskiptavinir hestaleiga, starfsmenn á búum og tamningastöðvum, þeir sem leita að hrossum til kaups og aðrir „hestaferðamenn“ fái þessar mikilvægu upplýsingar í tæka tíð. Kynningarefni er aðgengilegt á heimasíðu stofnunarinnar, www.mast.is, undir flípanum upplýsingar fyrir hestamenn. Þar er að finna rafrænan bækling á ensku og þýsku sem hægt er að sækja og senda viðskiptavinum. Fyrirtæki og einstaklingar í hestatengdri starfsemi eru hvött til að hafa tengil á rafræna bæklinginn á áberandi stað á sínum heimasíðum.

Matvælastofnun er nú formlegur aðili að verkefninu „Horses of Iceland“ sem hefur byggt upp þéttrið tengslanet fólks með áhuga á íslenska hestinum um allan heim. Reglur um smitvarnir voru kynntar í bæklingi verkefnisins sem prentaður var í 9.000 eintökum á ensku, þýsku og sænsku og í fréttaveitu á samfélagsmiðlum með yfir 100.000 fylgjendur, þar af lýstu 4.500 manns skoðun sinni á færslunni (líkuðu við færsluna, deildu færslunni eða skrifuðu athugasemd). Ætla má að miðlum fræðsluefnis með þessum tengingum nái til velflestra sem hafa áhuga á íslenska hestinum og sé öflugasta leiðin til að koma þessum mikilvægu upplýsingum á framfæri.

Líkt og undanfarin ár var skimað fyrir tilteknum sjúkdómum, en tilgangur skimana er að afla reglubundið gagna sem eru lýsandi fyrir stöðu smitsjúkdóma í íslenska hrossastofninum. Sýnatökuáætlun var gerð vegna skimunar fyrir þremur smitsjúkdómum: hestainflúensu (EI), herpes týpu 1 (EHV-1) og smitandi slagæðabólgu (EAV). Skoðuð voru sýni úr 50 stóðhestum víðsvegar af landinu, sem hver um sig hafði sannanlega haft náin samskipti við a.m.k. 100 hross mánuðina fyrir sýnatökuna. Sýnin voru valin úr lífsýnabanka íslenska hestsins. Öll sýnin reyndust neikvæð.

5.4.2. Sjúkdómar

Salmonella greindist í byrjun sumars í þremur hrossum af höfuðborgarsvæðinu sem höfðu verið flutt á sumarreit á Suðurlandi rétt áður en veikindin uppgötvuðust. Hrossin voru flutt til baka í hesthúsið á höfuðborgarsvæðinu þar sem eitt drapst, annað var aflífað en það þriðja náði bata. Viðeigandi ráðstafanir voru gerðar á báðum stöðum til að hefta smitdreifingu og ekki hefur orðið vart við frekari veikindi í hrossum af þessum toga. Rökstuddur grunur er um að eitt hross frá sama eiganda, sem flutt var í slátruhús sama dag og veiku hrossin voru flutt á sumarreit, hafi verið smitað af salmonellu, þrátt fyrir að vera einkennalaust.

Salmonellusýkingar í hrossum geta verið fremur lúmskar og eru mögulega vangreindar í hrossum hér á landi. Þar sem rétt greining og meðhöndlun getur verið afgerandi fyrir afdrif hrossanna hefur verið tekið saman fræðsluefni um sjúkdóminn og viðbrögð við honum sem birt hefur verið á heimasíðu Matvælastofnunar og á netmiðlum hestamanna.

Engir nýir smitsjúkdómar komu upp í hrossum á árinu. Nokkuð var um að einkenni smitandi hósta sæust í ungum hrossum eins og undanfarin ár. Áfram eru tekin sýni úr áhugaverðum tilfellum til að fylgjast með stofnabreytileika *Streptococcus zooepidemicus* en einn tiltekinn stofn bakteríunnar, ST209, olli faraldri smitandi hósta árið 2010. Vísindagrein um orsakir faraldursins var birt á árinu.

Auk smitsjúkdóma eru arfgengir sjúkdómar mikilvægir heilbrigði og velferð hrossa, s.s. spatt og sumarexem.

Dýralæknir hrossasjúkdóma vinnur í samvinnu við Bændasamtök Íslands að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn spatti í íslenska hrossastofninum. Frá árinu 2005 hefur verið gerð sú krafa til allra stóðhesta sem koma til kynbótadóms, 5 vetra eða eldri, að þeir hafi verið röntgenmyndaðir m.t.t. sjúkdómsins og niðurstaða þeirra greiningar er gerð opinber í WF. Dýralæknir hrossasjúkdóma sér um samræmdan aflestur röntgenmyndanna og skráningu niðurstaðna í WF og hefur auk þess yfirumsjón með aflestri og skráningu sjúkdómsins í öðrum aðildarlöndum FEIF. Árlega berast myndir af um 200 stóðhestum til aflestrar í þessum tilgangi.

Dýralæknir hrossasjúkdóma situr í verkefnisstjórn um sumaexemsrannsóknir. Lokaáfangi þess verkefnis, prófun á tilraunabóluefni gegn sjúkdómnum við raunaðstæður, er nú í undirbúningi.

5.4.3. Forvarnir í dýravelferð

Áhættumat var gefið út fyrir reglubundið eftirlit í öllu hestahaldi og áfram var unnið að samræmingu eftirlitsins samkvæmt skoðunarhandbók sem hefur nú verið gefin út í gæðahandbók. Áhersla er lögð á heildstætt mat á velferð hrossa hvort heldur á útigangi eða í húsvisi.

5.4.4. Meðferð hrossa

Alls eru 2.254 starfsstöðvar (bú eða eigendur) skráðar með hrossahald í Bústofni (*Tafla III.5.4*). Á árinu 2017 var farið í eftirlit á 399 starfsstöðvar (18%), alls 491 eftirlitsferð. Alvarleg frávik frá velferð hrossa komu fram á 34 starfsstöðvum (8,5%), í flestum tilfellum vegna óviðunandi holdafars/vanfóðrunar, vanhírðu á hófum og eftirlitsleysis. Oftast komu alvarleg frávik fram við reglubundið eftirlit eða eftirfylgni en 13 starfsstöðvanna voru heimsóttar í kjölfar ábendinga.

Á 282 starfsstöðum voru skráð frávik sem ekki voru metin eins alvarleg en úrbóta krafist fyrir næsta reglubundið eftirlit. Af þeim voru 168 vegna velferðar; oftast vantaði upp á hófhirðu, fóðrun, skjól og eigið eftirlit en einnig voru gerðar athugasemdir við stíustærðir, gerði og slyshættur í umhverfi hrossa.

Á 183 starfsstöðvum vantaði uppá að öll hross væru örmerkt eins og skylt er. Það svarar til næstum helmingis þeirra starfsstöðva sem heimsóttar voru. Þrátt fyrir að alla jafna væri um að ræða tiltölulega fá ómerkt hross á hverri starfsstöð, grefur þessi vanræksla undan trúverðuleika WF sem rafræns hestapassa fyrir hross og þar með útflutningi á hrossum og afurðum þeirra. Minnt er á að öll hross, 10 mánaða og eldri, skulu vera skráð og örmerkt.

Dýralæknir hrossasjúkdóma hafði umsjón með eftirliti Matvælastofnunar með heilbrigði og meðferð sýninga- og keppnishrossa samkvæmt fyrirkomulaginu "Klár í keppni" á Íslandsmóti í hestaíþróttum.

5.5. Loðdýr

Stöðugur samdráttur hefur verið í loðdýrabúskap á undanförunum árum. Slæmar markaðsaðstæður og auknar kröfur kaupenda í velferðarmálum gera það að verkum að margir bændur kjósa að leggja niður búskap með minka í stað þess að fara í kostnaðarsamar endurbætur á húsakosti og aðbúnaði. Til að glöggva sig á fækkuninni milli ára er hentugt að bera saman fjölda blóðsýna vegna plasmacytósu sem framkvæmd er á 10% allra kvendýra á minkabúum ár hvert. Árið 2016 voru tekin 4160 sýni frá 30 búum en árið 2017 voru tekin 3346 blóðsýni á 22 búum.

Ekki hafa verið flutt inn kynbótadýr frá árinu 2015.

5.5.1. Sjúkdómar

Ekki greindust tilkynningaskyldir sjúkdómar í loðdýrum á árinu. Matvælastofnun tekur ásamt Keldum þátt í dönsku doktorsverkefni um sýklalyfjaónæmi í minkum sem hófst að hluta til á árinu 2017. Áætlað er að gera samanburð á útbreiðslu sýklalyfjaónæmis milli landa en sem kunnugt er notkun sýklalyfja í íslenskum landbúnaði með því minnsta sem gerist og á það jafnt við um loðdýrabúskap sem annan.

5.5.2. Velferð

Tvær ábendingar bárust á árinu 2017 sem snerta loðdýr.

Innleiðing WelFur velferðarvottunarinnar hófst á árinu 2017 hjá starfandi bændum en frá árinu 2020 verða eingöngu skinn með slíka vottun seld hjá uppboðshúsi Kopenhagen Fur í Danmörku. Íslenskir loðdýrabændur selja eingöngu skinn í gegnum Kopenhagen Fur uppboðshúsið.

5.6. Nautgripir

Tafla III.5.5: Fjöldi nautgripa á landinu árið 2017

| Umdæmi | Mjólkurkýr | Holdakýr til undaneldis | Kelfdar kvígur | Geldneyti > 1 árs | Kvígukálfar < 1 árs | Nautkálfar < 1 árs | Heildarfjöldi |
|--------------------------|---------------|-------------------------|----------------|-------------------|---------------------|--------------------|---------------|
| Suðvesturumdæmi | 303 | 220 | 120 | 311 | 193 | 99 | 1.246 |
| Vesturumdæmi | 4.130 | 270 | 1.011 | 3.391 | 1.808 | 1.860 | 12.470 |
| Norðvesturumdæmi | 4.186 | 548 | 1.201 | 3.302 | 1.907 | 1.882 | 13.026 |
| Norðausturumdæmi | 6.359 | 220 | 1.474 | 5.005 | 2.671 | 2.403 | 18.132 |
| Austurumdæmi | 1.521 | 40 | 312 | 1.521 | 665 | 879 | 4.938 |
| Suðurumdæmi | 10.243 | 968 | 2.553 | 8.858 | 4.495 | 3.966 | 31.083 |
| Samtals á landinu | 26.742 | 2.266 | 6.671 | 22.388 | 11.739 | 11.089 | 80.895 |

5.6.1. Sjúkdómavarnir

Í tengslum við skimunarátætlun Matvælastofnunar voru tekin alls 70 mjólkursýni frá jafnmörgum bæjum og 83 blóðsýni frá 17 bæjum og send til DTU Veterinærinstituttet í Danmörku til greiningar. Í mjólkursýnum voru mæld mótefni gegn smitandi barkabólgu/smitandi fósturláti (IBR/IPV), smitandi hvítblæði (EBL), smitandi slímhúðarpest (BVD), Salmonella Dublin og Q-hitasótt (Q-fever) og reyndust öll sýnin neikvæð. Í blóðsýnum voru mótefni gegn smitandi fósturláti (Bovine Brucellosis) mæld og reyndust öll sýnin neikvæð.

Við reglubundna skimun fyrir kúariðu voru alls 897 sýni frá 266 bæjum send til rannsóknar á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og reyndust öll sýnin neikvæð.

Við reglubundna skimun fyrir garnaveiki eru tekin bæði blóð- og garnasýni og þau send til rannsóknar á Keldum. Blóðsýni eru helst tekin í sambandi við flutninga á nautgripum og þá til þess að kanna stöðu hjarðarinnar. Garnasýnin eru tekin í sláturhúsi ef upp kemur grunur um sjúkdóminn. Á árinu voru 5 garnasýni tekin frá 3 búum og reyndust öll sýni neikvæð. Tekið er fram að héraendis hefur aldrei fundist hinn alvarlegi sjúkdómur kúagarnaveiki heldur er hér um að ræða sauðfjargarnaveiki sem þó getur smitað nautgripi og er mun vægari sjúkdómur í nautgripum en kúagarnaveikin.

Nánari upplýsingar um skimunina er að finna í kafla III.3 um smitsjúkdóma.

Í mars lagði Matvælastofnun bann á markaðssetningu afurða og slátrun til manneidis og flutning gripa frá bænum Eystrí-Grund við Stokkseyri. Nautgripir á bænum höfðu aðgang að óvörðum og götuðum sekkjum af kjötmjöli sem ætlað var að nota sem áburð í flög en kjötmjöl er óheimilt í fóðri fyrir dýr í matvælaframleiðslu.

Umfangsmikil löggjöf bannar notkun á kjötmjöli sem fóður eða til fóðurgerðar fyrir dýr sem alin eru til manneidis til að hindra að heilahrönnunarsjúkdómar berist þannig í menn og dýr. Þrátt fyrir að kjötmjölið hafi verið ætlað til notkunar sem áburður í flög þá var ljóst að nautgripir höfðu óheft aðgengi að sekkjunum um nokkra mánaða skeið. Göt voru á sekkjunum eftir tæki sem notað hefur verið til að koma sekkjunum á planið og höfðu fuglar gatað sekkina enn frekar. Þó svo að ekki hafi verið um ætlaða fóðurgjöf að ræða þá voru ummerki á staðnum um að nautgripir hafi verið við sekkina, þannig að sýnt þótti að nautgripirnir höfðu sleikt og étið kjötmjöl úr þeim. Að tillögu Matvælastofnunar fyrirskipaði ráðherra förgun og eyðingu á þeim gripum sem höfðu haft aðgengi að kjötmjölinu.

Hjartarriða (enska: Chronic Wasting Disease) heldur áfram að greinast í villtu dýrum af hjartarætt í Noregi. Árið 2017 greindist í Noregi eitt dádýr og einn elgur með hjartarriðu. Í kjölfarið var ákveðið að taka sýni hér landi 2016 til að skima eftir hjartarriðu. Á árinu var haldið áfram með það verkefni í samstarfi við Náttúrufestu Austurlands, tekin voru 54 sýni úr heila hreindýra sem felld voru á veiðitímabilinu. Hreindýrin komu frá veiðisvæðum 1-7 sem nær frá N-Þingeyjarsýslu og að Hornafirði og reyndust öll neikvæð fyrir riðuveiki.

Reglugerð nr. 850/2015 um innflutning erfðaefnis holdanauta og kröfur um útbúnað einangrunarstöðva var sett árið 2015 og fósturvísar holdanautgripa voru fluttir til Íslands haustið 2017. Sjá kafla IV.3.7.

5.6.2. Sjúkdómar

Enginn grunur um smitsjúkdóma kom upp á árinu 2017 hjá nautgripum. Ekkert nýtt garnaveikitilfelli var greint.

5.6.3. Forvarnir í dýravelferð

Í reglubundnu eftirliti á árinu voru 255 bú með nautgripi heimsótt í 256 eftirlitsheimsóknum.

5.6.4. Meðferð nautgripa

Við eftirlit í frumframleiðslu var algengast að alvarleg frávík væru gerð við það að úrbótum var ekki sinnt. Næstalgengast var að alvarleg frávík væru gerð við gólf. Einnig var algengt að alvarleg frávík væru gerð vegna skorts á eigin innra eftirliti. Önnur atriði með alvarlegt frávík sneru beint að aðbúnaði nautgripa s.s. hreinleiki dýra og legusvæða, rými og þéttleiki í stíum, aðgengi að skjóli fyrir útigang og fóðrun og brynning. Í flestum tilfellum komu alvarlegu frávikin fram við eftirfylgniskoðanir en einnig við reglubundið eftirlit og í kjölfar ábendinga sem bárust Matvælastofnun.

Á árinu bárust alls 23 ábendingar varðandi illa meðferð nautgripa, en þrjár ábendingar áttu ekki við rök að styðjast. Á síðasta ári bárust 11 ábendingar og er því um aukningu ábendinga á milli ára að ræða. Flestar ábendingarnar snéru að almennum aðbúnaði nautgripa.

Tvær vörslusviptingar á nautgripum voru framkvæmdar á árinu. Önnur vörslusviptingin átti sér stað á kúabúi á Suðurlandi vegna vanfóðrunar og slæms aðbúnaðar. Hin vörslusviptingin átti sér stað á kúabúi á Norðurlandi vegna ítrekaðra frávíka sökum óviðunandi aðbúnaðar og umhirðu.

5.7. Sauðfé

Tafla III.5.6: Fjöldi sauð- og geitfjár á landinu 2017

| Umdæmi | Ær | Hrútar og sauðir | Lambgimbrar | Lambhrútar og geldingar | Geitur og lífkíð | Geitabú | Heildarfjöldi |
|--------------------------|----------------|------------------|---------------|-------------------------|------------------|------------|----------------|
| Suðvesturumdæmi | 2.293 | 120 | 496 | 91 | 58 | 4 | 3.058 |
| Vesturumdæmi | 90.039 | 2.915 | 18.260 | 2.156 | 427 | 20 | 113.797 |
| Norðvesturumdæmi | 95.508 | 2.903 | 19.319 | 1.892 | 249 | 24 | 119.871 |
| Norðausturumdæmi | 60.220 | 1.860 | 12.428 | 1.856 | 161 | 18 | 76.525 |
| Austurumdæmi | 59.448 | 1.898 | 11.409 | 1.777 | 212 | 19 | 74.744 |
| Suðurumdæmi | 58.235 | 2.140 | 11.209 | 1.294 | 193 | 28 | 73.071 |
| Samtals á landinu | 365.743 | 11.836 | 73.121 | 9.066 | 1.300 | 113 | 461.066 |

5.7.1. Sjúkdómavarnir

Á hverju ári eru tekin blóðsýni samkvæmt skimunarætlun. Þeir sjúkdómar sem valdir eru til þess að skima fyrir eru þess eðlis að dýrin geta verið sýkt án þess að sjúkdómseinkenni komi fram og því nauðsynlegt að vakta þá með sýnatökum. Á árinu var leitað að mótefnum gegn mæðiveiki og smitandi fósturláti í ám í 50 blóðsýnum frá 10 sauðfjárþúum víða um land. Jákvæðar niðurstöður komu úr tveimur sýnum frá tveimur bæjum. Ákveðið var að endurtaka blóðprufuna, fleiri sýni voru tekin á þessum bæjum og voru þau öll neikvæð og enginn gripur með sjúkdómseinkenni. Miðað við eðli sjúkdómsins þá var mjög líklegt að um falskar jákvæðar niðurstöður væri um að ræða. Til að gæta fyllsta öryggis var þó sett lífdýraflutningsbann á búin þar sem þau voru bæði líflambasölubú. Blóðsýnataka var að nýju endurtekin, þá voru fjögur sýni tekin, úr sömu gripum ásamt því að tekin voru sýni úr kindum sem höfðu verið í snertingu við þessar tvær. Auk þess voru báðar hjarðirnar heilbrigðisskoðaðir af héraðsdýralækni. Lokaniðurstaðan sýndi neikvæðar niðurstöður fyrir öll sýnin og flutningsbanni var aflétt í kjölfarið. Falskar jákvæðar niðurstöður geta ávallt komið fyrir við skimun smitsjúkdóma en það fer eftir gerð og næmni prófanna hversu líklegt það er. Vert er að þakka sauðfjáreigendum, Keldum, RML og Búnaðarsamtökunum fyrir gott samstarf í þessu sambandi.

Við reglubundna skimun fyrir riðuveiki voru alls 3575 sýni frá 217 búum um land allt send til rannsóknar á Keldum. Sýnin skiptust þannig að 3486 sýni voru úr heilbrigðum kindum, 1 sýni úr kind sem sýndi einkenni riðuveiki, 11 sýni úr kindum sem höfðu verið aflífaðar vegna sjúkdóma eða slysa og 77 sýni úr línubróttum. Eitt sýni sem tekið var í skimun ársins úr heilbrigðu sláturfé reyndist jákvætt fyrir hefðbundinni riðuveiki. Líkt og á síðasta ári var lögð sérstök áhersla á söfnun sýna frá Norðurlandi vestra, því flest tilfelli riðu hafa komið upp þar síðustu ár. Gerð er grein fyrir jákvæðum greiningum undir **III.5.7.2 Sjúkdómar**.

Við reglubundna skimun fyrir garnaveiki eru tekin bæði blóð- og garnasýni til rannsóknar á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Blóðsýni eru helst tekin til þess að kanna virkni garnaveikibólusetningar. Garnasýnin eru tekin í sláturhúsi við grun um sjúkdóminn.

Á árinu voru 10 garnasýni tekin frá jafnmörgum búum og reyndust 3 þeirra jákvæð frá 3 búum. 55 blóðsýni úr bólusettingum hrúttum frá 9 búum voru tekin til að kanna virkni bólusetningar og reyndust öll jákvæð (garnaveikibólusetningar hafa tekist).

16 geitasýni frá 6 bæjum voru tekin fyrir skimun við riðuveiki og reyndust öll neikvæð.

Riðuhöftum var aflétt í þremur varnarhólfum á árinu þar sem ekki hafði greinst riða í þeim í 20 samfelld ár, þessi hólf eru: Norðausturhólf, Héraðshólf og Austfjarðahólf. Samkvæmt reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar er svæði skilgreint sem sýkt svæði í 20 ár frá staðfestingu riðutilfellis í hólfinu. Á sýktum svæðum eru allir flutningar á fé milli hjarða innan sérhvers svæðis og frá þeim (yfir varnarlínur) bannaðir. Hafi hins vegar ekkert tilfelli verið staðfest í 20 ár í varnarhólfi, telst það hreint. Þar með má flytja fé frjálst innan þeirra hólfa, en áfram gildir þó að ekki er heimilt að flytja fé milli varnahólfa, þ.e.a.s. yfir varnarlínur nema að fengnu leyfi Matvælastofnunar.

Tafla III.5.8: Umfang ýmissa verkefna umdæmaskrifstofa árið 2017

| Verkefni | Umdæmi: | SV | V | NV | NA | A | S | Samtals |
|--|---------|-----|--------|--------|-------|-------|-------|---------|
| Riða - fjöldi kinda í niðurskurði | | 0 | 0 | 0 | 102 | 0 | 0 | 102 |
| Línubróttar - fjöldi sláttra kinda | | 0 | 52 | 23 | 1 | 0 | 1 | 77 |
| Garnaveiki - fjöldi bólusettra lamba | | 132 | 16.168 | 11.105 | 6.816 | 7.221 | 5.660 | 47.102 |
| Leyfi útgefin v/sölu líflamba | | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Leyfi útgefin v/kaupa líflamba | | 6 | 47 | 111 | 57 | 56 | 46 | 323 |
| Leyfi útgefin v/flutnings geita á milli varnarhólfa | | 1 | 1 | 6 | 6 | 6 | 3 | 23 |
| Leyfi útgefin v/ flutnings nautgripa á milli varnarhólfa | | 0 | 3 | 18 | 22 | 50 | 32 | 125 |
| Leyfi til flutnings á heyi/hálmi/pökum á milli varnarhólfa | | 0 | 4 | 0 | 2 | 1 | 7 | 14 |
| Leyfi til flutnings landbúnaðarvéla á milli varnarhólfa | | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 |

Hósti í fé, og þá einkum haustlömbum og ásetningslömbum, er þekkt vandamál á Íslandi. Umfang og orsakir hósta hafa þó ekki verið skráð skipulega og ekki eru til þau gögn sem þarf til þess að leggja mat á vandann. Matvælastofnun, Landbúnaðarháskóli Íslands, Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum og Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins hófu samstarf á árinu varðandi kortlagningu öndunarfæravandamála í sauðfé um allt land og greiningu orsaka þeirra. Í sumar voru sauðfjáreigendur hvattir til að taka þátt í könnun á Bændatorginu og á Fjávís sem hafði það að markmiði að safna upplýsingum um hjarðir þar sem öndunarfæraeinkenni hafa verið vandamál. Í sláturhúsum SS á Selfossi og KS á Sauðárkróki voru tveir dýralæknar sem eingöngu skoðuðu lungu og skráðu upplýsingar um ástand þeirra hvað varðar kregðu, með það m.a. að markmiði að fylgja ákveðnum bæjum eftir. Úrvinnsla upplýsinga sem fengust úr sláturhúsum og svörum sauðfjárnáðs við spurningaskema stendur yfir.

Í janúar var haldið málþing um riðuveiki í sauðfé í Miðgarði í Varmahlíð. Félag sauðfjárnáðs í Skagafirði og Búnaðarsamband Skagfirðinga stóð fyrir málþinginu og var það mjög vel sótt. Fluttir voru fyrirlestrar um sögu riðuveiki á Íslandi, arfgerðir, arfgerðargreiningar, smitleiðir og rannsóknir sem hafa verið gerðar varðandi riðu.

5.7.2. Sjúkdómar

Eitt tilfelli hefðbundinnar riðuveiki greindist á árinu en það var í desember á bænum Urðum í Svarfaðardal. Tilfellið greindist í sýni sem tekið var samkvæmt skimunaráætlun Matvælastofnunar við sauðfjárslátrun um haustið. Fjögur önnur sláturhúsasýni frá búinu í sömu sendingu voru einnig rannsökuð og reyndust neikvæð. Ekki hafði orðið vart sjúkdómseinkenna. Sýnin voru rannsökuð á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum.

Bærinn Urðir er í Tröllaskagahólfi, í því hólfi hefur riðuveiki komið upp á fimm búum á undanförunum 20 árum en á þessu búi greindist veikin síðast árið 2003. Riðuveiki hefur komið upp á mörgum bæjum í Svarfaðardal í gegnum tíðina og má því segja að um þekkt riðusvæði sé að ræða.

Riðuniðurskurður var framkvæmdur í janúar 2018 og var 102 kindum fargað. Heilasýni voru tekin úr öllum kindum til rannsókna og arfgerðargreiningar. 8 sýni reyndust jákvæð fyrir riðu en niðurstöður arfgerðargreiningar liggja ekki enn fyrir.

Á undanförunum árum hefur aukin áhersla verið lögð á að hvetja bændur til að senda hausa af föllnu fé til rannsókna á Keldum en slík sýni geta skipt sköpum fyrir baráttuna gegn sjúkdómnum.

Garnaveiki var staðfest í þremur kindum frá jafnmörgum sauðfjárþúum á árinu. Búin heita Bárðartjörn, Gautlönd og Ytri-Langamýri. Bárðartjörn er í Grýtubakkahreppi í Eyjafjarðarhólfi, Gautlönd eru í Skútustaðahreppi í Skjálíndahólfi og Ytri-Langamýri er í Húnavatnshreppi í Húna- og Skagahólfi. Áður hefur garnaveiki verið staðfest á Bárðartjörn (2010) og Gautlöndum (2013). Ýmist voru tilföllin greind við reglubundna skoðun í sláturhúsi eða út frá innsendum sýnum beint frá búum vegna gruns um garnaveiki.

Líkt og síðustu ár urðu eftirlitsdýralæknar Matvælastofnunar varir við vöðvasull í sauðfé frá nokkrum bæjum meðan á sláturtíð stóð og var greining staðfest af sérfræðingum á Tilraunastöð HÍ að Keldum. Alls var vöðvasullur greindur í 12 lömbum frá fjórum bæjum staðsettum á NV-landi og Austurlandi. Tilföllin undirstrika mikilvægi ormahreinsunar í hundum því ormurinn þarfnast viðkomu í görunum hunda og refa en í þeim lifa fullorðnir ormar. Vöðvasullur er lífustig bandormsins *Taenia ovis* og greindist fyrst á Íslandi árið 1983 en kindur eru millihýslar ormsins. Sjúkdómurinn smitast ekki yfir í menn og því er ekki um hættu fyrir neytendur að ræða en hann getur þó valdið sauðfé töluverðum óþægindum ásamt skemmdum á kjöti.

5.7.3. Forvarnir í dýravelferð

Í reglubundnu eftirliti árið 2017 voru 423 bú með sauðfé heimsótt í 425 eftirlitsheimsóknum.

Í janúar boðuðu Matvælastofnun og Vestmannaeyjabær til fundar með búfjáreigendum í Vestmannaeyjum vegna búrfjárhalds í eyjunum. Á fundinum var m.a. fjallað um skyldur búfjáreigenda gagnvart skráningum og merkingum, auk þess voru helstu nýjungar í reglugerð um velferð sauðfjár kynntar. Óðinn Jóhannsson, dýraeftirlitsmaður Matvælastofnunar í Suðurlandshreppi og Sigrún Bjarnadóttir, dýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma hjá Matvælastofnun voru með framsögu á fundinum.

5.7.4. Meðferð sauð- og geitfjár

Við eftirlit á sauðfjárþúum var algengast að alvarleg frávík væru gerð við það að úrbótum væri ekki sinnt. Næst algengast var að alvarleg frávík væru gerð vegna skorts á eigin innra eftirliti á búinu. Einnig var algengt að alvarleg frávík væru gerð við hreinleika gripa og/eða legusvæða, ólöglega fjárflutninga innan sýkra svæða sem og að ekki væri búið að framkvæma garnaveikibólusetningu fyrir réttan tíma. Önnur atriði sneru beint að velferð gripanna; fóðrun og brynning, gólf og holdafar. Í flestum tilfellum komu alvarlegu frávikin fram við eftirfylgniskoðanir en einnig við reglubundið eftirlit og í kjölfar ábendinga sem bárust Matvælastofnun.

Á árinu bárust alls 58 ábendingar varðandi illa meðferð sauðfjár sem er töluverð aukning frá síðasta ári, en þá bárust 28 ábendingar. Fimm ábendingar áttu ekki við rök að styðjast. Flestar ábendingarnar sneru að vanhírðu og vanfóðrun sauðfjár.

Á árinu var ein vörslusvipting framkvæmd á sauðfjárþúum á Suðurlandi vegna slæmrar meðferðar sauðfjár. Ástæða vörslusviptingar var sinnuleysi án þess að kröfur stofnunarinnar væru virtar.

5.8. Svín

Á landinu eru starfandi 11 svínaframleiðendur sem reka 21 hefðbundin svínabú/starfsstöðvar víðsvegar um landið og 13 einstaklingar/bú sem eru með skráða frístundaráækt. Einnig hafa einstaklingar keypt einstaka svín til uppeldis, þá helst yfir sumartímam. Áætlað er að um 50 einstaklingar haldi slík svín og að það séu rúmlega 150 svín alls sem haldin eru í formi frístundaráæktar.

Tafla III.5.9: Fjöldi fullorðinna svína á landinu 2017*

| Umdæmi | Geltir | Gyltur | Fjöldi búa** |
|--------------------------|-----------|--------------|--------------|
| Suðvesturumdæmi | 20 | 1.343 | 4 |
| Vesturumdæmi | 13 | 621 | 3 |
| Norðvesturumdæmi | 3 | 17 | 3 |
| Norðausturumdæmi | 11 | 472 | 3 |
| Austurumdæmi | 1 | 8 | 1 |
| Suðurumdæmi | 20 | 1.047 | 7 |
| Samtals á landinu | 68 | 3.508 | 21 |

*Tölur fengnar úr Bústofni eða beint frá svínabændum

**Eldis-, gyltu- og blönduð bú. Ekki bú sem stunda frístundaráækt

Út frá skráðum fjölda fullorðinna svína er hægt að áætla að heildarfjöldi svína á Íslandi, þ.m.t. grísa, sé um 40.000 hverju sinni.

5.8.1. Sjúkdómavarnir

Á árinu voru tekin sýni til skimunar á PRRS-veiki og voru þau öll neikvæð. Nánari upplýsingar um sjúkdómaskimun og niðurstöður er að finna í kafla IV.3.

Á árinu var flutt inn djúpfrost svínasæði frá Noregi til kynbóta, 254 skammtar. Sæðið er flutt inn til notkunar á svínabúum sem eru með leyfi til notkunar þess og gekk allur innflutningur vel. Engar grunsemdir vöknúðu á árinu um að smitsjúkdómar hefðu borist með innfluttu sæði til landsins.

5.8.2. Sjúkdómar

Í sláturhúsum fer fram sjúkdómaeftirlit. Svínin eru skoðuð af héraðs- eða eftirlitsdýralækni fyrir og eftir aflifun, þ.e. líffæri og skrokkar eru heilbrigðisskoðaðir. Við heilbrigðisskoðun í sláturhúsum ber mest á kregðu, langvinnri brjósthimnubólgu og langvinnri gollurhússbólgu.

Engir tilkynningaskyldir sjúkdómar komu upp í svínum á árinu 2017.

5.8.3. Forvarnir í dýravelferð

Reglulegt eftirlit er haft með heilbrigði og velferð svína. Á árinu voru 25 skoðanir framkvæmdar á 20 starfsstöðum vítt og breytt um landið, þar af voru 11 hefðbundin svínabú.

Geldingar grísa með skurðaðgerð hafa nánast lagst af. Tilgangur geldingar er að koma í veg fyrir galtarlykt af kjötinu. Í stað skurðaðgerðar eru um 99% grísir nú bólusettir gegn galtarlykt, sem er mun betra fyrir velferð dýrsins.

Svínabændum var gefinn kostur á að sækja um frest til loka árs 2024 til að uppfylla ákvæði 7. gr. og 15. gr. reglugerðar nr. 1276/2014 um velferð svína, en til þess að fá þann frest þurfti að skila inn úrbótaáætlun til Matvælastofnunar. Forgangsmál hjá flestum sem eru með gyltur var að breyta úr básahaldi í lausagöngu og var í lok árs um 2/3 gyltna komnar í lausagöngu á fangtíma. Aðrar breytingar sem margir svínabændur vinna nú að eru t.d. að lagfæra gotstíur og gólfefni til samræmis við kröfur reglugerðarinnar.

5.8.4. Meðferð svína

Sex af 13 alvarlegum frávikum sem skráð voru á árinu við eftirlit, voru vegna þess að úrbótum hafði ekki verið sinnt innan tilskilins frests. Önnur alvarleg frávik voru m.a. skráð vegna bógsára, notkunar á básum sem ekki stóðust ákvæði reglugerðarinnar, þéttleika í stíum og að sjúkum dýrum hafði ekki verið sinnt sem skyldi. Í öllum tilvikum er skráningum á frávikum fylgt eftir með tilheyrandi kröfum um úrbætur. Frestir eru veittir til úrbóta og þvingunum beitt ef viðkomandi verður ekki við kröfum. Ekki kom til að beita þyrfti þvingunum á árinu því úrbætur voru gerðar áður en lokafrestir runnu út.

6. Fóður

Auk reglubundins eftirlits með starfsstöðvum í fódurframleiðslu felst fódureftirlit einnig í skráningu allra innflytjenda á fóðri og skráningu nýrra fódurtegunda, bæði innfluttra og þeirra sem framleiddar eru hér á landi. Við skráningu nýrra fódurtegunda eru innihaldslýsingar og notkunarleiðbeiningar skoðaðar með tilliti til skilyrða í reglugerðum um notkun hinna ýmsu efna. Við innflutning ber fyrirtækjum að tilkynna komu fódurs svo starfsfólki Matvælastofnunar gefist tækifæri til að skoða og taka sýni af vörunni. Eftirlit með fóðri er framkvæmt á vettvangi, með skráningu fódurtegunda og með innflutningi á fóðri.

Tafla III.6.1: Innland fódurframleiðsla og fjöldi tilkynninga 2017 og 2016 og breyting í %

| Dýrategund | 2017 (tonn) | 2016 (tonn) | Breyting % |
|----------------|----------------|----------------|-------------|
| Jórturdýr | 50.790 | 47.439 | 7,1 |
| Alifuglar | 30.133 | 26.708 | 12,8 |
| Svín | 31.780 | 26.134 | 21,6 |
| Fiskar | 11.394 | 11.542 | -1,3 |
| Loðdýr | 4.610 | 5.828 | -20,9 |
| Hross | 191 | 340 | -43,8 |
| Gæludýr | 1.481 | 819 | 80,8 |
| Óskilgreint | 215.657 | 181.271 | 19,0 |
| Samtals | 346.036 | 300.081 | 15,3 |

Á árinu 2017 var farið í 56 eftirlitsheimsóknir í 42 fódurfyrirtæki og samtals varið 156 klst við fódureftirlit á vettvangi. Tölur um innflutt fóður er að finna í kafla **IV.4.2.**


Tafla III.6.2: Greiningapættir og fjöldi greininga ásamt frávikum í hreinum fódurefnum og fódurblöndum 2017

| Greiningapættir | Fjöldi greininga á hreinum fódurefnum | Fjöldi greininga á fódurblöndum | Fjöldi frávíka |
|--------------------------|---------------------------------------|---------------------------------|----------------|
| Næringarefni | 0 | 0 | 0 |
| Arsen | 10 | 3 | 0 |
| Kopar | 0 | 3 | 0 |
| Sink | 0 | 3 | 1 |
| Bly | 0 | 7 | 0 |
| Flúor | 0 | 17 | 0 |
| Natríumnítrít | 1 | 5 | 0 |
| Kadmíum | 1 | 7 | 0 |
| Selen | 0 | 0 | 0 |
| Kvikasilfur | 4 | 2 | 0 |
| Kjöttmjöl | 11 | 2 | 0 |
| Díoxín og díoxín lík PCB | 15 | 4 | 1 |
| Ekki díoxín lík PCB | 18 | 5 | 0 |
| Sveppaeitur | 4 | 4 | 0 |
| Hnislalyf | 0 | 11 | 0 |
| Pláqueyðar | 10 | 7 | 0 |
| Fúkkalyf og vaxtarhvarar | 0 | 5 | 0 |
| Melamín | 0 | 1 | 0 |
| Korndrjólí | 1 | 0 | 0 |
| Salmonella | 0 | 29 | 1 |
| Erfðabreytt | 1 | 4 | 1 |
| Cadaverín | 0 | 0 | 0 |
| Glyfosate | 0 | 0 | 0 |
| Samtals | 76 | 119 | 4 |

7. Yfirkjötmat

Yfirkjötmat Matvælastofnunar nær til kinda-, stórgripa- og svínakjöts og er fjórþætt:

- Mótun reglna um kjötmat
 - Hafa forystu um mótun á reglum um gæðamat og flokkun á kjöti og fylgjast með nýjungum
- Skipun kjötmatsmanna og fræðsla
 - Skipuleggja námskeið fyrir kjötmatsmenn sláturhúsa
 - Meta hæfni þeirra
 - Leiðbeina þeim og samræma störf þeirra með reglubundnum hætti
- Yfirmat
 - Skera úr ágreiningi um kjötmat og störf kjötmatsmanna
- Söfnun upplýsinga
 - Sjá til þess að safnað sé upplýsingum um gæðamat á kjöti og að þær séu til reiðu á aðgengilegu formi

Árið 2017 var haft eftirlit með kjötmati í 14 sláturhúsum á vegum 12 sláturleyfishafa. Stórgripum var slátrað í 10 þeirra, svínunum í 4 og sauðfé í 10 sláturhúsum. Í þessum húsum eru alls 42 kjötmatsmenn skráðir með réttindi. Sláturhúsin voru heimsótt, kjötmatið tekið út og kjötmatmönnunum leiðbeint. Framkvæmd kjötmatins var með eðlilegum hætti en í tveimur ágreiningsmálum fór fram yfirmat. Nokkrar kvartanir bárust í sauðfjársláturtíð en þær voru leystar án þess að til formlegs yfirmats kæmi.

Við upphaf sauðfjárslátrunar í ágúst var haldið samræmingarnámskeiði fyrir kjötmatsmenn sem störfuðu í sláturtíðinni. Á því námskeiði voru einnig kynnt drög að kjötmati geita.

Þann 1. júlí 2017 var tekið upp EUROP kjötmat við mat á nautgripaskrokkum. Innleiðingin gekk nokkuð vel og nú um ármót er kerfið farið að virka hnökralaust.

Af niðurstöðum kjötmats sauðfjár ber að nefna að árið 2017 var meðalvigt lambaskrokka sú næsthæsta frá upphafi 16,42 kg, en það eru 290 grömmum léttara (16,71 kg) en metárið 2016.

Framleiðsla lambakjöts nam 9.206 tonnum (560.563 dilkar) sem er 77,4 tonnum minna (-0,8%) en árið 2016.

Hlutfall skrokka í tveimur bestu holdfyllingarflokkunum (E og U) 2017 var 36,7% (35,59% 2016). Fitustig var talsvert lægra en árið undan en 88,6% lambskrokka fóru í fituflokka 2 og 3 (86,25% 2016).

Innlagðir skrokkar af fullorðnu fé voru 55.199 (1413,6 tonn), 321,5 tonnum (+29,4%) meira en árið 2016.

Framleiðsla á nautgripakjöti var 4.613,65 tonn sem er 226,9 tonnum meira (5,2%) en árið 2016. Aukning var í framleiðslu á ungneytakjöti (14%) en samdráttur var í kúaslátrun (7%) milli ára. Meðalvigt ungneyta er heldur á uppleið og var 233 kg sem er aukning um 6 kg milli ára.

Framleiðsla grísakjöts nam 6.068,7 tonnum sem er 195,3 tonnum (+3,3) meira en 2016. Meðalvigt grísaskrokka var 81,47 kg sem er talsvert hærra en árið áður (78,83 kg 2016).

Hrossaslátrun jókst milli ára, innvegið kjöt var 1.061,1 tonn af 8900 gripum. Það er aukning frá fyrra ári en sambærilegar tölur fyrir árið 2016 voru innvegið kjöt 982,1 tonn af 7839 gripum.

Nánari upplýsingar um skiptingu kjöttegunda í matsflokkum eru birtar í töflum í [Viðauka VI.4](#).

8. Lyfjamál

8.1. Gagnagrunnar

Unnið var að frekari þróun á gagnagrunninum Heilsu, en hann heldur utan um sjúkdóma- og lyfjaskráningar dýralækna hjá hrossum, nautgripum og að hluta til sauðfé. Unnið var að breyttu viðmóti í lyfjaskápum í gagnagrunninum auk þess sem unnið var að almennum viðhaldsverkefnum og notendum veitt aðstoð eftir þörfum.

8.2. Efnaleifar í búfé og búfjárafurðum

Eftirlit var haft með efnaleifum í búfé og búfjárafurðum skv. efnaleifaáætlun 2017. Efnaleifaáætlun byggir á reglugerð nr. 30/2012 og er sýnatökum dreift á umdæmi og sláturhús eftir framleiðslumagni og sláturtölum.

Skimað var fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum, sýklalyfjum og öðrum dýralyfjum (t.d. sníkla- og hníslalyfjum) auk annarra efna og aðskotaefta. Sýni voru tekin úr nautgripum, svínunum, sauðfé, hrossum, alifuglum, eldisfiskum, mjólk, eggjum, hreindýrum og varphænsna- og kjúklingaeldisfóðri.

Héraðsdýralæknar og eftirlitsdýralæknar sjá um nær allar sýnatökur. Sýni af vöðva, fitu, lifur, nýrum eða þvagi frá dýrum voru tekin við slátrun í nær öllum sláturhúsum landsins. Mjólkursýni voru tekin á kúabúum, en þar voru einnig tekin þvagsýni til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum úr nautgripum. Einnig var tekið þvagsýni á svínabú til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Eggjasýni voru tekin á eggjabúum og eggjapökunarstöðvum. Fóðursýni voru tekin á alifuglabúum til að skima fyrir hníslalyfjum, bæði á varphænsnabúum og kjúklingaeldisbúum. Sýni úr fiskeldi voru flest tekin við slátrun og vinnslu en nokkur sýni voru tekin á fyrri eldisstigum til að leita að vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Þá voru einnig tekin sýni af hreindýralifur ([Tafla III.8.1](#)).

Tafla III.8.1: Gerð og fjöldi sýna til mælinga á efnaleifum

| Gerð sýnis | Fjöldi sýna 2016 | Fjöldi sýna 2017 |
|----------------|------------------|------------------|
| Nautgripir | 70 | 92 |
| Svín | 42 | 38 |
| Sauðfé | 301 | 305 |
| Hross | 66 | 52 |
| Alifuglar | 187 | 201 |
| Eldisfiskar | 98 | 150 |
| Mjólk | 299 | 300 |
| Egg | 186 | 205 |
| Hreindýr | 5 | 4 |
| Samtals | 1.254 | 1.347 |

- Efnið thiouracil greindist í einu nautgripasýni. Leifar af thiouracil er að öllum líkindum hægt að rekja til fóðrunar á jurtum af krossblómaætt, t.d. grænkáli.
- 17 α -Nortestosterone greindist yfir hámarksgildi í tveimur kúasýnum (viðkomandi kýr voru með fangi) og í tveimur sauðfjárásýnum (bæði sýnin voru úr hrútlömbum). Algengt er að gildi 17 α -Nortestosterone í þvagi hækki hjá kvendýrum sem eru með fangi. Einnig er það þekkt að efnið greinist í þvagi stóðhesta, galta og hrúta af ákveðnum tegundum.
- Kadmín greindist yfir hámarksgildi í öllum sjö hrossasýnum (nýru). Þungmálmur hafa hingað til verið mældir í vöðvum og hafa öll gildi verið undir hámarksgildum, en árið 2017 voru þungmálmur mældir í nýrum nokkurra dýrategunda, þ.m.t. hrossa. Kadmín safnast mest upp í nýrum en einnig lifur og lítið eitt í vöðvum. Hrossanýru eru að jafnaði ekki notuð til manneldis hérlendis og er það ekki ráðlagt.
- Skimað var fyrir hníslalyfinu Monensin-Na í fóðri ætluðu eldiskjúklingum undir lok eldistíma. Tekin voru tíu sýni en vegna mistaka við sýnatöku voru niðurstöður rannsókna á aðeins fjórum þeirra marktækar.

Yfirlit yfir vöktun efnaleifa í búfjárafurðum og niðurstöður er að finna í [Viðauka VII.3](#).

8.3. Samstarf við Lyfjastofnun

Á árinu veitti Matvælastofnun umsögn til Lyfjastofnunar vegna 10 markaðsleyfa fyrir dýralyf og vegna 21 undanþágubeiðni dýralækna fyrir óskráðum dýralyfjum.

9. Aukaafurðir dýra

Aukaafurðir dýra eru hlutar dýra eða afurðir úr dýraríkinu sem ekki eru ætlaðar til manneldis, hvort heldur vegna eðlis þeirra eða vegna ákvörðunar þess rekstraraðila sem framleiðir aukaafurðirnar. Meðferð aukaafurða dýra skal vera eftir settum reglum á öllum stigum meðhöndlunar, vinnslu og förgunar til að koma í veg fyrir dreifingu hugsanlegra smitefna, í þeim tilgangi að tryggja lýðheilsu og heilbrigði dýra. Matvælastofnun hefur eftirlit með rekstraraðilum þar sem aukaafurðir dýra verða til, t.d. í sláturhúsum, kjötvinnslum og fiskvinnslum, og hefur eftirlit með rekstraraðilum þar sem vinnsla á aukaafurðum dýra fer fram, t.d. gerð gæludýrafóðurs, lífræns áburðar og jarðvegsbætis og í fisk- og kjótmjólvinnslum.

Þann 20. júlí 2017 tók gildi reglugerð nr. 674/2017 sem innleiddi Evrópureglugerðir nr. 1069/2009 og 142/2011 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir dýra. Til stendur að ráðuneytið setji auk þess sérstaka reglugerð um „landsreglur“ sem tilgreina svigrúm og undanþágur sem fyrrnefndar Evrópureglugerðir gefa möguleika á.

Matvælastofnun átti fulltrúa í starfshópi um förgun úrgangs ásamt fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Umhverfisstofnun. Starfshópurinn var skipaður af umhverfisráðherra og hafði það hlutverk að taka saman yfirlit yfir förgun úrgangs hér á landi, sérstaklega förgun dýraleifa og sóttmengaðs úrgangs, og leggja fram mögulegar leiðir til úrbóta með það að markmiði að úrganginum yrði fargað í meira mæli í brennslustöðvum. Starfshópurinn lauk störfum í lok árs og skilaði niðurstöðum með minnisblaði til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins auk atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytisins.

1. Um inn- og útflutning

Eitt af hlutverkum markaðsstofu Matvælastofnunar er að stuðla að markaðsaðgengi fyrir íslenskar afurðir til ríkja utan EES (þriðju ríkja). Tengist þetta heilbrigðismálum vegna útflutningi á dýraafurðum. Móttökuríki nálgast þennan þátt með mismunandi hætti varðandi aðgengi fyrir dýraafurðir og plöntur. Kína er stór innflytjandi á dýraafurðum bæði til neyslu og til frekari vinnslu. Til að markaðssetja dýraafurðir þarf samþykki heilbrigðisyfirvalda í Kína, sem framkvæma áhættumat grundvallað á upplýsingum sem veittar er af útflutningsríkinu. Þá krefjast Kínverjar þess að úttekt fari fram á viðkomandi starfsemi í framleiðsluríkinu. Undanfarin ár hefur mikil vinna legið að baki markaðsaðgengi í Kína fyrir fiskimjöl og lýsi, lambakjöt og fiskeldisafurðir (þ.e. afurðir laxfiska). Lengi hafði verið beðið eftir úttektum af hálfu Kínverja á framleiðsluháttum þessara afurða. Síðla sumars og um haustið komu þrjár sendinefndir til úttektar á eftirlitskerfi Matvælastofnunar og framleiðslu á framangreindum afurðum með hliðsjón af mögulegum útflutningi. Mikil undirbúningsvinna fylgir komu sendinefnda af þessu tagi. Var því mikið álag á markaðsstofu sem og fleiri einingum innan Matvælastofnunar allt sumarið og fram á haust. Almennt séð gengu úttektirnar nokkuð vel, enda þótt athugasemdir hafi verið gerðar og unnið að viðbrögðum við þeim. Vonir standa til að heimild fáiast fyrir útflutningi þessara afurða fljótlega á árinu 2018. Ríkin tvö þurfa að gera með sér samning („protocol“) og sammælast um heilbrigðisvottorð fyrri hverja afurð fyrir sig. Hefð er fyrir því að slíkir samningar séu undirritaðir af ráðherra viðkomandi ríkja.

Markaðsstofa afgreiðir á hverju ári u.þ.b. 7.000 innflutningsbeiðnir. Nokkur breyting var gerð á árinu 2017 varðandi afgreiðslu slíkra beiðna. Opnuð var þjónustugátt á heimasíðu stofnunarinnar (mast.is) þar sem innflytjendur geta skráð beint upplýsingar um innflutninginn og óskað eftir leyfi til innflutnings. Þetta hefur haft í för með sér verulega hagræðingu í afgreiðslu beiðna. Með tilkomu þjónustugáttarinnar, eru beiðnirnar skráðar beint inn í skráningarkerfi Matvælastofnunar, sem auðveldar allt utanumhald. Þá er afgreiðslan ennfremur rafræn, sem er til verulegra hagsbóta fyrir báða aðila.

Heildarinnflutningur á hráu frystu kjöti (2 kafli tollskrárinnar) samkvæmt skráum Matvælastofnunar voru rúmlega 4000 tonn árið 2017 en mest var flutt inn af kjúklingi, svínakjöti og nautakjöti.

Innflutningur á hráu kjöti er háður ákvæðum löggjafar um varnir gegn dýrasjúkdómum. Meðal skilyrða er að kjötið hafi verið fryst í a.m.k. 30 sólarhringa og sé frítt af salmonella sýklum. Með hliðsjón af gögnum Matvælastofnunar eru flutt inn rúmlega 4.000 tonn af hráu kjöti árið 2017. Mest var flutt inn af kjúklinga-, svína- og nautakjöti. Í nóvember s.l. dæmdi EFTA-dómstóllinn að innflutningstakmarkanir á ferskum matvælum á Íslandi samræmdust ekki ákvæðum EES-samningsins. Búast má við að íslensk stjórnvöld verði að breyta löggjöfinni til samræmis. Ef að líkum lætur þarf þá Matvælastofnun ekki að hafa eftirlit með innflutningi á hráu kjöti eins og verið hefur um langt árabíl.

Nokkur samdráttur hefur orðið í fjölda sendinga frá þriðju ríkjum. Engin einhlít skýring er á þessari fækkun, en hugsanlegt er að innflytjendur nái ekki að aðlagast samevrópsku innflutningskerfi eða að viðkomandi vörur sé hægt að nálgast í Evrópu þar sem þær hafa þá þegar verið afgreiddar inn á EES.

Markaðsstofa sinnir að öðru leyti margvíslegum verkefnum, má þar nefna inn- og útflutning lifandi dýra, einkum gæludýra. Til margra ára hefur einungis verið starfrækt ein einkarekin einangrunarstöð fyrir hunda og ketti. Nokkur biðlisti hefur myndast eftir plássi í stöðina. Áform eru um byggingu annarrar einkarekinnar einangrunarstöðvar í Holta- og Landsveit. Stefnt er að opnun þeirrar stöðvar seint á árinu 2018. Líklegt er að þá styttest biðlistar talsvert.

Vöktun hraðviðvörðunarkerfis Evrópu (RASFF) um matvæli, fóður og efni í sneringu við matvæli er eitt af verkefnum markaðsstofu. Tilkynningar árið 2017 í gegnum hraðviðvörðunarkerfi voru samtals 12.949. Er þetta fjölgun um 26% frá árinu á undan. Tilkynningar er vörðuðu Ísland voru 21 þar af ein sem Ísland tilkynnti inn í kerfið. Þá hefur Markaðsstofa gegnt samhæfingarhlutverki varðandi innkallanir sem nauðsynlegar eru vegna tilkynninga eða niðurstöðu úr eftirliti annað hvort af hálfu Matvælastofnunar eða heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna. Brugðist var við 28 tilkynningum á árinu, þar af fjórum sem varða íslenska framleiðslu.

2. Innflutningur matvæla

Eftirlit með innflutningi dýraafurða og annarra matvæla er háð því hvaðan vörurnar koma. Vörur sem fluttar eru inn frá löndum utan EES, svokölluðum þriðju ríkjum, þurfa að uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 1044/2011 um eftirlit með innflutningi á dýraafurðum frá ríkjum utan EES. Þessar sömu kröfur eru gerðar til innflutnings frá þriðju ríkjum í öllum löndum Evrópusambandsins. Á milli landa innan EES/ESB eru þessar vörur í frjálssu flæði. Þó gilda sérstök skilyrði um innflutning hrárra dýraafurða til Íslands sem byggja á íslenskri dýrasjúkdómálöggjöf.

Innflytjendur tilkynna um innflutning dýraafurða og annarra leyfis skyldra matvæla til Matvælastofnunar í þjónustugátt. Árið 2017 bárust tilkynningar um yfir 7000 sendingar. Tollafræðsla er háð samþykki Matvælastofnunar.

2.1. Viðvörðunarkerfi ESB og EFTA

Matvælastofnun fer með eftirlit með innflutningi matvæla og fóðurs og er framkvæmdin í nánú samstarfi við heilbrigðiseftirlit sveitafélaga. Afgreiddar voru 13 umsóknir vegna takmarkana á innflutningi matvæla. Ákveðnar sendingar eru skoðaðar og eru tekin sýni samkvæmt sýnatökutíðni í viðauka 1 reglugerðar nr. 835/2010 með breytingum eða í öðrum tengdum reglugerðum. (reglugerð nr. 669/2009/EB m. br.).

Matvælastofnun er tengiliður Íslands við viðvörðunarkerfi ESB og EFTA ríkja (Rapid Alert System for Food and Feed – RASFF) og hefur kerfið verið við lýði síðan árið 1979. Heildarfjöldi RASFF tilkynninga á árinu var 12.949. Mjög mikil aukning var á tilkynningum um hafnanir við landamæraeftirlit EES ríkjanna, þá sérstaklega vegna kjúklingakjöts frá Brasilíu. Næst algengustu tilkynningar eru um vörur sem eru innkallaðar af markaði Alls voru 21 RASFF tilkynningar á árinu um vörur sem höfðu borist til Íslands eða voru framleiddar á Íslandi og dreift til annarra landa. Í mörgum tilfellum var um að ræða aðskotahlutir s.s. gler eða málmur.

Tafla IV.2.1: RASFF-tilkynningar 2017 er vörðuðu Ísland

| Vörutegund | Ástæða | Upprunaland |
|-----------------------|---|--------------------|
| Pálmolia | óleyfilegt litarefni Sudan 4 | Ghana |
| Andarfita | flæði efna yfir mörkum (ESBO úr sojaolíu) | Frakkland |
| Oregano krydd | salmonella | Tyrkland |
| Gojaber | óleyfilegt varnarefni | Kína |
| Lífræn sósa glútenfrí | ómerkt glúten | Holland |
| Kaffibollar | flæði efna yfir mörkum (melamín og formaldehyð) | Holland |
| Majónes* | óleyfilegt framleiðsluland með eggjavörur | Japan |
| Fæðubótarefni | óleyfilegt innihaldsefni (jojoba fræ) | Bandaríkin |
| Kjúklingalifur | salmonella | Pólland |
| Spægipylsa | bólgnar pakkningar | Danmörk |
| Fæðubótarefni | ólögleg nýfæði (kreatine nitrat og theacrine) | Bandaríkin |
| Orkudrykkur | of hátt magn af B6 vítamini | Ekki vitað/Holland |
| Orkustykki | Listeria monocytogenes | Bandaríkin |
| Sósur | ólöglegt hráefni (indverskt mjólkurduft) | Bretland |
| Kryddblanda | ómerkta ofnæmis- og ópolsvaldar (jarðhnetur og sellerí) | Danmörk |
| Tómatsósa | gerjun | Tyrkland |
| Kökur | aðskotarhlutur (málmhlutur) | Danmörk |
| Jarðarber | nóróvírus | Pólland |
| Jarðarber | nóróvírus | Pólland/Serbía |
| Brjóstsykur | aðskotarhlutur (málmhlutur) | Kína |
| Sveppir | Listeria monocytogenes | S-Kórea |

* tilkynning frá Íslandi

Árið 2017 fannst í eggjum í Evrópu fipronil sem er skordýraeitur og má ekki nota við framleiðslu á eggjum. Gífulegt magn af eggjum var fleygt í fjölmörgum löndum. Ekki fannst fipronil í eggjum á Íslandi og innflutt egg komu öll með

rannsóknarvottorðum sem staðfestu að efnið var ekki að finna í eggjum. En hráefni úr erlendum eggjadufti sem grunur var að innihéldi fipronil var notað í íslenska framleiðslu og var öll framleiðslan innkölluð og þeim fargað.

Margar tilkynningar í gegnum RASFF viðvörðunarkerfið voru um matvælasvindl á netsíðum en það er greinileg aukning í heiminum með þeim hætti. EES löndin hafa sett upp samskipavef nefndan AAC-FF og AAC-AA þar sem aðildalöndin geta skipts á upplýsingum um matvælasvindl og/eða öðrum brotum á evrópskum matvælalöggjöfni.

2.2. Matvæli ekki af dýrauppruna frá þriðju ríkjum

Ákveðnar sendingar eru skoðaðar og eru tekin sýni samkvæmt sýnatökutíðni í viðauka 1 reglugerðar nr. 835/2010 með breytingum eða í öðrum tengdum reglugerðum. Alls voru afgreiddar 13 sendingar í innflutningseftirliti Matvælastofnunar 2017 og eitt sýni af fíkjum sent til rannsóknar m.t.t. aflatoxíns sem reyndist vera í lagi.

Vissar tegundir grænmetis og kryddjurta frá Víetnam og Tælandi eru undir ströngu innflutningseftirliti vegna varnaefnaleifa og tekin eru 20% af sendingum til ástandskoðunar og sýnatöku. Ekkert krydd eða grænmeti sem var á listanum kom til Íslands árið 2017 frá Víetnam og Tælandi.

Eldhúsáhöld úr plastefnunum melamíni og pólýamíni frá Kína og Hong Kong þarf að tilkynna við innflutning inn á EES-svæðið og framvísar vottorðum um flæði þessarra efna sé undir mörkum. Tilkynnt var um 51 sendingar af eldhúsáhöldum úr plasti en engin af þeim var úr tilteknum plastefnum og því var engin sýnataka á árinu.



Aukið eftirlit er með ávöxtum og grænmeti frá vissum löndum utan EES

Matvælastofnun og tollgæslan hafa tekið þátt í nokkur ár í alþjóðlegum aðgerðum gegn innflutningi og sölu á fölsuðum og ólöglegum matvælum og drykkjum. Samstarfsverkefnið er með fjölda ríkja í Evrópu og öðrum löndum og skipulagt af Europol og Interpol. Árið 2017 var sérstök áhersla lögð á skoðun á hunangi og drykkjavörum (safar og áfengi) m.t.t. matvælasvindis (food fraud) en Ísland fylgdist með en tók ekki virkan þátt með sýnatöku í því verkefni.

2.3. Dýraafurðir frá þriðju ríkjum

Markaðsstofa annast rekstur landamærastöðva og eftirlit með innflutningi dýraafurða til landsins frá þriðju ríkjum og þar með inn á Evrópska efnahagssvæðið (EES), skv. reglugerð nr. 1044/2011. Innflutningseftirlit með dýraafurðum tekur til hvers kyns afurða úr dýraríkinu, sem dæmi má nefna; matvæli, fiskimjöl og fóður, lýsi, dýrafeiti, býflugnavax, hunang, óunnin skinn, ull og veiðiminjar.

Eftirlitið felst í skoðun skjala sem þurfa að fylgja vörinni, auðkenningu vörunnar, þ.e. hvort merkingar séu réttar samkvæmt meðfylgjandi skjölum og síðan heilnæmisskoðun sem felur meðal annars í sér hitastigsmælingar, skynmat og sýnatöku til rannsókna.

Á landinu eru starfræktar sjö landamærastöðvar þar sem Matvælastofnun hefur eftirlit með innflutningi dýraafurða. Landamærastöðvarnar eru staðsettar í Hafnarfirði, á Keflavíkurlugvelli, Þorlákshöfn, Akureyri, Ísafirði og tvær í Reykjavík (Eimskip og Samskip). Heimilt er að taka til eftirlits fiskafurðir á öllum landamærastöðvum, en Eimskip Reykjavík og Keflavíkurlugvöllur eru einu stöðvarnar sem geta tekið á móti öllum gerðum af dýraafurðum.

Stærsti hluti innflutnings á dýraafurðum frá löndum utan EES fór fram á landamærastöðvunum á höfuðborgarsvæðinu (*Tafla IV.2.2*). Fiskafurðir voru stærsti hluti sendinga frá löndum utan EES á síðasta ári og þar af var iðnaðarrækja í mestu magni, hvortvegga í þyngd og fjölda sendinga. Innflutningur á dýraafurðum til manneðis var einkum mjólkurafurðir (mysuprótein og ostahliðstæða) og tilbúnir kjúklingaréttir. Aðrar dýraafurðir voru gæludýrafóður og veiðiminjar.

Tafla IV.2.2: Innfluttar dýraafurðir frá þriðju ríkjum eftir landamærastöðvum árið 2017

| Landamærastöð | Fiskafurðir Fjöldi sendinga | Dýraafurðir* Fjöldi sendinga | Aðrar dýraafurðir** Fjöldi sendinga | Heildarfjöldi sendinga | Heildarþyngd (kg nettó) |
|---------------------|--------------------------------|---------------------------------|--|---------------------------|----------------------------|
| Reykjavík (Eimskip) | 176 | 36 | 4 | 216 | 10.375.658 |
| Hafnarfjörður | 9 | 0 | 0 | 9 | 2.369.328 |
| Ísafjörður | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Reykjavík (Samskip) | 14 | 0 | 0 | 14 | 239.763 |
| Akureyri | 2 | 0 | 0 | 2 | 114.080 |
| Keflavíkurlugvöllur | 7 | 0 | 5 | 12 | 774 |
| Þorlákshöfn | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Samtals | 208 | 36 | 9 | 253 | 13.099.603 |


*Dýraafurðir til manneðis, aðrar en fiskafurðir. ** Dýraafurðir ekki til manneðis.

Breytingar milli ára á innfluttum afurðum af dýrauppruna urðu þær helstar, að nokkuð dró úr innflutningi á öllum dýraafurðum og fiskafurðum þar með töldum, þannig að heildarfjöldi sendinga dróst saman um 23% (*Mynd IV.2.1*).

Fimm sendingum af dýraafurðum sem komu frá löndum utan EES þurfti að vísa frá við landamæraeftirlit. Frávísunarástæður voru vegna samþykkisnúmers starfsstöðvar og/eða heilbrigðisvottorð vantaði með sendingu.

Beituinnflutningur frá þriðju ríkjum var alls 2.138.214 kg í 19 sendingum. Fjöldi sýnishorna af dýraafurðum frá þriðju ríkjum sem ætluð voru til rannsóknar eða kynningar var 19 og vógu þau samtals 251 kg. Alls voru flutt inn 15.238.068 kg af dýraafurðum frá ríkjum utan EES.

Mynd IV.2.1: Helstu breytingar á fjölda sendinga af dýraafurðum fluttum inn frá 3ju ríkjum árin 2015 til 2017



2.4. Dýraafurðir frá ríkjum innan EES

Matvæli, þ.e. dýraafurðir sem framleiddar eru af starfsleyfishöfum innan Evrópska efnahagssvæðisins sem hafa samþykkisnúmer eru í frjálsum flæði innan EES. Um er að ræða sláturhús, kjötvinnslur og mjólkurvinnslur og samþykkisnúmerin eru staðfesting á því að starfsleyfi sé veitt á grundvelli þess að starfsstöðin uppfylli viðeigandi kröfur Evrópusambandsins. Þá eru samþykkisnúmerin notuð til að rekja afurðir til framleiðenda þeirra.

Íslensk dýrasjúkdómálöggjöf þ.e. lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og reglugerð nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins (með áorðnum breytingum) kveður á um sérstök skilyrði vegna innflutnings á hráum dýraafurðum.

Frá og með apríl 2017 tilkynntu innflytjendur dýraafurða, innflutning í þjónustugátt Matvælastofnunar. Fram að því höfðu slíkar tilkynningar ásamt nauðsynlegum fylgiskjöllum borist með tölvupósti. Á árinu bárust stofnuninni yfir 7000 tilkynningar en hver þeirra getur innihaldið allt að 10 vörutegundir.


2.4.1. Kjöt

Innflytjendur hrárra kjötafurða þurfa að afla innflutningsleyfis Matvælastofnunar og leggja fram gögn sem staðfesta annars vegar að afurðirnar séu lausar við salmonellusýkla og hins vegar að kjötið hafi verið fryst í a.m.k. 30 daga fyrir tollafgreiðslu. Heildarinnflutningur á hráu frystu kjöti (2 kafli tollskrárinnar) samkvæmt skrár Matvælastofnunar var rúmlega 4.000 tonn árið 2017 en mest var flutt inn af kjúklingi, svínakjöti og nautakjöti.

2.4.2. Dýraafurðir til einkaneyslu

Reglugerð 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins heimilar einstaklingum að hafa meðferðis í farangri dýraafurðir til einkaneyslu frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins, Grænlandi og Færeyjum, að fengnu leyfi Matvælastofnunar. Árið 2017 voru 259 slíkir leyfi gefin út; 114 vegna innflutnings frá Grænlandi, 50 frá Færeyjum og 95 frá EES.

Mynd IV.2.2: Innflutningur á hráu kjöti 2013-2017 (tonn)




3. Innflutningur dýra

Lög nr. 54/1990 um innflutning dýra kveða á um bann við innflutningi dýra. Þó er ráðherra heimilt að víkja frá því banni ef skilyrðum sem sett eru um slíkan innflutning er fylgt. Settar hafa verið reglugerðir um innflutning gæludýra, loðdýra, svínasæðis og erfðaefnis holdanauta. Frjóegg, eldisfiskur, tilraunadýr og tiltekna tegundir skordýra eru einnig reglulega flutt inn með leyfi ráðherra og jákvæðri umsögn Matvælastofnunar.

3.1. Hundar og kettir


Reglugerð 935/2004 kveður á um skilyrði vegna innflutnings gæludýra, þ.e. hunda, katta, kanína, nagdýra, búrfugla, skrautfiska og vatnadýra. Árið 2017 voru fluttir inn 207 hundar af 82 mismunandi hundategundum frá 35 löndum. Innfluttir kettir voru 67 talsins af 13 tegundum frá 24 löndum. Blendingar og heimiliskettir voru algengustu tegundirnar og helstu útflutningslönd Norðurlöndin, Pólland og Bandaríkin. Fryst hundasæði var flutt inn einu sinni, af tegundinni ástralskur fjárhundur.



Töflu IV.3.1: Innflutningur dýra, aukaafurða ofl. 2017

| Innflutningur | Magn |
|---|----------------------------|
| Hundar | 207 |
| Kettir | 67 |
| Kanínur | 3 |
| Naggrísir | 6 |
| Búrfuglar | 3 |
| Skrautfiskar/vatnadýr | 37 sendingar |
| Broddgeltir | 1 |
| Svínasæði | 1 sending / 127 skammtar |
| Nautgripafósturvísar | 1 sending / 60 fósturvísar |
| Frjóegg | 11 sendingar / 213.910 egg |
| Tilraunadýr | 25 sendingar |
| Mýs | 940 |
| Kanínur | 38 |
| Rottur | 12 |
| Eldisfiskur | 19 sendingar |
| Skordýr | |
| Byflugur til hunangsframleiðslu | 1 sending |
| Laufskurðarmaurar | 1 sending |
| Lífrænar varnir | 102 sendingar |
| Innflutningur aukaafurða og búnaðar sem heyrir undir dýrasjúkdómálöggjöf | |
| Veiðiminjar | 12 sendingar |
| UII | 6 sendingar (99,7 tonn) |
| Notaðar landbúnaðarvélar | 86 |

Mynd IV.3.1: Innflutningur hunda og katta 2003-2016



Tafla IV.3.2: Algengustu innfluttu hunda- og kattategundir og helstu upprunalönd innfluttra hunda og katta

| Hundategund | Fjöldi | Kattategund | Fjöldi | Upprunaland | Fjöldi |
|-----------------------|--------|----------------------|--------|-------------|--------|
| Blendingur | 30 | Húsköttur | 40 | Noregur | 36 |
| Russian toy terrier | 10 | Main Coon | 10 | Danmörk | 30 |
| Chihuahua | 8 | Norskur skógarköttur | 4 | Pólland | 29 |
| Labrador | 7 | Cornish rex | 3 | USA | 25 |
| Pommeranian | 7 | British shorthair | 2 | Svíþjóð | 24 |
| Pug | 7 | Persneskur köttur | 2 | Bretland | 12 |
| Franskur bolabítur | 6 | Bengal | 1 | Kanada | 10 |
| Schnauzer (mini) | 6 | Himalayan | 1 | Þýskaland | 9 |
| Golden retriever | 5 | Ragdoll | 1 | Holland | 9 |
| Vorsteh | 5 | Russian blue | 1 | Rússland | 8 |
| Ástralskur fjárhundur | 4 | Síams | 1 | Spánn | 8 |
| Langhundur | 4 | Sphynx | 1 | | |
| Schnauzer (standard) | 4 | | | | |
| Tibet spaniel | 4 | | | | |
| Whippet | 4 | | | | |

3.2. Önnur gæludýr

Árið 2017 voru fluttar inn 3 kanínur, 6 naggrísir og 3 búrfuglar. Hér var um að ræða innflutning vegna búferlaflutninga. Alls voru gefin út 37 leyfi vegna innflutnings á skrautfiskum og vatnadýrum en í flestum tilfellum var um að ræða innflutning á vegum gæludýraverslana. Einn afrískur dvergbroddgöltur var fluttur inn árið 2017 en sú dýrategund fellur ekki undir reglugerð 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis. Hér er um að ræða nýja dýrategund á Íslandi (framandi lífveru) og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fer með afgreiðslu slíkra umsókna sbr. lög nr. 54/1990 um innflutning dýra. Matvælastofnun veitti jákvæða umsögn og fór með eftirlit með innflutningnum. Innflytjandi skal einnig afla leyfis Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

3.3. Dúfur

Bréfdúfur og skrautdúfur hafa um árabil verið fluttar reglulega til Íslands. Sótt var um innflutningsleyfi fyrir dúfur frá Þýskalandi sem til stóð að flytja inn á fyrri hluta árs 2017 en vegna mikillar útbreiðslu fuglaflensu á meginlandi Evrópu mælti Matvælastofnun ekki með innflutningi á þeim tímapunkti. Leyfi var þó gefið út síðar á árinu þegar fuglaflensufaraldurinn var genginn niður.

3.4 Tilraunadýr

Árið 2017 voru gefin út 25 innflutningsleyfi vegna tilraunadýra. Alls var um að ræða 940 mýs, 38 rottur og 12 kanínur.

3.5 Frjóegg alifugla

Frjóegg alifugla (kalkúnar og hænsni) eru flutt reglulega til landsins. Árið 2017 voru 11 sendingar fluttar inn með alls 213.910 frjóeggjum.

3.6. Svínasæði

Árið 2017 var svínasæði flutt inn frá Noregi einu sinni, alls 508 strá (127 skammtar).

3.7. Nautgripafósturvísar

Reglugerð nr. 850/2015 um innflutning erfðaefnis holdanauta og kröfur um útbúnað einangrunarstöðva var sett árið 2015 og fósturvísar holdanautgripa voru fluttir til Íslands í fyrsta sinn haustið 2017.

Í nóvember voru fluttir til landsins 40 fósturvísar úr norskum Aberdeen Angus holdagripum. Kaupandi var Nautgriparæktarmiðstöð Íslands sem er að byggja einangrunarstöð fyrir holdagripa á Stóra Ármóti á Suðurlandi og var hluti hennar tekin í notkun undir lok árs. Stöðin festi kaup á 36 kúm sem voru samstilltar og var 32 fósturvísur komið fyrir í þeim í lok árs. Eftir að kálfarnir fæðast mun þeim haldið í einangrun í níu mánuði áður en þeir verða seldir til nautgripabænda vítt og breytt um landið.

3.8. Hrogn og seiði

Á árinu var tveimur fyrirtækjum veitt heimild til innflutnings á 37 lítrum (370.000 stk.) af regnbogasilungshrognum frá Danmörku til klaks og áframeldis. Þá voru flutt inn 285 græn sæeyru (Ezo) frá Írlandi (80 gr.) og 450 dýr sömu tegundar frá Japan (105 gr.) til kynbóta og áframeldis á Eyrarbakka. Á um fimm vikna fresti allt sl. ár var heimilaður innflutningur á alls 2.925.000 senegalflúruseiðum (0,13 gr.) frá norður Spáni til áframeldis í strandeldi á Reykjanesi, en slíkur innflutningur hefur staðið óslitið frá ágúst 2013. Loks var einn farmur af ostrum fluttur inn frá norður Spáni í lok nóvember. Var það fimmta árið í röð sem slíkur innflutningur er heimilaður og í þetta sinn komu um 500.000 ungið af risaostu (6-8 mm) til Húsavíkur og þeim komið fyrir í lokuðum grindum og síðan á langlínu á 5-6 metra dýpi til áframræktunar í Skjálfaflóa.

3.9. Skordýr

Býflugur til hunangsframleiðslu voru fluttar inn einu sinni árið 2017, frá Álandseyjum. Á árinu voru í fyrsta sinn fluttir laufskurðarmaurar til Íslands og var það gert á vegum Húsdýragarðsins í Reykjavík. Skordýr sem notuð eru til lífrænna varna í garðyrkjustöðvum eru reglulega flutt til landsins og á árinu komu 102 slíkar sendingar til landsins.

3.10. Innflutningur aukaafurða dýra

3.10.1. Veidiminjar

Við innflutning á veiðiminjum þarf að sýna fram á að minjarnar séu fullunnar. Matvælastofnun gaf út 12 leyfi fyrir innflutningi veiðiminja árið 2017, um var að ræða skinn, höfuðkúpur og fleira frá meginlandi Evrópu, Bandaríkjunum, Afríku og Asíu.

3.10.2. Ull

Heimilt er að flytja inn ull til Íslands sé hún þvegin. Árið 2017 var þvegin ull flutt inn 6 sinnum, alls tæplega 100 tonn, frá Nýja-Sjálandi, Noregi og Bretlandi.

3.11. Annar innflutningur sem heyrir undir dýrasjúkdómalöggjöf

Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim kveða á um bann við innflutningi hvers konar tækja, áhalda, umbúða, reiðtygja og veiðibúnaðar em hefur verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang nema sannað þyki að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Nánar er kveðið á um skilyrði fyrir innflutningi slíks búnaðar í reglugerð nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins. Ferðamenn sem flytja með sér veiðibúnað og/eða reiðfatnað þurfa við innflutning að sýna fram á að þrif og sóttthreinsun hafi farið fram. Sé búnaðurinn/fatnaðurinn ósottthreinsaður er boðið upp á sóttthreinsun við komuna til landsins.

3.11.1. Notaðar landbúnaðarvélar

Sérstök skilyrði um þrif og vottaða sóttthreinsun gilda um innflutning notaðra landbúnaðarvéla. Við innflutning fer fram úttekt á þrifum og sóttthreinsun. Sé þrifum ábótavant skal þrifa tækið að nýju hjá þvottastöð sem hefur hlotið samþykki Matvælastofnunar vegna slíkra þrifa. Á árinu 2017 voru alls 86 notaðar landbúnaðarvélar fluttar inn. Helst er um að ræða dráttarvélar en einnig hestakerrur, gripaflutningabíla, mjólkurtanka og mjaltavélar. Töluverð aukning varð í slíkum innflutningi frá árinu 2016 en þá voru 34 notaðar landbúnaðarvélar fluttar til Íslands.

4. Innflutningur áburðar, fódurs og plantna

4.1. Áburður

Á árinu 2017 fluttu 26 fyrirtæki inn áburð og jarðvegsbætandi efni alls 328 tegundir. Alls voru flutt inn 56.207 tonn af áburði og jarðvegsbætandi efnum. Innlendir framleiðendur eru 14 á skrá, það eru fyrirtæki sem framleiða áburð eða jarðvegsbætandi efni á landinu. Áburðarfyrirtæki sem voru með skráða starfsemi á árinu eru því 41.

Tafla IV.4.1: Innflytjendur áburðar og magn köfnunarefnis (N), fosfórs (P) og kalí (K) sem flutt var inn árið 2017

| Áburður | Fjöldi fyrirtækja | Fjöldi tegunda | Magn (kg) | N (kg) | P (kg) | K (kg) |
|-------------------|-------------------|----------------|-------------------|-------------------|------------------|------------------|
| Jarðrækt | 6 | 81 | 50.379.500 | 12.025.513 | 1.791.036 | 2.366.869 |
| Ylr. og garðyrkja | 11 | 98 | 5.413.681 | 1.025.493 | 253.385 | 421.461 |
| Íþróttavellir | 4 | 18 | 76.529 | 12.293 | 1.611 | 7.615 |
| Jarðvegsbætar | 8 | 21 | 319.255 | 1.789 | 67 | 287 |
| Blómaáburður | 12 | 88 | 17.695 | 562 | 372 | 963 |
| Samtals | 26 | 306 | 56.206.663 | 13.065.649 | 2.046.470 | 2.797.196 |

Sýnataka og vöruskoðun var gerð hjá 5 innflutningsfyrirtækjum og voru alls 50 áburðarsýni af 50 áburðartegundum tekin á árinu. Auk þess voru merkingar og umbúðir skoðaðar.

Við efnamælingar kom í ljós að 2 áburðartegundir voru með efnainnihaldi undir vikmörkum samkvæmt ákvæðum reglugerða. Ein var með of lítinn fosfór, og 1 með of lítinn brennistein. Ein áburðartegund mældist með kadmíum (Cd) yfir leyfðum mörkum. Þessar 3 tegundir hafa verið teknar af skrá Matvælastofnunar. Allar niðurstöður miðast við uppgöfin gildi við skráningu og samkvæmt merkingum á umbúðum. Óheimilt er að dreifa þessum tegundum til notenda þar til sýnt hefur verið fram á að þær uppfylli kröfur um efnainnihald.

Kadmíum (Cd) var mælt í öllum áburðartegundum sem innihalda fosfór. Efnið var oftast undir mælanlegum mörkum og alltaf, nema í einu tilfalli undir leyfðu hámarki sem er 50 mg/kg P.

Fáar athugasemdir voru gerðar við merkingar, en helstu gallar voru vegna misræmis milli skráninga og merkinga einnig voru merkingar máðar í nokkrum tilfellum. Þá voru gerðar athugasemdir ef merkingar voru ekki á íslensku.

4.2. Fóður

Auk reglubundins eftirlits með starfsstöðvum í fódurframleiðslu felst fódureftirlit einnig í skráningu allra innflytjenda á fóðri. Við innflutning ber fyrirtækjum að tilkynna komu fódurs svo starfsfólki Matvælastofnunar gefst tækifæri til að skoða og taka sýni af vörunni. Tveir starfsmenn sinna eftirliti með fóðri á vettvangi, skráningu fódurtegunda og innflutnings á fóðri.

Tafla VII.4.2: Innflutt fóður 2017 og 2016, fjöldi innflutningstilkynninga og breyting í %

| Dýrategund | 2017 (tonn) | 2016 (tonn) | Breyting % | Fj. tilk. 2017 | Fj. tilk. 2016 | Breyting % |
|----------------|----------------|----------------|------------|----------------|----------------|-------------|
| Jórturdýr | 10.969 | 8.985 | 22,1 | 775 | 668 | 16,0 |
| Alifuglar | 5.962 | 8.332 | -28,4 | 439 | 442 | -0,7 |
| Svín | 1.404 | 1.240 | 13,2 | 284 | 286 | -0,7 |
| Fiskar | 25.510 | 15.471 | 64,9 | 304 | 240 | 26,7 |
| Loðdýr | 558 | 611 | -8,7 | 49 | 53 | -7,5 |
| Hestar | 1.272 | 360 | 253,3 | 199 | 179 | 11,2 |
| Gæludýr | 3.156 | 2.903 | 8,7 | 815 | 503 | 62,0 |
| Kanínur | 0 | 30 | -100,0 | 0 | 1 | -100,0 |
| Óskilgreint | 90.360 | 95.630 | -5,5 | 582 | 588 | -1,0 |
| Samtals | 139.191 | 133.562 | 4,2 | 3447 | 2.960 | 16,5 |

Á árinu 2017 fluttu 74 fyrirtæki inn fóður samanborið við 68 fyrirtæki árið 2016. Alls bárust 2.118 tilkynningar um innflutning á 659 fódurtegundum. Samtals voru flutt inn 139.190 tonn af fóðri á árinu. Tilkynningum um innflutning hefur því fjölgað um 19% milli ára og magn innflutts fódurs hefur aukist um 4,2% milli ára.

4.3. Plöntur og sáðvara

Undir þennan verkþátt falla verkefni er lúta að plöntuheilbrigði og gæðum sáðvöru. Af vöruflokkum má nefna plöntur og plöntuafurðir s.s. afskorin blóm og greinar, jólatré, blómlauka, græðlinga, smáplöntur, pottaplöntur, garðplöntur, útsæðis- og matarkartöflur, trjávið og viðarumbúðir, mold til ræktunar og fræ. Auk þess er fylgst með innflutningi smádyra til lífrænna varna í garðyrkju (í *Töflu IV.4.2.* undir „lífrænar varnir“).

4.3.1. Leyfisveitingar

Matvælastofnun veitir leyfi til stofnræktunar á kartöfluútsæði sbr. reglugerð nr. 455/2006 um kartöfluútsæði. Árið 2017 voru þrjú kartöflubændur með slíkt leyfi, tveir í Eyjafirði og einn á Hornafirði. Auk þess hefur Landbúnaðarháskóli Íslands, samkvæmt reglugerðinni, leyfi til ræktunar úrvals- og eðalstofna sem framkvæmd er í samstarfi við Samband Garðyrkjubænda.

Matvælastofnun veitir kartöflubændum leyfi til að selja útsæði til almennrar dreifingar ef forsendur eru fyrir því. Forsendur fyrir leyfi eru m.a. eftirfarandi: hnúðormur má ekki finnast í garðlandi ræktanda, hringrot má ekki finnast í uppskeru og ræktandi verður að endurnýja reglulega með kaupum á stofnútsæði. Vorið 2015 voru 22 bændur með útsæðisleyfi þar með taldir stofnræktendur. Af þeim voru 11 á Suðurlandi, sjö í Eyjafirði, einn á Héraði og þrjú á Hornafirði.

Stofnunin annast framkvæmd reglugerðar nr. 343/2004 um viðarumbúðir vara við útflutning. Í því felst m.a. að veita fyrirtækjum sem smíða viðarumbúðir, helst vörubretti og trékassa, vottun til að merkja umbúðirnar með alþjóðlegu merki því til staðfestingar að umbúðirnar uppfylli skilyrði alþjóðlega staðalsins ISPM 15. Hér á landi er helst smíðað úr forhituðum við til að uppfylla kröfur staðalsins þó viður sé í sumum tilfellum hitaður hér. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að plöntuskaðvaldar geti borist með umbúðunum. Í lok ársins 2017 voru sex fyrirtæki með vottun til að útvega forhituðan trjávið til umbúðagerðar og sextán fyrirtæki með vottun til að hita umbúðir eða smíða umbúðir úr forhituðum viði og merkja. Þessi fyrirtæki dreifast um allt land.

4.3.2. Eftirlit

Fylgst er með því að heilbriggt kartöfluútsæði sé á markaði. Farnar eru tvær skoðunarferðir á ári til stofnræktenda, annars vegar í ágústmánuði þegar ræktunin er skoðuð en einnig er útsæðið heilbrigðislokað í geymslum. Ræktað er stofnútsæði af yrkjunum *Gullauga*, *Helgu*, *Premiere* og *Rauðum íslenskum*. Minnst þriðja hvert ár eru tekin kartöflusýni hjá öllum ræktendum með útsæðisleyfi og leitað að hringrotssmiti og minnst fjórða hvert ár eru tekin jarðvegssýni og leitað að hnúðormi.

Tafla IV.4.2: Fjöldi áritaðra vottorða vegna innflutnings plantna og plöntuafurða árin 2010-2017

| Mismunandi vöruflokkar þar sem áritun vottorða er áskilin | Vottorð 2010 | Vottorð 2011 | Vottorð 2012 | Vottorð 2013 | Vottorð 2014 | Vottorð 2015 | Vottorð 2016 | Vottorð 2017 |
|---|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Afskorin blóm og greinar | 121 | 115 | 103 | 150 | 129 | 106 | 107 | 188 |
| Arinviður | 8 | 8 | 4 | 7 | 12 | 8 | 24 | 15 |
| Blómlaukar og rótarhnyði | 52 | 55 | 39 | 69 | 30 | 138 | 38 | 49 |
| Garðplöntur, tré og runnar | 62 | 86 | 59 | 51 | 58 | 39 | 5 | 31 |
| Græðlingar og smáplöntur | 154 | 165 | 172 | 160 | 139 | 154 | 154 | 145 |
| Jólatré og barrgreinar | 28 | 28 | 37 | 26 | 38 | 30 | 38 | 50 |
| Lífrænar varnir | 104 | 106 | 123 | 169 | 152 | 173 | 170 | 102 |
| Matar- og verksmiðjukartöflur | 153 | 120 | 195 | 142 | 264 | 209 | 209 | 207 |
| Mold | 48 | 52 | 61 | 53 | 64 | 54 | 56 | 85 |
| Pottaplöntur | 39 | 22 | 64 | 55 | 54 | 50 | 89 | 120 |
| Útsæðiskartöflur | 11 | 5 | 6 | 7 | 9 | 5 | 5 | 6 |
| Ýmislegt | - | - | - | 229 | 153 | 41 | 111 | 148 |
| Samtals | 780 | 762 | 863 | 1.118 | 1.102 | 1.007 | 1.006 | 1.146 |

Afla þarf leyfi Matvælastofnunar við innflutning ákveðinna vörflokka. Plöntum og plöntuafurðum þarf undantekningarliðið að fylgja áritað heilbrigðisvottorð frá þeirri stofnun útflutningslands sem fer með málefni plöntuheilbrigðis. Við innflutning til landsins er tryggt að heilbrigðisvottorð plantna og plöntuafurða séu gild.

Tafla IV.4.3 sýnir magntölur fyrir innflutning nokkurra vörflokka fyrir árin 2010-2017. Vörflokkarnir eru matar- og verksmiðjukartöflur, útsæðiskartöflur, gróðurmold og jólatré.

Tafla IV.4.3: Innflutt magn matar- og verksmiðjukartaflna, gróðurmoldar og jólatrjáa árin 2010-2016

| Vörflokkar | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
|--------------------------------------|---------|---------|---------|---------|--------|--------|-------|---------|
| Matar- og verksmiðjukartöflur (tonn) | 2.869,3 | 2.869,3 | 3.346,3 | 2.520,8 | 4.041 | 2.866 | 2.867 | 1.938,2 |
| Útsæðiskartöflur (tonn) | 68,3 | 71,9 | 109,6 | 158 | 181,9 | 100 | 162 | 97,905 |
| Gróðurmold*(tonn) | 930,3 | 930,3 | 1.289 | 1.342,3 | 994,2 | 728 | 731 | 1.736,8 |
| Jólatré**(stykki) | 17.970 | 18.525 | 18.803 | 26.558 | 18.474 | 31.972 | 3.370 | 22.443 |

* Almenn er innflutningur á mold bannaður en þó er heimilt að flytja inn mold sem að meginhluta samanstendur af mosa (*Sphagnum*) og hefur aldrei verið notuð til ræktunar og inniheldur hvorki óunninn trjábörk né húsdýraáburð.

** Nær allur innflutningur á jólatrjám er af tegundinni norðmannsþin (*Abies nordmanniana*) en einnig er lítilsháttar innflutningur á eðalpin (*Abies procera*) og rauðgreni (*Picea abies*). Innflutningur á greniættkvíslinni (*Picea*) er bannaður samkvæmt reglugerð nr. 189/1990, en árlega er veitt undanþága fyrir nokkrum rauðgrenitrjám sem gefin eru af vinabæjum til sveitarfélaga hér á landi.

Upplýsingar um innflutning tegunda og yrkja til landbúnaðar síðustu 5 ár má sjá í viðauka VII.5.

Allt fræ sem flutt er til landsins er skráð hjá Matvælastofnun sem gefur út innflutningsheimild fyrir sérhverri sendingu. Ef fræið er ætlað til sölu í landbúnaði þurfa að fylgja með upplýsingar um frægæði og er þá stuðst við alþjóðlegar reglur. Helstu upplýsingar um slík fræ eru í viðauka VII.6. Að auki er talsverður innflutningur af fræi í einstökum fræumslögum sem er ætlað til tilrauna eða einkanota og af fræi til sáninga í gróðurhúsum. Með slíku fræi er gæðavottorðs ekki krafist.


5. Útflutningur matvæla

Útgáfa heilbrigðisvottorða vegna útflutnings sjávar- og búfjárafurða er í höndum Matvælastofnunar en heilbrigðiskröfur eru ákvarðaðar af viðkomandi móttökulöndum. Ekki er krafist vottorða vegna útflutnings dýraafurða til landa innan EES þar sem framleiðslan hérlendis fer fram samkvæmt matvælalöggjöf Evrópusambandsins. Í þessum kafla er því eingöngu fjallað um útflutning dýraafurða, þ.e. kjöts, mjólkur- og sjávarafurða til þriðju ríkja.


5.1. Kjöt

Árið 2017 gaf Matvælastofnun út 235 vottorð vegna útflutnings á tæplega 2900 tonnum af kjöti og kjötafurðum til þriðju ríkja. Langmest var flutt út af lambakjöti eða um 2400 tonn.

Mynd IV.5.2: Útflutningur lambakjöts 2017, helstu útflutningslönd (tonn)




Mynd IV.5.1: Útflutningur kjöts til 3. ríkja, 2014-2017 (tonn)



5.2. Mjólkurafurðir

Vegna útflutnings mjólkurafurða til þriðju ríkja árið 2017 voru gefin út 88 vottorð fyrir um 510 tonnum. Helstu útflutningslönd voru Sýrland (300 tonn), Bandaríkin (95 tonn) og Færeyjar (116 tonn).

Mynd IV.5.3: Útflutningur mjólkurafurða til 3. ríkja 2014-2017 eftir magni og útflutningslöndum (tonn)



5.3. Sjávarafurðir

Matvælastofnun gefur út heilbrigðisvottorð með sjávarafurðum til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Vottorðin staðfesta að afurðirnar séu unnar, geymdar og fluttar við aðstæður sem uppfylla opinberar kröfur um vinnslu sjávarafurða. Á vottorðinu kemur m.a. fram samþykkisnúmer framleiðanda, en án þess er óheimilt að framleiða sjávarafurðir til útflutnings.

Á síðastliðnu ári voru gefin út riflega fjögurþúsund og tvö hundruð heilbrigðisvottorð með útfluttum sjávarafurðum (**Tafla IV.5.1**). Um fimmtungur vottorðanna voru almenn vottorð til ýmissa landa utan EES og svipað hlutfall var gefið út til landa í tollabandalagi Rússlands, Hvítarússlands og Kasakstan. Úkraína og Kína voru hvort um sig með um 17% af heildarfjölda vottorða. Átján aðrar vottorðagerðir voru gefnar út með sjávarafurðum til mismunandi landa utan EES. Heildarföldi vottorða vegna útflutnings á sjávarafurðum jókst um 10% frá fyrra ári og munar þar mestu um fjölgun á vottorðum til tollabandalags Rússlands, Hvítarússlands og Kasakstan.

Matvælastofnun gefur eingöngu út útflutningsvottorð með sjávarafurðum til landa utan EES, þar sem frítt flæði er á sjávarafurðum innan EES. Tölur um útflutning sjávarafurða er að finna hjá Hagstofu Íslands.

5.4. Gæludýrafóður

Á árinu gaf Matvælastofnun út 56 vottorð vegna útflutnings á gæludýrafóðri til þriðju ríkja, en flestar sendingar voru til Bandaríkjanna en töluvert var einnig flutt til Asíu.

Tafla IV.5.1: Vottorð vegna útflutnings sjávarafurða til ríkja utan EES árið 2017

| Ríki utan EES | Fjöldi vottorða |
|--------------------------------------|-----------------|
| Almennt | 837 |
| Rússland, Hvítarússland og Kasakstan | 817 |
| Úkraína | 730 |
| Kína | 723 |
| Forvottorð (pre-export) | 422 |
| Bandaríkin | 154 |
| Önnur lönd | 71 |
| Kanada | 66 |
| Tyrkland | 64 |
| Brasilía | 44 |
| Kórea | 43 |
| Víetnam | 40 |
| Moldavía | 26 |
| Almennt f. erlendana afla | 19 |
| Samtals | 4.207 |


6. Útflutningur dýra

Hross og gæludýr eru einu dýrategundirnar sem fluttar eru reglulega frá Íslandi til annarra landa og eru heilbrigðiskröfur ákvarðaðar af viðkomandi móttökulöndum. Heilbrigðisvottorð vegna útflutnings hrossa eru gefin út af dýralæknayfirvöldum, þ.e. Matvælastofnun. Vegna útflutnings hunda og katta til Evrópusambandslanda er krafist opinberrar áritunar en svo er ekki fyrir Bandaríkin.

6.1. Hross

Útflutningur hrossa á árinu var svipaður og árið 2016. Alls voru seld hross til 17 landa. Flutt voru út 1.485 hross árið 2017 samanborið við 1.474 hross árið áður. Hrossin fara oftast til Liege í Belgíu með flugi og þeim dreift þaðan til hinna ýmsu Evrópulanda. Árið 2017 fóru flest hross til Þýskalands eða 541, til Norðurlandanna 540 og til Sviss 127 hross. Heimild: Worldfengur, upprunaættbók Íslenska hestsins.

Mynd IV.6.1: Fjöldi útfluttra hrossa 1988-2017



Tafla IV.6.1: Útflutningur hrossa eftir löndum

| Útflutningsland | Fjöldi |
|------------------|--------------|
| Þýskaland | 541 |
| Svíþjóð | 261 |
| Danmörk | 182 |
| Sviss | 127 |
| Austurríki | 88 |
| Noregur | 86 |
| Holland | 67 |
| USA | 52 |
| Belgía | 20 |
| Færeyjar | 17 |
| Frakkland | 13 |
| Finnland | 11 |
| Stóra - Bretland | 9 |
| Lúxemborg | 5 |
| Ungverjaland | 2 |
| Ítalía | 2 |
| Slóvenía | 2 |
| Samtals | 1.485 |

6.2. Hundar og kettir

Árið 2017 voru árituð vottorð vegna útflutnings alls 169 hunda og 58 katta. Algengustu útflutningslönd voru Svíþjóð, Danmörk, Noregur, Bretland og Spánn.

6.3. Hrútasæði

Sauðfjársæðingarstöð Suðurlands hlaut árið 2017 samþykki bandarískra dýralæknayfirvalda til útflutnings á hrútasæði til Bandaríkjanna, eftir að hafa sýnt fram á að stöðin gæti uppfyllt þarlendrar kröfur. Ein sending af djúpfrystu hrútasæði var flutt til Bandaríkjanna á árinu.

6.4. Hrogn og seiði

Árið 2017 voru fluttir út 14.595 lítrar af laxahrognum (82,7 milljónir hrogn) til 14 landa sem er 58% aukning frá árinu á undan. Hrognin fóru til Noregs, Skotlands, Færeyja, Chíle, Bandaríkjanna, Kína, Danmörku, Póllands, Sviss, Kanada, Svíþjóðar, Tékklands, Írlands og Belgíu. Þá voru flutt út 2.885 laxaseiði (41 gr.) og 1.002.500 smáseiði (0,2 gr.) til Noregs til áframeldis og auk þess 3.800 laxaseiði (29 gr.) og 14.370 kviðpokaseiði til Noregs í erfðarannsóknir í tengslum við kynbætur á sviði sjúkdómaþols. Loks voru flutt út 3.102 laxaseiði (38 gr.) til áframeldis í Danmörku.

Umfangsmikið og farsælt samstarf hefur skapast um eldi og útflutning á lifandi hrognkelsaseiðum til Færeyja á vegum Stofnfisks og Hafró sem hófst í lok árs 2014. Útflutningur jókst um rúm 50% á milli ára og árið 2017 voru flutt út 2.109.000 seiði (20-40 gr.) með 80 gámaferðum og 23 flugsendingum. Seiðin eru sett út í sjókvíar og ætlað að éta laxalús af eldislaxi. Þessi náttúrulega aðferð er enn að sanna gildi sitt og hefur augljóslega virkað með ágætum í flestum tilfellum og haldið vel aftur af lúsasmiti. Fastir áskrifendur að hrognkelsaseiðum hafa ekki þurft að lyfjameðhöndla sjókvíaeldissvæði síðan þeir hófu að stunda þessa aðferð. Einnig fóru 4 milljónir hrognkelsalirfa (0,01 gr.) til Skotlands og 4 lítrar af hrognkelsahrognum (400.000 stk.) til Írlands í sama tilgangi. Þess má geta að ein helsta ástæða þess að Færeyingar, Skotar og Írar kaupa héðan efnivið í stað þess að klekja og ala upp sjálfir er sú mikla áhætta sem fylgir veiðum á villtum undaneldisfiski í tengslum við framandi sjúkdómsvalda (líkt og við þurftum að takast á við með VHS-veiruna haustið 2015). Í desember sl. komu einnig tveir fulltrúar yfirvalda í Nýfundnalandi hingað til lands í þeim eina tilgangi að kanna möguleikana á að fá héðan hrognkelsaseiði til að nýta sem „hreinisfisk“. Þá má geta þess að Hafró á Stað flutti út 80.000 sandhverfulirfur til áframeldis í Hollandi og 1.200 steinbítsseiði (8 gr.) til áframeldis í Svíþjóð á liðnu ári. Með hverri sendingu er krafist heilbrigðisvottorða í takt við skilyrði í hverju landi, samræmingar gætir þó að mestu leyti innan EES-svæðisins. Á liðnu ári voru gefin út alls 264 heilbrigðisvottorð vegna útflutnings á hrognum og lifandi fiskum og 213 heilbrigðisvottorð vegna flutninga á hrognum og seiðum innanlands.

6.5. Aukaafurðir dýra

6.5.1. Sauðskinn

Árið 2017 gaf Matvælastofnun út 25 vottorð vegna útflutnings á gærum til þriðju ríkja, en flestar sendingar voru til Indlands og Víetnam. Alls var um að ræða 1212 tonn af gærum.

6.5.2. Dúnn

Á árinu 2017 voru gefin út 86 vottorð vegna útflutnings á um 2,7 tonnum af æðardúni. Þar af var langmest flutt til Japan eða um 1,7 tonn.

6.5.3. Veiðiminjar

Árið 2017 voru gefin út 20 vottorð vegna útflutnings ýmissa veiðiminja á vegum einstaklinga.

6.6. Annar útflutningur sem heyrir undir dýrasjúkdómalöggjöf

6.6.1. Heyútflutningur

Töluvert er um útflutning af heyi til Færeyja. Heyútflytjendur skulu afla leyfis Matvælastofnunar áður en framleiðsla á heyi til útflutnings hefst. Útflutningsskilyrðin eru m.a. þau að dýrum skuli ekki beitt á túnin, girðingar skulu vera dýrheldar og hevinnslutæki sótthreinsuð fyrir notkun. Árið 2017 voru gefin út 117 útflutningsvottorð fyrir rúmlega 2.028 tonn af heyi til Færeyja.

7. Útflutningur plantna

7.1. Útflutningur plantna og plöntuafurða

Matvælastofnun er sá opinberi aðili hér á landi sem gefur út heilbrigðisvottorð vegna plöntuheilbrigðis í samræmi við alþjóðasamning um plöntuheilbrigði (IPPC). Árið 2017 voru gefin út 14 slík vottorð, flest með vörubrettum úr trjáviði sem fylgdi ýmsum varningi, einkum sjávarafurðum.

7.2. Fræútflutningur

Eini útflutningur héðan á fræi voru sendingar af byggfræi úr tilraunaræktun.

1. Um súnur og súnvalda

Súna er skilgreind sem allar tegundir sjúkdóma og/eða sýkinga sem beint eða óbeint geta smitast náttúrulega milli manna og dýra. Súnuvaldur veldur súnu og er hann skilgreindur sem allar tegundir veira, baktería, sveppa, snikla eða annarra líffræðilegra eininga sem líkur eru á að valdi súnu. Hér á landi er í gildi reglugerð nr. 1048/2011 um vöktun súna og súnvalda. Þessi reglugerð byggir á tilskipun Evrópusambandsins (Directive 2003/99) um sama efni. Tilgangur reglugerðarinnar er að sjá til þess að súnur og súnvaldar og tengt þol þeirra gegn sýklalyfjum sé vakt á réttan hátt og tilhlýðileg faraldsfræðileg rannsókn fari fram þegar matarbornir sjúkdómar koma upp. Rannsóknin er gerð í þeim tilgangi að safna upplýsingum sem eru nauðsynlegar til þess að finna uppruna súnvaldsins sem olli sýkingunni og meta leitni sýkinga yfir tíma. Einnig er í gildi reglugerð nr. 1011/2011 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum. Þessi reglugerð innleiðir reglugerð Evrópusambandsins nr. 2160/2003 um sama efni auk þess sem hún inniheldur nokkur séríslensk ákvæði.

Upplýsingum sem hér eru birtar hefur verið safnað á grundvelli ofangreindra reglugerða um súnur auk niðurstaðna rannsókna úr opinberu eftirliti.

2. Salmonella

Hér verður fjallað um salmonellu í fólki, matvælum, dýrum, fóðri og fiskimjöli. Upplýsingar um fjölda salmonellutilfella í fólki eru fengnar frá Embætti sóttvarnalæknis og frá sýklafræðideild Landspítalans. Tölur um salmonellu í dýrum eru unnar úr gögnum Matvælastofnunar vegna eftirlits með salmonellu. Tölur um salmonellu í fóðri og fiskimjöli eru annars vegar unnar úr gögnum sem fóður- og fiskimjölsverksmiðjur senda stofnuninni mánaðarlega vegna innra eftirlits þeirra og hins vegar úr gögnum Matvælastofnunar vegna opinbers eftirlits með framleiðslunni. Ræktun á salmonellu úr sýnum úr dýrum, dýraafurðum, fóðri og fiskimjöli fer fram á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, hjá Rannsóknþjónustunni Sýni ehf, hjá Matís ohf. og hjá Rannsóknþjónustunni ProMat Akureyri ehf. Ræktun á salmonellu úr sýnum úr fólki fer fram á sýklafræðideild Landspítalans. Sermisgreining á öllum jákvæðum salmonellusýnum fer fram á sýklafræðideild Landspítalans. Í örfáum tilfellum hefur sermisgreining farið fram í Bretlandi.

Eftirlit með salmonellu í alifuglum fer samkvæmt landsáætlun um varnir og viðbrögð á Íslandi. Eftirlit með salmonellu í svínum fer samkvæmt skoðunarhandbók um salmonellu í svínum. Landsáætlunina og skoðunarhandbókina er að finna á vef Matvælastofnunar, www.mast.is undir [Dýraheilbrigði - Eftirlit](#).


2.1. Salmonella í fólki

Uppruna salmonellusýkinga í fólki má oft rekja til dýra. Algengast er að dýr smitist af salmonellu sé hún til staðar í umhverfi þeirra, fóðri eða vatni sem þau drekka. Dýrin geta smitað hvert annað og smitalagið eykst. Smitist búf af salmonellu er hætt á að hún geti borist í fólk með afurðum þeirra. Af þessum sökum er mikilvægt að skoða hvort samhengi sé á milli salmonellu í fólki og dýrum. Sé það tilfellið ætti að koma í ljós samhengi á milli sermisgerða sem greinast í fólki og dýrum og að aukin tíðni í dýrum leiddi af sé auknar sýkingar í fólki á svipuðum tíma. En fyrst ber að líta á sýkingar í fólki þ.e. hvort þær séu af innlendum eða erlendum uppruna. Samkvæmt upplýsingum frá Embætti sóttvarnalæknis telst það smit af erlendum uppruna ef sjúklingur hefur dvalið erlendis innan viku frá upphafi einkenna. Stundum er ekki vitað um uppruna smits.

Á árinu greindust 64 salmonellutilfelli í fólki, 21 af innlendum uppruna, 35 af erlendum uppruna og 8 tilfelli þar sem ekki var vitað um uppruna. *Salmonella* Enteritidis og *Salmonella* Typhimurium voru algengastar.

- *Salmonella* Enteritidis greindist í 18 tilfellum, þrjú af innlendum uppruna, 14 af erlendum uppruna og eitt tilfelli af óþekktum uppruna.
- *Salmonella* Typhimurium greindist í 21 tilfelli, 10 af innlendum uppruna, 9 af erlendum uppruna og tvö tilfelli af óþekktum uppruna.
- Aðrar *Salmonella* spp. greindust í 25 tilfellum, 8 af innlendum uppruna, 12 af erlendum uppruna og fimm tilfelli af óþekktum uppruna.

Mynd V.2.1: Fjöldi salmonellutilfella í fólki eftir uppruna og árum



2.2. Salmonella í matvælum

Sýnatökuáætlun vegna innflutningseftirlits með dýraafurðum frá 3ju ríkjum, gerir ráð fyrir að taka sýni til mælinga á salmonellu í 20% sendinga af kjöti, gæludýrafóðri og mysudufti. Á undanförmum árum hafa komið fremur fáar sendingar af þessum afurðum og á síðasta ári voru tekin sýni úr fjórum sendingum af mysudufti og tveimur af kjöti og gæludýrafóðri, hvoru um sig. Sýnin reyndust öll neikvæð.

2.2.1. Salmonella í alifuglum við slátrun

Við slátrun kjúklinga eru reglulega tekin sýni úr hálsaskinni til rannsókna á salmonellu. Ef *Salmonella* greinist við slátrun er dreifing stöðvuð og ef afurðir hafa farið á markað eru þær innkallaðar. Heimilt er að hitameðhöndla slíkar afurðir til að tryggja matvælaöryggi. Ef heimild til hitameðhöndlunar er ekki nýtt skal farga afurðum. Á árinu greindist *Salmonella* í 1 af 936 slátruhópum, sem svarar til 0,1% tíðni og var um að ræða *Salmonella* Infantis.

Á árinu greindist enginn af 64 slátruhópum kalkúna jákvæður m.t.t. salmonellu.

Tafla V.2.1: Yfirlit yfir fjölda slátruhópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. salmonellu

| Ár | Fjöldi slátruhópa | Fjöldi jákvæðra slátruhópa | Hlutfall |
|------|-------------------|----------------------------|----------|
| 2005 | 635 | 0 | 0% |
| 2006 | 730 | 0 | 0% |
| 2007 | 777 | 0 | 0% |
| 2008 | 706 | 1 | 0,1% |
| 2009 | 702 | 1 | 0,1% |
| 2010 | 668 | 24 | 3,6% |
| 2011 | 695 | 8 | 1,2% |
| 2012 | 715 | 2 | 0,3% |
| 2013 | 715 | 2 | 0,3% |
| 2014 | 712 | 1 | 0,1% |
| 2015 | 749 | 7 | 0,9% |
| 2016 | 822 | 1 | 0,1% |
| 2017 | 936 | 1 | 0,1% |

2.2.2. Salmonella á svínaskrokkum við slátrun

Við slátrun svína eru reglulega tekin stroksýni af svínaskrokkunum til rannsókna á salmonellu. Notast er við svokölluð hraðpróf sem gefa jákvæða eða neikvæða svör. Niðurstaða úr hraðprófinu er endanleg niðurstaða, þó svo að það takist ekki að rækta salmonellu úr stroksýninu. Sýnin eru tekin frá öllum sláturhópum og fer fjöldi sýna eftir fjölda svína í hverjum hópi. Ef svínabú er í 2. eða 3. flokki samkvæmt salmonellustuðli (sjá nánar í kafla [V.2.3.2](#)) eru tekin stroksýni af öllum svínaskrokkum frá búinu áður en þeim er dreift. Jákvæðir skrokkar fara í hitameðhöndlun fyrir dreifingu til að tryggja matvælaöryggi.

Á árinu greindist salmonella í 9 af 1.975 sýni sem svarar til 0,5% tíðni. Á árinu fór tíðnin hæst í ágúst, þá 1,2 % en í fimm af 12 mánuðum ársins greindist Salmonella ekki í stroksýnum. Um er að ræða eftirfarandi sermisgerðir:

- *Salmonella* Infantis greindist í 2 sýnum
- *Salmonella* Typhimurium, monofasísk, greindist í 2 sýnum
- *Salmonella* Unnamed (I 4,5,12:d:-) greindist í 1 sýni
- *Salmonella* Unnamed (I 4,12:d:-) greindist í 1 sýni
- *Salmonella* ræktaðist ekki úr 3 af 9 jákvæðum stroksýnum

Tafla V.2.2: Yfirlit yfir hlutfall stroksýna sem greindust jákvæð fyrir salmonellu

| Ár | Fjöldi sýna | Fjöldi jákvæðra sýna | Hlutfall jákvæðra stroksýna |
|------|-------------|----------------------|-----------------------------|
| 2006 | 1.005 | 11 | 1,1% |
| 2007 | 1.937 | 10 | 0,5% |
| 2008 | 2.481 | 34 | 1,4% |
| 2009 | 3.495 | 392 | 11,2% |
| 2010 | 3.302 | 89 | 2,7% |
| 2011 | 2.522 | 32 | 1,3% |
| 2012 | 2.171 | 7 | 0,3% |
| 2013 | 2.878 | 26 | 0,9% |
| 2014 | 4.921 | 23 | 0,5% |
| 2015 | 2.541 | 17 | 0,7% |
| 2016 | 2.866 | 25 | 0,9% |
| 2017 | 1.975 | 9 | 0,5% |

2.2.3. Salmonella í mjólk

Á árinu var leitað að mótefnum gegn *Salmonella* Dublin í mjólkursýnum frá 70 kúabúum á landinu. Öll sýnin reyndust neikvæð.

2.3. Salmonella í dýrum

Fylgst er reglulega með salmonellu í eldi alifugla og svína. Ekki er fylgst reglulega með salmonellu við eldi annarra dýra. Sýni eru tekin úr nautgripum, sauðfé, hrossum eða öðrum dýrum ef upp kemur grunur um salmonellu eða vegna sérstakra eftirlitsverkefna. Eftirlitsverkefni eru framkvæmd til þess að fá nánari vitneskju um útbreiðslu á salmonellu í öðrum dýrategundum en alifuglum og svínum. Slíkt eftirlitsverkefni var ekki framkvæmd á árinu.

2.3.1. Alifuglar

Sýni eru reglulega tekin úr öllum eldshópum alifugla. Hópum sem greinast með salmonellu í eldi er fargað. Á árinu greindist salmonella í 3 af 749 eldshópum kjúklinga sem svarar til 0,4 % tíðni og var í öllum tilfellum um að ræða *Salmonella* Agona.

Líklega er ekki um nýsmít að ræða þar sem þessi sermisgerð hefur áður greinst á viðkomandi búum.

Á árinu greindist enginn af 28 eldshópum kalkúna jákvæður m.t.t. salmonellu.

Tafla V.2.3: Yfirlit yfir eldshópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. salmonellu

| Ár | Fjöldi eldshópa | Fjöldi jákvæðra eldshópa | Hlutfall |
|------|-----------------|--------------------------|----------|
| 2005 | 575 | 0 | 0% |
| 2006 | 616 | 0 | 0% |
| 2007 | 667 | 0 | 0% |
| 2008 | 609 | 6 | 1,0% |
| 2009 | 599 | 5 | 0,8% |
| 2010 | 616 | 32 | 5,2% |
| 2011 | 637 | 14 | 2,2% |
| 2012 | 638 | 10 | 1,6% |
| 2013 | 641 | 15 | 2,3% |
| 2014 | 658 | 17 | 2,6% |
| 2015 | 686 | 13 | 1,9% |
| 2016 | 713 | 3 | 0,4% |
| 2017 | 749 | 3 | 0,4% |

2.3.2. Svín

Eftirlit með salmonellu í svínum er með þrennum hætti:

1. Kjötsafasýni í sláturhúsum
2. Stroksýni af svínaskrokkum í sláturhúsum
3. Saurýnatöku á svínabúum

Mótefni salmonellu eru mæld í kjötsafasýnum og gefa vísbendingu um smítalagið á hverju svínabúi. Á grundvelli kjötsafaprófs er svínabúum raðað í þrjú flokka. Röðunin byggir á útreikningi og kallast „salmonellustuðull“, þess hæri sem stuðullinn er því fleiri sýni hafa verið jákvæð í kjötsafaprófi á ákveðnu tímabili. Svínabú í 1. flokki eru með engan eða lágan salmonellustuðul, en svínabú falla í 2. flokk og síðan í 3. flokk eftir því sem stuðullinn hækkar. Nánar um niðurstöður úr kjötsafasýnum er hægt að nálgast á heimasíðu Matvælastofnunar, www.mast.is undir [Matvælastofnun – Eftirlitsniðurstöður – Svín](#).

Stroksýnin eru tekin til að fylgjast með salmonellumengun svínaskrokka við slátrun (sjá nánar í kafla [V.2.2.2](#)).

Saurýni eru tekin annarsvegar til að skima eftir sermisgerðum sem hugsanlega hafa smitað búin og hinsvegar að kanna hvort ný sermisgerð hafi borist inn á þau. Að öllu jöfnu eru ekki tekin saursýni, en ef miklar breytingar eiga sér stað t.d. í mótefnaþælingu kjötsafasýna (titer) eða ef fjöldi búa falla á sama tíma í 2. og 3. flokk, gæti verið ástæða til frekari rannsókna á sermisgerðum sem eru til staðar á búunum. Engin saursýni voru tekin á svínabúum á árinu.

Árið 2017 voru þó tekin tvö ryksýni á tveimur svínabúum, sambærileg þeim sem tekin eru við eftirlit á alifuglabúum, til þrífunar. Annað þeirra reyndist jákvætt og greindist sermisgerðin *Salmonella* London í því sýni.

2.3.3. Önnur dýr

Salmonella greindist ekki í sauð- og geitfé eða gæludýrum á árinu.

Þrjú veik hross, sem voru haldin saman í hesthúshverfi á höfuðborgarsvæðinu, greindust með sýkingu af völdum monofasískar *Salmonella* Typhimurium. Á svipuðum tíma greindist monofasísk *Salmonella* Typhimurium í umhverfissýni í sláturhúsi. Seinna kom í ljós að eitt hross úr sama hópi og veiktist, hafði verið sent til slátrunar rétt áður en veikindin komu fram og er talið að það hafi borið með sér smit inn í sláturhúsið. **Sjá nánar í kafla xxx (Systa) og í kafla 8. Faraldsfræðilegar greiningar**

2.4. Salmonella í fódri og fiskimjöli

Fyrirtæki sem framleiða fódur fyrir búfé til matvælaframleiðslu, nema fiskeldi, og fiskimjölsverksmiðjur taka reglulega sýni í þeim tilgangi að fylgjast með salmonellu. Sýnin eru tekin úr fódurefnum til fódurgerðar og við framleiðslu fódurs, ýmist frá skilgreindum óhreinum eða hreinum svæðum og úr tilbúnu fódri. Sýnataka er framkvæmd samkvæmt innra eftirliti fyrirtækjanna. Fyrirtækin senda í hverjum mánuði yfirlit yfir sýnafjölda og niðurstöður rannsóknanna til Matvælastofnunar. Starfsmenn Matvælastofnunar taka árlega opinber sýni í fódurverksmiðjum en í fiskimjölsverksmiðjum þegar þörf er talin á.

Á árinu voru 24 opinber sýni tekin úr fyrrgreindum fódurverksmiðjum og reyndust þau öll neikvæð. Engin opinber sýni voru tekin úr fiskimjöli árið 2017. Sjá nánar í [Töflum V.2.4-6](#).

Tafla V.2.5: Sýni úr framleiðslu á fódri (hreint og óhreint svæði ásamt tilbúnu fódri) og fiskimjöli vegna innra eftirlits fyrirtækjanna og greiningu þeirra m.t.t. salmonellu

| | Fódur | | | Fiskimjöl | | |
|------|-------------|--------|----------|-------------|--------|----------|
| | Fjöldi sýna | Jákvæð | Hlutfall | Fjöldi sýna | Jákvæð | Hlutfall |
| 2011 | 246 | 0 | 0% | 609 | 2 | 0,3% |
| 2012 | 230 | 0 | 0,0% | 899 | 7 | 0,8% |
| 2013 | 570 | 18 | 3,2% | 814 | 0 | 0,0% |
| 2014 | 473 | 8 | 1,7% | 589 | 1 | 0,2% |
| 2015 | 237 | 1 | 0,4% | 933 | 1 | 0,1% |
| 2016 | 231 | 3 | 1,3% | 615 | 2 | 0,3% |
| 2017 | 190 | 1 | 0,5% | 810 | 2 | 0,2% |

Tafla V.2.6: Opinber sýni úr fódri og fiskimjöli og greining þeirra m.t.t. salmonellu

| | Fódur | | | Fiskimjöl | | |
|------|-------------|--------|----------|-------------|--------|----------|
| | Fjöldi sýna | Jákvæð | Hlutfall | Fjöldi sýna | Jákvæð | Hlutfall |
| 2012 | 0 | 0 | 0% | 3 | 0 | 0% |
| 2013 | 29 | 1 | 3,4% | 0 | 0 | |
| 2014 | 36 | 3 | 8,3% | 1 | 0 | 0% |
| 2015 | 35 | 2 | 5,7% | 0 | 0 | |
| 2016 | 42 | 1 | 2,4% | 0 | 0 | |
| 2017 | 29* | 0 | 0% | 0 | 0 | |

Á árinu fannst einnig *Salmonella* við innra eftirlit hjá einum gæludýrafóðurframleiðanda, samtals fimm jákvæð sýni sem voru tekin á tveimur tímabilum. Í öllum tilfellum var um *Salmonella* Montevideo að ræða. Fóðrið var ekki farið í dreifingu og var því fargað. Í framhaldi var gripið til aðgerða að hálfu fyrirtækisins til að koma í veg fyrir endurtekið smit.

Auk þess fundust, við innra eftirlit hjá fiskafóðurfyrirtæki, tvö jákvæð salmonellusýni og reyndist það einnig vera *Salmonella* Montevideo í báðum tilvikum. Matvælastofnun fór í kjölfarið í opinbera sýnatöku hjá fyrirtækinu og reyndist eitt sýni af fimm vera jákvætt og var það einnig *Salmonella* Montevideo. Gripið var til aðgerða að hálfu fyrirtækisins til að koma í veg fyrir endurtekið smit.

2.5. Sermisgerðir salmonellu í fólki, dýrum, fódri og fiskimjöli

Í eftirfarandi töflu eru taldir upp stofnar sem greindust í sýnum sem tekin voru á árinu.

Tafla V.2.4: Sýni úr fódurhræfnum vegna innra eftirlits fyrirtækjanna og greining þeirra m.t.t. salmonellu

| | Fódurhræfni | | |
|------|-------------|--------|----------|
| | Fjöldi sýna | Jákvæð | Hlutfall |
| 2011 | 113 | 6 | 5,3% |
| 2012 | 99 | 4 | 4,0% |
| 2013 | 84 | 3 | 3,6% |
| 2014 | 88 | 2 | 2,3% |
| 2015 | 108 | 6 | 5,6% |
| 2016 | 110 | 1 | 0,9% |
| 2017 | 124 | 3 | 2,4% |

Tafla V.2.7: Sermisgerðir salmonellu sem greindust í fólki, dýrum og fódri á árinu

| Sermisgerð | Alifuglar | Svín | Hross | Gæludýra- fóður | Fóður- framleiðsla | Fiskimjöl | Fóðurhræfni | Fiskafóður | Fólk* |
|---|-----------|------|-------|--------------------|-----------------------|-----------|-------------|------------|-------|
| <i>Salmonella</i> Agona | X | | | | | | | | X |
| <i>Salmonella</i> Braenderup | | | | | | | | | X |
| <i>Salmonella</i> Enteritidis | | | | | | | | | X |
| <i>Salmonella</i> Fillmore | | | | | X | | | | |
| <i>Salmonella</i> Infantis | X | X | | | | | X | | X |
| <i>Salmonella</i> London | | X | | | | | | | |
| <i>Salmonella</i> Mbandaka | | | | | | | | | X |
| <i>Salmonella</i> Montevideo | | | | X | | X | | X | |
| <i>Salmonella</i> Napoli | | | | | | | | | X |
| <i>Salmonella</i> Ndolo | | | | | | | X | | |
| <i>Salmonella</i> Newport | | | | | | | | | X |
| <i>Salmonella</i> Poona | | | | | | | X | | X |
| <i>Salmonella</i> Stanley | | | | | | | | | X |
| <i>S. Typhimurium</i> | | | | | | | | | X |
| <i>S. Typhimurium</i> , monofasísk | | X | X | | | | | | X |
| <i>Salmonella</i> Unnamed (I 4,5,12:d:-) | | X | | | | | | | |
| <i>Salmonella</i> Unnamed (I 4,12:d:-) | | X | | | | | | | |
| <i>Salmonella</i> spp. | | | | | | | | | X |

**Salmonella* af innlendum uppruna í fólki

3. Kampýlobakter


Hér verður fjallað um kampýlobakter í fólki, matvælum og alifuglum. Upplýsingar um fjölda tilfella í fólki eru fengnar frá Embætti sóttvarnalæknis og frá sýklafræðideild Landspítalans. Tölur um kampýlobakter í alifuglum eru unnar úr gögnum Matvælastofnunar vegna eftirlits. Ræktun á kampýlobakter úr sýnum úr dýrum og dýraafurðum fer fram á Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum og hjá Matís ohf. Ræktun á kampýlobakter úr sýnum úr fólki fer fram á sýklafræðideild Landspítalans.

Eftirlit með kampýlobakter í alifuglum fer samkvæmt áætlun Matvælastofnunar. Áætlunina er að finna á vef stofnunarinnar, www.mast.is, undir [Dýraheilbrigði - Eftirlit](#).

3.1 Kampýlobakter í fólki

Uppruni kampýlobaktærsýkinga í fólki er oftast rakinn til neyslu á kjúklingakjöti, neyslu ógerilsneyddrar mjólkur eða mengaðs drykkjarvatns.

Mynd V.3.1: Fjöldi kampýlóbertilfella í fólki eftir uppruna og árum



3.2. Kampýlóbakter í matvælum

Ekki var skimað fyrir kampýlóbakter í matvælum árið 2017.

3.3. Kampýlóbakter í alifuglum

Algengast er að alifuglar smitist af kampýlóbakter í umhverfi þeirra. Fuglarnir geta smitað hverja aðra og smítalagið eykst. Allir alifuglahópar eru vaktaðir með sýnatöku rétt fyrir slátrun til þess að hægt sé að grípa til áhættuminnkandi aðgerða ef kampýlóbakter finnst í hópi, en við slátrun getur kjötið mengast af smituðum kjúklingum. Kjöt frá smituðum hópum skal frysta í að minnsta kosti tvær vikur áður en kjötið fer í dreifingu. Með þessari aðgerð er hægt að minnka hættu á að neytendur smitist, því við frýstingu fækkar kampýlóbaktærsýklum í kjöti um allt að 90%. Ef kampýlóbakter greinist ekki í eldi alifuglanna en greinist síðar við slátrun þeirra er sá hluti afurðanna frystur sem ekki hefur verið sendur í verslanir.

3.3.1. Kampýlóbakter í kjúklingum við slátrun

Á árinu greindist kampýlóbakter í 13 af 517 slátruhópum sem svarar til 2,5% tíðni. Það er 0,1% hækkun frá árinu 2016.

Tafla V.3.1: Fjöldi slátruhópa kjúklinga og greining þeirra m.t.t. kampýlóbakter

| Ár | Fjöldi slátruhópa | Fjöldi jákvæðra slátruhópa | Hlutfall |
|-------|-------------------|----------------------------|----------|
| 2005 | 636 | 66 | 10,4% |
| 2006 | 730 | 90 | 12,3% |
| 2007 | 777 | 69 | 8,9% |
| 2008 | 706 | 82 | 11,6% |
| 2009 | 702 | 53 | 7,5% |
| 2010 | 668 | 88 | 13,2% |
| 2011 | 695 | 60 | 8,6% |
| 2012* | 354 | 13 | 3,7% |
| 2012* | 229 | 7 | 3,1% |
| 2013 | 429 | 8 | 1,9% |
| 2014 | 405 | 14 | 3,5% |
| 2015 | 367 | 8 | 2,2% |
| 2016 | 449 | 11 | 2,4% |
| 2017 | 517 | 13 | 2,5% |

*Um miðbik ársins 2012 breyttist áætlun um eftirlit með kampýlóbakter við slátrun þannig að ekki eru tekin sýni á vetrarmánuðum og ekki frá þeim hópum sem eru þegar jákvæðir í eldi. Því er erfitt að bera saman niðurstöður frá seinni hluta árs 2012 til dagsins í dag við niðurstöður fyrri ára. Niðurstöður frá árinu 2012 koma því tvisvar fyrir í töflunni, fyrri hluti árs samkvæmt fyrirkomulagi fyrri ára og seinni hluti árs samkvæmt breytttri eftirlitsáætlun.


3.3.2. Kampýlóbakter í eldi kjúklinga

Á árinu greindist kampýlóbakter í 23 af 745 eldishópum sem svarar til 3,1% tíðni. Mynd V.3.2 sýnir leitni í eldishópum kjúklinga sem greinast með kampýlóbakter eftir árum. Þessi góði árangur er fyrst og fremst rakinn til strangra smitvarna á kjúklingabúum.

Tafla V.3.2: Fjöldi eldishópa kjúklinga og greining þeirra m.t.t. kampýlóbakter

| Ár | Fjöldi eldishópa | Fjöldi jákvæðra eldishópa | Hlutfall |
|------|------------------|---------------------------|----------|
| 2005 | 575 | 26 | 4,5% |
| 2006 | 610 | 58 | 9,5% |
| 2007 | 671 | 42 | 6,3% |
| 2008 | 609 | 52 | 8,5% |
| 2009 | 625 | 26 | 4,2% |
| 2010 | 586 | 41 | 7,0% |
| 2011 | 628 | 33 | 5,1% |
| 2012 | 624 | 23 | 3,7% |
| 2013 | 637 | 9 | 1,4% |
| 2014 | 628 | 18 | 2,9% |
| 2015 | 664 | 10 | 1,5% |
| 2016 | 715 | 22 | 3,1% |
| 2017 | 745 | 23 | 3,1% |

Mynd V.3.2: Leitni í eldishópum kjúklinga sem greinast með kampýlóbakter eftir árum (% jákvæðir)



3.3.3. Kampýlóbakter í eldi kalkúna

Á árinu greindist kampýlóbakter í 2 af 29 eldishópum kalkúna sem svarar til 6,9% tíðni.


4. E. coli (VTEC/STEC)

4.1. E. coli í fólki

Flestir stofnar *E. coli* bakteríunnar eru meinlausir. Sumir stofnar, líkt og VTEC/STEC stofnar (einnig þekktir sem EHEC), geta þó valdið alvarlegum sjúkdómum í fólki, s.s. niðurgangi og í sumum tilvikum alvarlegum skemmdum í nýrum. Sá VTEC/STEC stofn sem veldur oftast sjúkdómi í fólki er *E. coli* O157. Þessi stofn er stundum nefndur „hamborgarabakterían“ því hann greindist fyrst í hamburgurum.

Hjá Embætti sóttvarnalæknis voru þrjú tilfelli af *E. coli* O157 skráð í fólki á árinu og voru þau öll talin af innlendum uppruna. Eins og sést á [Mynd V.4.1](#) greinast hér á landi reglulega mismörg tilfelli af VTEC/STEC af innlendum uppruna í fólki. Erfitt getur verið að skýra út uppruna sýkinga í fólki nema frekari rannsóknir komi til. Árið 2007 þegar átta tilfelli greindust í fólki barst grunur að þökkuðu jöklasalati frá Hollandi.

Mynd V.4.1: Fjöldi tilfella af *E. coli* O157 í fólki eftir uppruna og árum



4.2. E. coli í dýrum og matvælum

Engin opinber sýni voru tekin á árinu m.t.t. *E. coli*.

Tafla V.5.1: Fjöldi *Listeria monocytogenes* í fólki eftir árum
Öll tilfelli eru af innlendum uppruna.

5. Listería

5.1. Listería í fólki

Listeria monocytogenes er fyrst og fremst sú sermisgerð sem er sjúkdómsvaldandi í fólki. Á vef Landlæknis má finna upplýsingar um sýkingar af völdum *Listeria monocytogenes*. Þar kemur m.a. fram að það séu helst nýfædd börn og fóstur í móðurkviði sem eru í hættu þegar sýking á sér stað því hún getur leitt til fósturláts eða dauða. Eldra fólki virðist einnig hættara við að veikjast samanborið við fullfrískt ungt fólk sem veikist sjaldan.

5.2. Listería í matvælum

Engin opinber sýni voru tekin á árinu til greiningar á *Listeria monocytogenes*.

| Ár | Fjöldi tilfella |
|------|-----------------|
| 2007 | 4 |
| 2008 | 0 |
| 2009 | 0 |
| 2010 | 1 |
| 2011 | 1 |
| 2012 | 4* |
| 2013 | 1 |
| 2014 | 4 |
| 2015 | 0 |
| 2016 | 0 |
| 2017 | 7 |

*Þrjú tilfelli af óþekktum uppruna

6. Q-hitasótt (Hvisótt)

Á árinu var leitað að mótefnum gegn Q-hitasóttarbakteríunni, *Coxiella burnetii*, í mjólkursýnum frá 70 búum á landinu. Öll sýnin reyndust neikvæð.

7. Eftirlit með súnuvöldum við innflutning

Tíðni sýnatöku til rannsókna á súnuvöldum í dýraafurðum frá löndum utan EES er samkvæmt sýnatökuáætlun vegna innflutningseftirlits fyrir sendingar dýraafurða. Sýnatökuáætlunin byggist á eðli vara og áhættu sem þær geta haft í för með sér, þar sem tekið er tillit til allra viðeigandi eftirlitsþátta, eins og tíðni og fjölda sendinga og niðurstaðna fyrra eftirlits.

Áhersla er lögð á að fylgjast með listeríumengun í afurðum sem eru tilbúnar til neyslu, s.s. hrognum og öðrum fiskafurðum, en áhættan er metin hverju sinni. Tekin eru sýni til mælinga á *Salmonella spp.* og *E. coli* í kjötafurðum og gæludýrafóðri. Einnig er lögð áhersla að taka sýni til mælinga á *Salmonella spp.* í mysudufti og rækju sem eru tilbúnar til neyslu.

Á undanförunum árum hafa komið fremur fáar sendingar af þessum afurðum og á síðasta ári voru tekin sýni úr tveimur sendingum af mysudufti, einni af kjötafurðum og tveimur af gæludýrafóðri. Af sjávarafurðum voru tekin sýni úr einni sendingu af hrognum og tveimur af soðinni rækju. Sýnin reyndust öll neikvæð.

Nánar um eftirlit með innflutningi matvæla í kafla [IV.2](#).

8. Faraldsfræðilegar greiningar

Í ágúst veiktist óvenju margt fólk hér á landi, eða 8 einstaklingar, af salmonellusýkingu af völdum monofasískar *Salmonella* Typhimurium sem talin var af innlendum uppruna. Fyrr um sumarið höfðu þrjú hross veikt af sömu sermisgerð og að auki voru tvö sýni úr sláturhúsum jákvæð m.t.t. salmonellu þar sem í báðum tilvikum var einnig um monofasíska *Salmonella* Typhimurium að ræða. Annað þeirra sýna var umhverfissýni úr sláturhúsi, eftir hrossaslátrun, en hitt var stroksýni af svínaskrokk. Í lok árs sendi Matvælastofnun í samvinnu við Embætti sóttvarnalæknis fyrrgreinda stofna í raðgreiningu (Whole Genome Sequencing) til að meta hvort einhverjir þeirra væru skyldir og jafnvel af sama uppruna.

Í raðgreiningunni kom í ljós að flestir stofnar sem greindust hjá fólki voru af sama uppruna. Þessir stofnar voru þó ótengdir stofnunum sem greindust í hrossunum og í sláturhúsum. Hins vegar reyndist einn stofn, sem greindist í einum einstaklingi, vera af sama uppruna og þeir sem greindust í hrossunum og í umhverfissýninu úr sláturhúsinu. Við nánari skoðun kom í ljós að eitt hross, sem slátrað var þegar umhverfissýnið var tekið í sláturhúsinu, var í eigu sama aðila og átti hrossin sem veiktust. Hrossið mun hafa verið einkennalaust þegar það var sent til slátrunar. Ekki hefur enn tekist að finna tengslin á milli hrossanna og einstaklingsins sem veiktist af salmonellu af sama uppruna en rannsókn stendur enn yfir.

9. Sýklalyfjaónæmi

Mikilvægt er að safna upplýsingum um sýklalyfjaónæmi súnvalda. Súnuvaldar sem eru þolnir gegn mörgum sýklalyfjum geta reynt fólk hættulegir. Smiti fjölonæmir súnvaldar fólk getur það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér ef fá eða engin sýklalyf eru tiltæk til meðhöndlunar við þeim sýkingum.

Sýklalyfjaónæmisprófun á sýnum úr dýrum, dýraafurðum, fóðri og fiskimjöli fer fram á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Á árinu var sýklalyfjaónæmi prófað á jákvæðum salmonellusýnum í svínunum, alifuglum og hrossum. Einnig var skimað fyrir bendibakteríum og ESBL/AmpC myndandi *E. coli* hjá svínunum og ESBL/AmpC myndandi *E. coli* í svína- og nautakjöti á markaði. Endanlegra niðurstaðna er að vænta fljótlegra og mun Matvælastofnun þá gefa út skýrslu í kjölfarið fyrir árið 2017 um sýklalyfjaprófanir og niðurstöður þeirra. Skýrsluna verður að finna á vef stofnunarinnar, www.mast.is, undir [Eftirlitsniðurstöður – Lyfjapol](#).

1. Um búnaðarmál

Búnaðarstofa Matvælastofnunar fer með stjórnsluverkefni í tengslum við búvörusamninga og rammisamning ríkis og bænda í samræmi við búvöru- og búnaðarlög. Hún annast fag- og fjárhagslega framkvæmd verkefna á sviði landbúnaðar sem snúa að framkvæmd á stjórnvaldsákvörðunum um opinberar greiðslur til bænda, útreikningi, afgreiðslu og eftirliti með framkvæmd þeirra. Búnaðarstofa fer einnig með verkefni við öflun hagtalna og upplýsinga um fódurbirgðir á býlum. Þá safnar hún upplýsingum, birtir árlega skýrslu um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu, og gerir áætlanir um framleiðslu og sölu búvara. Þá heldur búnaðarstofa utan um hjarðbækur og hefur eftirlit með lögbundnu afurðaskýrsluhaldi framleiðenda í landbúnaði. Búnaðarstofa annast einnig úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samkvæmt reglugerð um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til vatnsveitna á lögbýlum og annast útreikning á bótum vegna riðuniðurskurðar samkvæmt reglugerð um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna riðuniðurskurðar.

Tölvukerfið AFURÐ er greiðslukerfi landbúnaðarins og heldur utan um allar stuðningsgreiðslur í landbúnaði sem Matvælastofnun annast. Mjög mikil áhersla var lögð á að nýta kosti upplýsingatækninnar í tengslum við innleiðingu og framkvæmd búvörusamninga.

Tölvukerfin Bústofn og MARK (www.bufe.is) eru einnig á ábyrgð búnaðarstofu þar sem þau þjóna hlutverki á starfssviði hennar.

Matvælastofnun hefur haft aðgang að Bændatorginu (www.torg.bondi.is) og þróað það í samvinnu við Bændasamtök Íslands fyrir rafrænar umsóknir, birtingu á rafrænum skjölum og greiðsluseðlum.

Nýir búvörusamningar milli ríkis og bænda tóku gildi þann 1. janúar 2017. Matvælastofnun annast að mestu framkvæmd á búvörusamningum hvað snertir stuðningsgreiðslur í landbúnaði. Framkvæmdastjóri búnaðarstofu sat í reglugerðarhópi atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytisins sem sá um nýsmíði á reglugerðum í tengslum við samningana, og vann hópurinn síðan við endurskoðun þeirra undir lok árs 2017. Þær reglugerðir sem gefnar voru út að nýju og fjalla um framkvæmd búvörusamninga, sem búnaðarstofa Matvælastofnunar annast að mestu leyti eru eru taldar upp hér á eftir.

Reglugerð nr. 1180/2017 um almennan stuðning við landbúnað fjallar um framkvæmd á rammisamningi ríkis og bænda, þar sem m.a. eru ákvæði um jarðræktarstuðning, nýliðunarstuðning í landbúnaði, stuðning við geitfjárrækt, svínarækt og aðlögun að lífrænum landbúnaði.

Reglugerð nr. 1181/2017 um stuðning við nautgriparækt. Fjallar m.a. um beingreiðslur og greiðslumark í mjólk, kröfur um lögbundið afurðaskýrsluhald, stuðning við nautakjötsframleiðslu, innlausnarskyldu ríkisins á greiðslumarki og fjárfestingastuðning.

Reglugerð nr. 1182/2017 um stuðning við garðyrkju. Fjallar m.a. um beingreiðslur í garðyrkju og niðurgreiðslu á raforku, en þá niðurgreiðslu annast Orkustofnun.

Reglugerð nr. 1183/2017 um stuðning við sauðfjárrækt. Fjallar m.a. um skilyrði fyrir stuðningsgreiðslum, kröfur um lögbundið afurðaskýrsluhald, fyrirkomulag stuðningsgreiðslna, greiðslumark, innlausnarskyldu ríkisins á greiðslumarki og fjárfestingastuðning.

Reglugerð nr. 1166/2017 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Fjallar m.a. um skyldur framleiðenda við framleiðslu, rafræna gæðahandbók og landnýtingu framleiðenda og landbótaáætlun.

Segja má að umfang með framkvæmd á búvörusamningum, og þar með verkefni Matvælastofnunar, hafi aukist umtalsvert með nýjum samningum. Það felst m.a. í eftirfarandi þáttum, sem frekar verður gert grein fyrir síðar í ársskýrslunni:

- Matvælastofnun reiknaði ársáætlun í febrúar um heildarframlög til allra framleiðenda í sauðfjárrækt. Það var í fyrsta skipti sem slíkt var gert samkvæmt nýjum búvörusamningum. Heildargreiðslur miðuðust við framleiðslu fyrra árs, fjölda vetrarfóðraðra kinda, skráð greiðslumark í upphafi árs og fjárlög hvers árs. Á árinu 2017 var um að ræða fjóra styrkjaflokka; beingreiðslur, gæðastýringargreiðslur, beingreiðslur í ull og nýjan styrkjaflokk, svæðisbundinn stuðning. Heildargreiðslur til nýliða voru áætlaðar út frá greiðslumarki í ærgildum og fjölda vetrarfóðraðra kinda á haustskýrslu.

- Matvælastofnun annaðist úthlutun á fjárfestingarstuðningi í nautgriparækt í fyrsta skipti, en stuðningurinn var hluti af nýjum búvörusamningi. 178 umsóknir bárust, en endanlegur fjöldi gildra umsókna í lok ársins var 98.
- Matvælastofnun annaðist úthlutun á sláturálagi á nautakjöt sem var nýr styrkjaflokkur í nýjum búvörusamningum.
- Í nýjum búvörusamningum er stutt í fyrsta skipti við geitfjárrækt. Matvælastofnun annaðist úthlutun þeirra nýju styrkjaflokka sem bættust við; gripagreiðslur, sláturálag, álag á mjólkurframleiðslu og stuðningur við sæðingastarfsemi.
- Matvælastofnun annaðist umsýslu vegna fjárfestingastuðnings í svínarækt. Um var að ræða nýjan styrkjaflokk sem skiptist annars vegar í fjárfestingastuðning og hins vegar úreldingarbætur. Ekki kom þó til úthlutunar þar sem allir umsækjendur drógu umsóknir sínar til baka. Upphæð vegna fjárfestingastuðnings 2017 var flutt yfir á árið 2018 samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga.
- Matvælastofnun ráðstafar þeim fjármunum sem ætlaðir eru til að styðja við aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum. Stuðningur hækkaði verulega með nýjum samningi og fór í 35 milljónir kr. á ári og styrkjareglur breyttust verulega frá fyrri reglum.
- Matvælastofnun ráðstafaði fjármunum til nýliðunarstuðnings í landbúnaði. Markmið stuðningsins er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði. Um breytingu var að ræða frá fyrri samningum þar sem veittur var nýliðunarstuðningur í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt, en nýir samningar kveða á um nýliðunarstuðning í landbúnaði óháð búgrein. Bráðabirgðaákvæði var þó sett í reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt um framhaldsumsókn um framlög til frumbýlinga í sauðfjárrækt árið 2017, og sá Búnaðarstofa um úthlutun þessa í síðasta sinn skv. eldri búvörusamningum.
- Í nýjum búvörusamningum er lögð aukin áhersla á stuðning stjórnvalda við jarðrækt. Til viðbótar við umsýslu með jarðræktarstyrkjum bættist við nýr styrkjaflokkur, landgreiðslur, og möguleiki á að bæta tjón bænda á ræktunarlendi vegna ágangs álfta og gæsa.
- Matvælastofnun annast eftirlit með lögbundnu skýrsluhaldi í sauðfjár-, nautgripa-, geitfjár- og jarðrækt en fullnægjandi skil á lögbundnu skýrsluhaldi eru forsenda stuðningsgreiðslna. Kröfur um fullnægjandi skil eru tilgreindar í reglugerð. Vegna þessa var gengið frá samkomulagi milli Matvælastofnunar og Bændasamtaka Íslands með aðkomu atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytisins um skýrsluhaldsforrit, hjarðbækur, gagnasamskipti o.fl.

2. Sauðfjárrækt

2.1. Greiðslumark og beingreiðslur

Tafla VI.2.1: Greiðslumark og beingreiðslur í sauðfjárrækt 2016 og 2017

| | 2016 | 2017 | Breyting í % |
|--|---------------|---------------|--------------|
| Heildargreiðslumark, ærgildi | 368.456,90 | 366.979,70 | -0,40% |
| Heildarbeingreiðslur í krónum | 2.434.823.189 | 2.374.171.452 | -2,49% |
| Fjöldi bóa (búsnúmer) með virkt greiðslumark | 1.582 | 1.529 | -3,35% |
| Innleyst greiðslumark, ærgildi | | 1.477,20 | |

2.2. Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla

Reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu var endurskoðuð lítilliga og var endurútfærin sem reglugerð nr. 1166/2017. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar frá fyrri reglugerð, helstu breytingar snúa að samræmingu reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1183/2017. Í því felst meðal annars fyrirkomulag greiðslna, um að heimilt sé að fresta og/eða fella niður gæðastýringargreiðslur hjá þeim framleiðendum sem standast ekki skilyrði gæðastýringar og bregðast ekki við skráðu fráviki í eftirlitsskýrslum Matvælastofnunar innan tilskilins frests.

Á árinu 2017 voru 6 framleiðendur sem uppfylltu ekki skilyrði aðildar að gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu m.a. vegna merkinga, umhverfisþátta gæðastýringar, aðbúnaðar og meðferðar sauðfjár.

Samstarfsaðili stofnunarinnar við framkvæmd gæðastýringar í sauðfjárrækt er Landgræðsla ríkisins. Landgræðsla ríkisins sem sér um landnýtingarþátt gæðastýringar skv. samningi á milli Landgræðslunnar, Matvælastofnunar og

atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Í því felst m.a. mat og staðfesting á gæðum beitilands umsækjenda en beitiland skal vera nýtt á sjálfbæran hátt.

Tafla VI.2.2: Greiðslur vegna gæðastýrðrar sauðfjárræktar 2016 og 2017

| | 2016 | 2017 | Breyting í % |
|--|-------------------|-------------------|--------------|
| Heildarframleiðsla lambakjöts | 10.375.383 kg | 10.619.515 kg | +2,25 |
| Heildarframleiðsla innan gæðastýringar | 9.708.413 kg | 9.873.574 kg | +1,70 |
| Heildargreiðslur til bænda vegna framleiðslu | 1.341.348.134 kr. | 1.671.417.163 kr. | +24,6 |

2.3. Framlög til frumbýlinga í sauðfjárrækt

Framlögum til frumbýlinga var úthlutað á árinu 2017 í samræmi við bráðabirgðaákvæði í reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt.

Samþykktar umsóknir voru 47 talsins alls að upphæð 22.199.922 kr. og var þetta í síðasta skipti sem framlaginu var úthlutað þar sem ákvæðið er fallið úr gildi. Í nýjum búvörusamningum taka við framlög til nýliðunar í landbúnaði óháð búgrein.

2.4. Framlög til nýliðunar í landbúnaði

Nýliðunarstuðningur var veittur í fyrsta skipti á árinu 2017, sbr. reglugerð um almennan stuðning við landbúnað. Nýliðunarstuðningur er veittur til fjárfestinga í búrekstri. Markmið stuðningsins er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði. Heildarfjárhæð nýliðunarstuðnings skv. fjárlögum 2017 var 129.731.765. 40 umsóknir bárust og fengu 24 aðilar úthlutun skv. vinnureglum sem Matvælastofnun setti sér um forgangsroðun í samræmi við ákvæði reglugerðar. Fjórum umsóknum var hafnað. Styrkupphæð skiptist þannig eftir búgreinum:

Tafla VI.2.3: Framlög til nýliðunar í landbúnaði 2017

| Búgrein | Fjöldi | Upphæð (kr.) | Hlutfall |
|---------------------------|--------|--------------|----------|
| Blandaður búskapur | 7 | 44.943.804 | 34,64% |
| Sauðfjár- og geitfjárrækt | 11 | 53.618.400 | 41,33% |
| Nautgriparrækt | 3 | 16.487.200 | 12,71% |
| Garðyrkja | 3 | 14.682.361 | 11,32% |

2.5. Ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar

Í samræmi við reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt voru greiddar beingreiðslur í ull til bænda á árinu 2017 alls að upphæð kr. 378.332.530. Innlagt magn í ársuppgjöri 2017 var samtals 1.112.722 kg. Við ársuppgjör 2017 var greitt fyrir innlagða ull hjá samþykktum söfnunaraðila fyrir 14 mánuði, eða tímabilið 1. nóvember 2016 til 31. desember 2017 í samræmi við bráðabirgðaákvæði í reglugerð nr. 1183/2017 sem var gefin út fyrir áramót 2017. Endanleg einingaverð gæðaflokka í ársuppgjöri ársins voru því lægri en gert var ráð fyrir í ársætlun þar sem miðað var við ullarárið. Einingaverð voru sem hér segir : H lamb (507 kr), H1 (489 kr), H2 (326 kr), H2 lamb (lítið gölluð) (489 kr), M1 SGM (434 kr) og M2 (108 kr).

2.6. Svæðisbundinn stuðningur

Markmið svæðisbundins stuðnings sbr. reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt er að styðja þá framleiðendur sem eru á landsvæðum sem háðust eru sauðfjárrækt og framleiðendur hafa takmarkaða möguleika á annarri tekjuöflun. Matvælastofnun skal byggja á gögnum frá Bygðastofnun hvað varðar lista yfir þau sauðfjárbú sem standast skilyrði 21. gr. og 22. gr. reglugerðarinnar. Matvælastofnun er heimilt að víkja frá skilyrðum um fjarlægð frá þéttbýli ef ófærð sannanlega hamlar samgöngum, og samþykkti Matvælastofnun 20 slíkar undanþágur. Heildargreiðsla til bænda vegna svæðisbundins stuðnings 2017: 101.439.748 kr. Fjöldi framleiðenda sem hlaut greiðslur á árinu 2017 var 381, talið á búsnúmer, en fjöldi handhafa var 378. Árgreiðsla svæðisbundins stuðnings á bú nam 266.288 kr. og 332.860 kr. með álagi fyrir framleiðendur í Árneshreppi.

Afurðatjónsbætur skulu miðast við meðalafurðir sauðfjár á lögbýlinu síðustu þrjú ár fyrir niðurskurð samkvæmt skattframtölum og innleggsseðlum. Leggja skal til grundvallar framleitt dilkakjöt og kjöt af fullorönu fé, gætur og slátur af dilkum og fullorönu fé svo og ullarinnlegg og reikna meðalafurðir árána eftir vetrarfóðraða kind, að teknu tilliti til bústofnsbreytinga. Þannig skal við bústofnsaukningu miða við 16 kg fallþunga og gæðaflokk DR2, annan verðflokk og við bústofnsskerðingu skal miða við 24 kg fallþunga í FR III.

Heildarbætur á 4 bú vegna niðurskurðar árið 2016 voru 19.168.459 kr.

3. Nautgriparrækt

3.1. Greiðslumark, beingreiðslur og innlaun

Tafla VI.3.1: Greiðslumark, beingreiðslur og innlaun í nautgriparrækt 2016 og 2017

| | 2016 | 2017 | Breyting í % |
|--|---------------|---------------|--------------|
| Heildargreiðslumark, lítrar | 136.000.000 | 144.000.000 | 5,88% |
| Heildarbeingreiðslur til bænda í krónum | 5.522.003.628 | 4.611.765.101 | -16,48% |
| Fjöldi bóa með greiðslumark og framleiðslu, talið á búsnúmer | 620 | 589 | -5,00% |
| Innlaun fjöldi lítra (innlaunarvirði 138 kr. pr. líter) | | 2.370.531* | |

* Innleyst greiðslumark á árinu 2017 lítrar alls 2.370.531 kr. í 39 viðskiptum á 4 innlaunardögum. Innlaunarvirði alls 327.133.278 kr. Skipting milli innlaunardaga ársins var eftirfarandi: mars: 1.061.298 lítrar, maí: 322.973 lítrar, september: 497.974 lítrar og nóvember: 488.286

3.2. Gripagreiðslur

Um gripagreiðslur í nautgriparrækt var unnið í samræmi við lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, samning um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu og reglugerð um stuðning í nautgriparrækt.

Hlutdeild hvers framleiðanda í heildarframlagi til gripagreiðslna á hverju verðlagsári fer eftir fjölda árskúa samkvæmt afurðaskýrsluhaldi hans. Síðan skal fjöldi árskúa sóttur mánaðarlega úr afurðaskýrsluhaldi og breytingar á gripagreiðslum taka gildi tveimur mánuðum eftir það.

Framlag ríkisins vegna gripagreiðslna í nýjum búvörusamningi var hækkað umtalsvert frá fyrri búvörusamningi, eins og sést í töflu hér að neðan:

Tafla VI.2.2: Gripagreiðslur 2016 og 2017


| | 2016 | 2017 | Breyting milli ára |
|--------------------------------------|-------------|---------------|--------------------|
| Fjöldi bóa sem fengur gripagreiðslur | 748 | 708 | -5,35% |
| Heildarfjárhæð gripagreiðslna | 669.900.122 | 1.318.240.396 | 96,78% |

3.3. Fjárfestingastuðningur í nautgriparrækt


Um fjárfestingastuðning í nautgriparrækt er fjallað í reglugerð um stuðning í nautgriparrækt. Markmið stuðningsins er að hraða því að framleiðendur standist kröfur samkvæmt gildandi reglugerð um velferð nautgripa. Fjárfestingastuðningur er veittur vegna framkvæmda sem stuðla að hagkvæmari búskaparháttum, bættum aðbúnaði nautgripa og aukinni umhverfisvernd. Stuðningur er veittur vegna nýframkvæmda og/eða endurbóta á eldri byggingum. Fjárfestingastuðningur í nautgriparrækt kom fyrst til úthlutunar á árinu 2017 eftir innleiðingu nýrra búvörusamninga.

Í fjárlögum ársins 2017 voru framlög til fjárfestingastuðnings í nautgriparrækt ákveðin 194.968.606 kr. í samræmi við samning um starfsskilyrði í nautgriparrækt, en framkvæmdanefnd búvörusamninga samþykkti á fundi sínum 27. apríl 2017 að ráðstafa til viðbótar í fjárfestingastuðning 80.009.803 kr. af liðnum „framleiðslujafnvægi í nautgriparrækt“. Matvælastofnun úthlutaði heildarframlaginu, alls að upphæð 274.978.409 kr., til 98 umsækjenda og fengu þeir styrk sem nam 12% af útlögðum fjárfestingarkostnaði þeirra á árinu 2017. Einn umsækjandi fékk hámarksframlag skv. ákvæðum reglugerðarinnar um 10% þakið, sem var að þessu sinni 19.496.861 kr.

Mynd VI.3.1: Dreifing umsækjenda um fjárfestingastuðning í nautgriparækt 2017 eftir fengnum stuðningsupphæðum



Mynd VI.3.2: Dreifing fjárfestingastuðnings í nautgriparækt 2017 eftir búsetu stuðningshafa



3.4. Sláturálag á nautakjöt

Alls fengu 487 bændur sláturálag á nautakjöt á árinu 2017 að heildarupphæð 70.253.576 kr. Fjárhæð sem ráðstafað er til að greiða sláturálag á nautakjöt skiptist jafnt á þá skrokka sem fullnægja gæðakröfum og skal ráðstafa greiðslum til framleiðanda í fjórum jöfnum hlutum í maí, ágúst, nóvember ár hvert og febrúar árið á eftir og skipta þeir með sér greiðslum úr ¼ hluta heildarframlaga hvers árs. Miða skal við slátrun á tímabilinu 1. janúar til 31. desember ár hvert.

4. Garðyrkja

4.1. Beingreiðslur í garðyrkju

Í samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og í reglugerð um stuðning við garðyrkju er fjallað um beingreiðslur í garðyrkju. Beingreiðslur eru greiddar til framleiðenda á garðyrkjubýlum út á selt magn af eigin framleiðslu á tómötum, gúrkum og papriku sem flokkast í 1. flokk samkvæmt reglum Sambands garðyrkjubænda um gæðaflokkun. Fjárframlög til beingreiðslna í garðyrkju árið 2017 voru 276.432.246 kr og skiptust niður á 29 framleiðendur.

Tafla VI.4.1: Heildarframleiðsla handhafa beingreiðslna í garðyrkju síðustu þriggja ára

| Garðyrkjuafurð | Magn (kg) | | |
|----------------|--------------|--------------|--------------|
| | 2017 | 2016 | 2015 |
| Tómatar | 1.334.416,26 | 1.435.337,60 | 1.346.860,00 |
| Gúrkur | 1.857.112,52 | 1.866.606,90 | 1.902.306,50 |
| Paprikur | 191.131,59 | 191.035,10 | 214.435,00 |

5. Samningur um almenn starfsskilyrði í landbúnaði

5.1. Jarðræktarstyrkur og landgreiðslur

Í rammisamning um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins og í III. kafla reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað er fjallað um jarðræktarstyrki og landgreiðslur.

Jarðræktarstyrkir: Framlögum til jarðræktarstyrkja skal varið til jarðræktar, þ.e. nýræktar og endurræktunar á túnum, kornræktar og ræktunar annarra fódurjurta sem og útiræktunar á grænmeti og kartöflum á landi sem umsækjanda er heimilt að nýta. Uppskera er forsenda fyrir jarðræktarstyrk.

Landgreiðslur: Framlögum til landgreiðslna, sem var nú úthlutað í fyrsta skipti, skal ráðstafa á ræktað land sem uppskorið er til fóduröflunar og umsækjanda er heimilt að nýta. Framlög eru ekki greidd út á land sem eingöngu er nýtt til beitar. Samkvæmt fjárlögum ársins 2017 voru framlög til jarðræktarstyrkja 373.611.292 kr og til landgreiðslna 250.153.606 kr.

Tafla VI.5.1: Fjöldi umsækjenda og fjöldi hektara/spilda sem sótt var um jarðræktarstyrki og landgreiðslur fyrir árið 2017

| | Fjöldi umsækjenda | Fjöldi hektara* | Fjöldi spilda | Greitt einingaverð |
|-------------------|-------------------|-----------------|---------------|--------------------|
| Jarðræktarstyrkir | 1.059 | 10.857 | 4.707 | 35.597 kr/ha |
| Landgreiðslur | 1.515 | 77.099 | 34.839 | 3.249 kr/ha |

* Fjöldi hektara sem hvert bú sækir um í jarðræktarstyrk skerðist í samræmi við stærðarmörk nánar tilgreind í reglugerð við útreikning á styrkupphæð

Tafla VI.5.2: Fjöldi hektara í hverjum ræktunarflokki sem sótt var um jarðræktarstyrk fyrir árið 2017

| Garðrækt (ha) | Gras (ha) | Grænfóður (ha) | Korn (ha) | Oliujurtir (ha) | Alls (ha) |
|---------------|-----------|----------------|-----------|-----------------|-----------|
| 504 | 3.677 | 4.012 | 2.615 | 49 | 10.857 |

5.2. Stuðningur við geitfjárrækt

Í samræmi við reglugerð um almennan stuðning við landbúnað, skal Matvælastofnun annast úthlutun gripagreiðslna, sláturálags, álags á mjólkurframleiðslu og vegna sæðingastarfsemi. Markmið stuðningsins skv. rammisamkomulagi ríkis og bænda er að auka framboð geitfjárafurða og styðja við verndun og ræktun íslensku geitarinnar.

Tafla VI.5.3: Stuðningur við geitfjárrækt 2017

| Styrkur | Upphæð |
|-------------------------------|---------------|
| Sláturálag á geitakjöt | 2.525.967 kr. |
| Gripagreiðslur í geitfjárrækt | 8.915.172 kr. |
| Sæðistaka, geymsla og fl. | 2.047.164 kr. |
| Greiðsla á geitamjólk | 1.188.691 kr. |

5.3. Stuðningur við aðlögun að lífrænni ræktun

Í reglugerð um almennan stuðning við landbúnað er fjallað um stuðning við aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum. Framleiðendur sem byrjað hafa lífræna aðlögun í landbúnaði undir eftirliti faggildrar vottunarstofu og í samræmi við gildandi reglugerð um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara, með síðari breytingum, geta sótt um aðlögunarstuðning. Stuðningur við aðlögun að lífrænni framleiðslu kom fyrst til úthlutunar á árinu 2017 skv. ákvæðum nýrra búvörusamninga. Samkvæmt fjárlögum ársins 2017 voru framlög til stuðnings við aðlögun að lífrænni framleiðslu 35.013.409 kr. Aðeins bárust tvær umsóknir árið 2017 og var úthlutað alls 3.231.250 kr.

6. Hagtölur landbúnaðarins og annað efni

6.1. Hagtölur landbúnaðarins

Ár hvert birtir Matvælastofnun hagtölur í landbúnaði um búfjárfjölda og forða. Gagnasöfnun byggir á beinni gagnasöfnun sem búfjáreigendur/umráðamenn búfjár skrá í gagnagrunn Matvælastofnunar, Bústofn. Hlutfall skilaðra skýrsla allra umdæma var 85% á árinu. Best skil á haustskýrslum voru í Vestur- og Norðvesturumdæmi, eða næstum 100%, þá var skilahlutfall í Suður- og Norðausturumdæmi 88,5%, í Austurumdæmi 88,1% en aðeins 42,9% í Suðvesturumdæmi. Þar vantaði aðallega upp á skil frá eigendum hrossa í þéttbýli.

6.2. Fjöldi búfjár

Tafla VI.6.1: Fjöldi dýra í umdæmum og á landsvísi skv. haustskýrslum árið 2017*

| Umdæmi | Nautgripir | Sauðfé | Geitfé og lífkið | Hross | Svín** | Loðdýr | Alifuglar |
|----------------|---------------|----------------|------------------|---------------|--------------|---------------|----------------|
| Suðurumdæmi | 31.083 | 72.878 | 193 | 24.751 | 1.067 | 17.947 | 322.301 |
| Vesturumdæmi | 12.470 | 113.370 | 427 | 10.228 | 634 | 31 | 162.684 |
| Norðvesturumd. | 13.026 | 119.622 | 249 | 18.118 | 20 | 13.529 | 27.275 |
| Norðausturumd. | 18.132 | 76.364 | 161 | 5.809 | 483 | 42 | 45.413 |
| Austurumdæmi | 4.938 | 74.532 | 212 | 2.700 | 9 | 47 | 5.941 |
| Suðvesturumd. | 1.246 | 3.000 | 58 | 3.186 | 1363 | 2.849 | 346.749 |
| Samtals | 80.895 | 459.766 | 1.300 | 64.792 | 3.576 | 34.445 | 910.363 |

*Tölur um fjölda dýra byggja á opinberum tölum þann 22.5.2018

**Svín – samtals gyltur og geltir

6.3. Merkingar og rekjanleiki (hjarðbækur)

Matvælastofnun hefur eftirlit með merkingum búfjár og skráningum upplýsinga í hjarðbækur skv. reglugerð um merkingar búfjár. Í því felst m.a. merkingar og skráningar nautgripa, svína, grísa, sauðfjár, geita, alifugla og hrossa. Tilgangurinn er m.a. að tryggja rekjanleika búfjárafurða frá upprunahjörð og/eða fæðingu dýrs til sölu afurða. Í MARK skal skrá pöntun og sölu einstaklingsmerkja til umráðamanna búfjár, viðurkenndra merkingarmanna og upplýsingar um einstaklingsnúmer keypra merkja.

Í reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt og reglugerð um stuðning við nautgriparrækt er einnig fjallað um fullnægjandi skil á hjarðbókum, heilsukorti, og rétta framkvæmd á merkingum sauðfjár og er Matvælastofnun heimilt að fresta eða fella niður greiðslur vegna ófullnægjandi skila á hjarðbókum.

6.4. Lögbundið afurðaskýrsluhald

Matvælastofnun hefur eftirlit með að skilyrði um lögbundið skýrsluhald sé uppfyllt, en það er forsenda fyrir stuðningsgreiðslum í landbúnaði. Skilyrði fyrir greiðslum er að bændur séu þátttakendur í afurðaskýrsluhaldi í nautgriparrækt, sauðfjárrækt eða jarðrækt, eftir því sem við á, og standi skil á fullnægjandi afurðaskýrsluhaldi (lögbundið skýrsluhald) í þar til gerðu skýrsluhaldskerfi. Gögn sem verða til vegna skylduskráninga í skýrsluhaldskerfunum Fjávís, Heiðrónu og Huppu eru í umsjón og á ábyrgð Matvælastofnunar. Matvælastofnun hefur jafnframt eftirlit með hjarðbókarskráningu í hrossarækt, sem fer fram í upprunaættbók íslenska hestsins (WorldFengur).

Í geitfjárrækt voru 106 bú með virkan aðgang að Heiðrónu á árinu, þar af skiluðu 75 bú voruppgjöri og 72 haustuppgjöri. Þá var 1.317 ásett fé/fullorðið skráð lifandi í Heiðrónu þann 31.12.2017. Í nautgriparrækt voru 873 bú í Huppu sem höfðu skráð eða breytt gripum á árinu og voru skráðir 258.750 nautgripir í Huppu óháð aldri og stöðu (lifandi og dauðir).

Í sauðfjárrækt voru 2.037 bú með virkan aðgang að Fjávís á árinu og þar af skiluðu 1.833 bú voruppgjöri og 1.811 haustuppgjöri. Þá var 457.453 ásett fé/fullorðið skráð lifandi í fjávís þann 31.12.2017.

Tafla VI.6.2: Upplýsingar um skráningu hrossa í WorldFeng á árunum 2016 og 2017*

| Ár | Fædd föld | Þar af lifandi | Afsett á árinu | Fórst | Felld | Slátrað | Skráð dauð | Fjöldi hrossa sem skipta hafa um eigendur | Örmerkt |
|------|-----------|----------------|----------------|-------|-------|---------|------------|---|---------|
| 2016 | 5.348 | 5.106 | 4.880 | 381 | 717 | 3.524 | 247 | 6.113 | 7.790 |
| 2017 | 4.298 | 4.197 | 4.803 | 314 | 660 | 3.563 | 252 | 5.701 | 6.941 |

* Miðað við skráningu 18.5.2018

Tafla VI.6.3: Upplýsingar úr öðrum skýrsluhaldskerfum árið 2017

| | Heiðrún | Fjávís | Huppa |
|------------------------|---------|---------|------------|
| Virkt bú í grunni* | 106 | 2.037 | 873 |
| Vorbókum skilað | 75 | 1.833 | |
| Haustbókum skilað | 72 | 1.811 | 798** |
| Fjöldi lifandi dýra*** | 1.317 | 457.453 | 83.437**** |

*Bú þar sem gripir hafa verið nýskráðir eða þeim breytt í gagnagrunni á árinu 2017

** Fjöldi búa sem skiluðu lögbundnu skýrsluhaldi í nautgriparrækt

*** Miðað er við stöðuna 31.12.2017

**** Miðað við 20.3.2018

Tafla VI.6.4: Fjöldi nautgripa á lífi skv. skráningu í hjarðbók (HUPPU)*

| Umdæmi | Mjólkurkýr | Holdarkýr | Kelfdar kvígur | Geldneyti | Kvígukálfar | Nautkálfar | Samtals |
|------------------|---------------|--------------|----------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Austurumdæmi | 1.543 | 31 | 214 | 1.738 | 640 | 852 | 5.018 |
| Norðausturumdæmi | 6.458 | 181 | 956 | 5.839 | 2.763 | 2.591 | 18.788 |
| Norðvesturumdæmi | 4.353 | 545 | 458 | 4.363 | 1.961 | 1.955 | 13.635 |
| Suðurumdæmi | 10.591 | 990 | 1.308 | 10.815 | 4.532 | 3.856 | 32.092 |
| Suðvesturumdæmi | 318 | 186 | 55 | 389 | 190 | 93 | 1.231 |
| Vesturumdæmi | 4.290 | 257 | 419 | 4.088 | 1.794 | 1.820 | 12.668 |
| Samtals | 27.553 | 2.190 | 3.410 | 27.237 | 11.880 | 11.167 | 83.437 |

*Miðað við stöðu skráningar þann 20.3.2018 (Skýrsla unnin í MARK)

6.5. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til vatnsveitna á lögbýlum

Búnaðarstofa Matvælastofnunar annast umsýslu með framlögum til vatnsveitna á lögbýlum, en framlög koma úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Framlögin eru ekki hluti af búvörusamningum, en um er að ræða eitt af stjórnsýsluverkefnum sem fluttust frá Bændasamtökum Íslands í byrjun árs 2016. Framlög eru reiknuð út í samræmi við reglugerð um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til vatnsveitna á lögbýlum og getur styrkur verið mestur 44% af stofnkostnaði við vatnsveituframkvæmd. Alls voru veitt framlög til vatnsveitna að heildarupphæð 20.416.213 kr. til 32 lögbýla á árinu 2017 en samanlagður stofnkostnaður við gerð þeirra var 46.460.483 kr. Það þurfti því ekki að koma til skerðingar á framlögum að þessu sinni. Vegna óhagstæðs veðurfars í haust og mikillar vinnu við úttektir á jarðræktarstyrkjum og landgreiðslum lauk úttektum búnaðarsambanda ekki fyrr en í janúar 2018.

6.6. Bætur vegna riðuniðurskurðar

Heildarbætur voru greiddar á 5 bú vegna niðurskurðar árið 2017, alls að upphæð 26.902.647 kr. Matvælastofnun reiknar bætur í samræmi við reglugerð um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna riðuniðurskurðar. Bætur eru miðaðar við að fyrir hverja kind greiðist andvirði 16 kg dilks í gæðaflokki DR2, öðrum verðflokki, auk gæru og sláturs samkvæmt auglýstu viðmiðunarverði Landssamtaka sauðfjárbænda á hverjum tíma, að viðbættu 60% álagi, sem greiðist vegna

minni afurðasemi gemlinga á fyrsta ári eftir fjártöku. Sé allur fjárstofninn 3ja vetra eða yngri við niðurskurð, skal álagið vera 70% fyrir 3ja vetra kindur, 85% fyrir 2ja vetra og 100% fyrir veturgamlar. Afurðatjónsbætur skulu miðast við meðalafurðir sauðfjár á lögbýlinu síðustu þrjú ár fyrir niðurskurð samkvæmt skattframtölum og innleggsseðlum. Leggja skal til grundvallar framleitt dilkakjöt og kjöt af fullorðnu fé, gærur og slátur af dilkum og fullorðnu fé svo og ullarinnlegg og reikna meðalafurðir árána eftir vetrarfóðraða kind, að teknu tilliti til bústofnsbreytinga. Þannig skal við bústofnsaukningu miða við 16 kg fallþunga og gæðaflokk DR2, annan verðflokk og við bústofnsskerðingu skal miða við 24 kg fallþunga í FR III.

6.7. Framleiðsla, sala og birgðir landbúnaðarafurða

Tafla VI.6.5: Framleiðsla og sala búvara árið 2017 (kg)

| Afurð | Framleiðsla | % breyting frá fyrra ári | % hlutdeild | Sala | % breyting frá fyrra ári | % hlutdeild |
|----------------|-------------------|--------------------------|-------------|-------------------|--------------------------|---------------|
| Alifuglakjöt | 9.696.714 | 7,6% | 30,1% | 9.529.951 | 6,9% | 34,0% |
| Hrossakjöt | 1.061.142 | 8,0% | 3,3% | 640.933 | 26,9% | 2,3% |
| Nautgripakjöt | 4.613.650 | 5,2% | 14,3% | 4.610.743 | 5,3% | 16,5% |
| Sauðfé* | 10.619.515 | 2,4% | 32,9% | 6.975.821 | 3,5% | 24,9% |
| Svínakjöt | 6.265.496 | 2,9% | 19,4% | 6.269.441 | 2,2% | 22,4% |
| Samtals | 32.256.517 | 4,6% | 100% | 28.026.889 | 5,1% | 100,0% |

* Sala á sauðfé p.r. mánuð er sala frá afurðastöðum til kjötvinnsla og verslana.

Tafla VI.6.6: Framleiðslutölur á kjöti eftir sláturhúsum og tegundum 2017

| Sláturleyfishafi | Sauðfé | | | Nautgripir | | | Hross | | | Svín | | | Alifuglar | | |
|--------------------------|----------------|-------------------|------------|---------------|------------------|------------|--------------|------------------|------------|---------------|------------------|------------|------------------|------------------|------------|
| | stk. | kg. | %* | stk. | kg. | %* | stk. | kg. | %* | stk. | kg. | %* | stk. | kg. | %* |
| Sláturfélag Suðurlands | 114.954 | 1.996.606 | 18,8 | 6.815 | 1.320.192 | 28,6 | 3.725 | 491.792 | 46,3 | 4.385 | 351.452 | 5,6 | | | |
| Sláturhús KVH | 109.835 | 1.935.580 | 18,2 | 237 | 53.538 | 1,2 | 220 | 19.194 | 1,8 | | | | | | |
| SAH Afurðir ehf | 104.510 | 1.808.509 | 17,0 | 1.646 | 341.357 | 7,4 | 2.802 | 278.090 | 26,2 | | | | | | |
| Kaupfélag Skagfirðinga | 106.495 | 1.817.149 | 17,1 | 1.823 | 384.350 | 8,3 | 865 | 121.965 | 11,5 | | | | | | |
| Norðlenska/Norðl. Höfn | 115.586 | 1.991.107 | 18,7 | 4.619 | 982.121 | 21,3 | 115 | 16.917 | 1,6 | 10.056 | 820.809 | 13,1 | | | |
| B. Jensen | | | | 2.140 | 469.727 | 10,2 | 258 | 38.188 | 3,6 | 7.718 | 668.074 | 10,7 | | | |
| Sláturhúsið Hellu | | | | 5.218 | 981.484 | 21,3 | 915 | 94.996 | 9,0 | | | | | | |
| Sláturfélag Vopnfirðinga | 33.869 | 568.839 | 5,4 | 363 | 80.881 | 1,8 | | | | | | | | | |
| Fjallalamb | 29.855 | 489.465 | 4,6 | | | | | | | | | | | | |
| Sláturhús Seglbúðum | 658 | 12.260 | 0,1 | | | | | | | | | | | | |
| Stjórnugris | | | | | | | | | | 53.745 | 4.425.161 | 70,6 | | | |
| Ísfugl | | | | | | | | | | | | | 838.300 | 1.475.315 | 15,2 |
| Matfugl | | | | | | | | | | | | | 2.484.892 | 4.131.260 | 42,6 |
| Reykjagarður | | | | | | | | | | | | | 2.535.818 | 4.090.139 | 42,2 |
| Samtals | 615.762 | 10.619.515 | 100 | 22.861 | 4.613.650 | 100 | 8.900 | 1.061.142 | 100 | 75.904 | 6.265.496 | 100 | 5.859.010 | 9.696.714 | 100 |

* % hlutdeild af framleiðslu í kg

Tafla VI.6.7: Sauðfjárslátrun eftir sláturleyfishöfum 2017 (sýnir fjölda og magn)

| Sláturleyfishafi | Sauðfé, dilkar | | Sauðfé, fullorðið | | Samtals | |
|--------------------------------|----------------|------------------|-------------------|------------------|----------------|-------------------|
| | stk. | kg. | stk. | kg. | stk. | kg. |
| Sláturfélag Suðurlands | 103.119 | 1.702.298 | 11.835 | 294.308 | 114.954 | 1.996.606 |
| Sláturhús KVH ehf | 99.445 | 1.664.849 | 10.390 | 270.731 | 109.835 | 1.935.580 |
| SAH Afurðir ehf | 96.081 | 1.589.267 | 8.429 | 219.242 | 104.510 | 1.808.509 |
| Kaupfélag Skagfirðinga | 97.778 | 1.596.336 | 8.717 | 220.813 | 106.495 | 1.817.149 |
| Norðlenska ehf/Norðlenska Höfn | 105.356 | 1.722.525 | 10.230 | 268.582 | 115.586 | 1.991.107 |
| Sláturfélag Vopnfirðinga | 30.544 | 485.960 | 3.325 | 82.879 | 33.869 | 568.839 |
| Fjallalamb | 27.729 | 436.133 | 2.126 | 53.332 | 29.855 | 489.465 |
| Seglbúðir | 511 | 8.582 | 147 | 3.678 | 658 | 12.260 |
| Samtals | 560.563 | 9.205.950 | 55.199 | 1.413.565 | 615.762 | 10.619.515 |

Tafla VI.6.8: Innvegin mjólk í mjólkurstöðvar árið 2017

| Mjólkurstöð | Lítrar |
|-----------------------------------|--------------------|
| MS Egilsstaðir | 9.138.030 |
| MS Akureyri | 45.763.875 |
| MS Búðardalur | 5.720.089 |
| MS Selfoss | 74.898.892 |
| KS Sauðárkrúkur | 15.595.979 |
| Samtals | 151.116.865 |
| Heimavinnsla | 87.836 |
| Samtals mjólkurframleiðsla | 151.204.701 |

1. Starfsmannalisti *

Jón Gíslason, forstjóri

1.1. Dýraheilsa

Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir
 Auður Lilja Arnþórsdóttir, sérgreinadýralæknir
 Ágústa Ragna Jónsdóttir, aðstoðarmaður yfirdýralæknis
 Brigitte Brugger, sérgreinadýralæknir
 Einar Kári Magnússon, fagsviðsstjóri
 Eiríkur Þórkelsson, sérfræðingur
 Gísli Jónsson, sérgreinadýralæknir
 Guðrún Lind Rúnarsdóttir, fagsviðsstjóri
 Sif Sigurðardóttir, sérgreinadýralæknir
 Sigríður Björnsdóttir, sérgreinadýralæknir
 Sigríður Gísladóttir, sérgreinadýralæknir
 Sigrún Bjarnadóttir, sérgreinadýralæknir
 Valgeir Bjarnason, fagsviðsstjóri
 Vigdís Tryggvadóttir, sérgreinadýralæknir
 Þóra Jóhanna Jónasdóttir, sérgreinadýralæknir

1.2. Neytendavernd

Dóra Sigrún Gunnarsdóttir, forstöðumaður
 Ásgeir Ragnarsson, sérfræðingur
 Baldur Marteinn Einarsson, sérfræðingur
 Erna Karen Óskarsdóttir, fagsviðsstjóri
 Freydís Dana Sigurðardóttir, eftirlitsdýralæknir
 Guðmundur Valur Stefánsson, fagsviðsstjóri
 Grímur Eggert Ólafsson, fagsviðsstjóri
 Halldór Pétur Þorsteinsson, fagsviðsstjóri
 Helga Vilborg Sigjónsdóttir, sérfræðingur
 Héðinn Friðjónsson, sérfræðingur
 Ingibjörg Jónsdóttir, fagsviðsstjóri
 Ísleifur Arnarson, sérfræðingur
 Katrín Guðjónsdóttir, fagsviðsstjóri
 Rikard Thorstensen, sérfræðingur
 Sigrún Ólafsdóttir, sérfræðingur
 Soffía Karen Magnúsdóttir, fagsviðsstjóri
 Steinn Oddgeir Sigurjónsson, sérfræðingur
 Svava Liv Edgarsdóttir, fagsviðsstjóri
 Zulema Clara Sulca Porta, fagsviðsstjóri

1.3. Rekstur

Bjarki Rafn Kristjánsson, forstöðumaður
 Ásta Hjördís Valdimarsdóttir, skrifstofumaður
 Eva Gunnarsdóttir, skrifstofumaður
 Hjalti Andrason, fræðslustjóri
 Hulda Mjöll Þorleifsdóttir, skrifstofumaður
 Inger Schiöth, skrifstofumaður
 Kristín Hreinsdóttir, mannauðsstjóri
 María Ragna Lúðvígsdóttir, fagsviðsstjóri

1.4. Samhæfing

Viktor Stefán Pálsson, forstöðumaður
 Ástfríður M Sigurðardóttir, fagsviðsstjóri
 Einar Örn Thorlacius, fagsviðsstjóri
 Esther Hermannsdóttir, lögfræðingur
 Garðar Jónsson, gæðastjóri
 Jón Ágúst Gunnlaugsson, fagsviðsstjóri
 Jónína Þrúður Stefánsdóttir, fagsviðsstjóri

1.5. Markaðsstofa

Þorvaldur H Þórðarson, framkvæmdastjóri
 Brynjar Rafn Ómarsson, fagsviðsstjóri
 Haukur Bragason, sérfræðingur
 Helga Vala Þórisdóttir Jensen, skrifstofumaður
 Herdís Guðjónsdóttir, sérfræðingur
 Hrund Hólm, sérgreinadýralæknir
 Kristín Silja Guðlaugsdóttir, eftirlitsdýralæknir
 Margrét Bragadóttir, fagsviðsstjóri
 Pia Gunni Vestergaard, eftirlitsdýralæknir
 Sigmar Julian Halldórsson, sérfræðingur
 Sigurður Örn Hansson, fagsviðsstjóri

1.6. Búnaðarstofa

Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri
 Bjarki Pjetursson, sérfræðingur
 Guðrún Sigríður Sigurjónsdóttir, skrifstofumaður
 Heiðrún Sigurðardóttir, sérfræðingur
 Ómar Sigurvin Jónsson, fagsviðsstjóri

1.7. Suðvesturumdæmi

Konráð Konráðsson, héraðsdýralæknir
 Aðalsteinn Sveinsson, eftirlitsdýralæknir
 Carlos Jose Saavedra Mendoza, eftirlitsdýralæknir
 Elín Bergsdóttir, sérfræðingur
 Fidel Canosa Rodriguez, eftirlitsdýralæknir
 Michal Seman, eftirlitsdýralæknir

1.8. Vesturumdæmi

Elísabet Hrönn Fjóludóttir, héraðsdýralæknir
 Guðlaugur V Antonsson, sérfræðingur
 Kristín Þórhallsdóttir, eftirlitsdýralæknir

1.9. Norðvesturumdæmi

Jón Kolbeinn Jónsson, héraðsdýralæknir
 Einar Otti Guðmundsson, eftirlitsdýralæknir
 Klara Wika, eftirlitsdýralæknir
 Robert Wika, eftirlitsdýralæknir
 Þórður Pálsson, sérfræðingur

1.10. Norðausturumdæmi

Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir
 Eva Maria Cardenes Armas, eftirlitsdýralæknir
 Heiðís Björk Gunnarsdóttir, sérfræðingur
 Miroslav Urban, eftirlitsdýralæknir
 Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, eftirlitsdýralæknir

1.11. Austurumdæmi

Ni Nyoman Wija Ariyani, héraðsdýralæknir
 Þorsteinn Bergsson, sérfræðingur

1.12. Suðurumdæmi

Gunnar Þórir Þorkelsson, héraðsdýralæknir
 Kristína Valcovicova, eftirlitsdýralæknir
 Michaela Pavlacka, eftirlitsdýralæknir
 Óðinn Örn Jóhannsson, sérfræðingur
 Svetlana Ponkratova, eftirlitsdýralæknir

* Starfsmenn í lok árs 2017

2. Lagabreytingar

2.1. Lög

Engar lagabreytingar áttu sér stað á árinu

2.2. Stjórnsýslufyrirmæli vegna matvælaöryggis og neytendamála

2.2.1. Hollustuhátta- og eftirlitsgerðir

Nr. 166/2017
 Reglugerð um (16.) breytingu á reglugerð nr. 104/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.
 Nr. 167/2017
 Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 423/2015 um gildistöku reglugerðar EB nr. 579/2014 um undanþágu frá tilteknum ákvæðum II. viðauka við reglugerð EB nr. 852/2004 að því er varðar flutning á fljótandi olíum og fitu á sjó.
 Nr. 182/2017
 Reglugerð um gildistöku reglugerðar ESB nr. 210/2013 um samþykki fyrir starfsstöðvum, sem framleiða spírur, samkvæmt reglugerð EB nr. 852/2004.
 Nr. 472/2017
 Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 392/1995 um mjólkurprótein til notkunar í matvæli.
 Nr. 479/2017
 Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 288/2003 um hunang.
 Nr. 744/2017
 Reglugerð um (17.) breytingu á reglugerð nr. 104/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.
 Nr. 751/2017
 Reglugerð um (9.) breytingu á reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt.
 Nr. 752/2017
